


**skoðun 16**




3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Ferðir

## Saltfiskur á spænska vísu

*Rétturinn er ljúffengur, einfaldur og fljótlegur í framkvæmd – ef fyrirmælum er fylgt í hvívetna.*

**allt 1**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**28. október 2011**
252. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Opna tískuskóla

*Arnar Gauti Sverrisson og Jóhanna Pálsdóttir opna tískuskóla í lok nóvember.*

**fólk 28**

## Gott hjálparmeðal

*Bræðurnir Tolli og Bergþór Morthens gefa út bók um búddisma.*

**tímamót 20**



## Fyrsta tap Stjörnunnar

*Íslandsmeistarar KR urðu fyrstir til þess að vinna Stjörnuna í gær.*

**sport 30**

### veðrið í dag




**ÚRKOMULÍTIÐ** Strekkingur og úrkoma á Vestfjörðum í dag, annars hægur vindur og þurrt að mestu en hvessir með vætu syðra í kvöld. Hiti 2-8 stig.

**VEÐUR 4**

# Boða 320 milljarða sveiflu

**Boðaðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða hafa gríðarleg áhrif á sjóðstreymi sjávarútvegsfyrirtækja, að mati Deloitte. Afskrifa þarf keyptar aflaheimildir strax, sem drepur fyrirtækin og er ógn við bankana.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Það er mat endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða muni gerbylta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Ný úttekt fyrirtækisins, sem unnin var fyrir LÍÚ, sýnir að neikvæð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækjanna yrðu um 320 milljarðar króna á fimmtán árum.

Jafnframt yrði að afskrifa og gjaldfæra allar keyptar aflaheimildir fyrir 212 milljarða. Afskriftir af þessari stærðargráðu myndu hafa slík áhrif á eigið fé fyrirtækja að gjaldþrot blasti við mörgum þeirra. Höggið yrði þungt fyrir helstu lánastofnanir sjávarútvegsins, sérstaklega Landsbankann vegna samsetningar lánasafns bankans.

Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte, segir fernt myndu hafa neikvæð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækjanna, en hugtakið stendur fyrir breytingar á handbæru fé eða sjóðseign félags á ákveðnu rekstrartímabili. „Viðsnúningurinn yrði sá að öfugt við jákvætt sjóðstreymi um 150 milljarða yrði það neikvætt um 170 milljarða króna. Það sem hefur áhrif er bann við framsali aflaheimilda, hækkun veiðigjalds og pottarnir.“

Deloitte, líkt og Landsbankinn, gefur sér einnig þær forsendur, að fyrirtækin þurfi að borga niður allar skuldir sínar á fimmtán árum, sem gangi gegn eðlilegum rekstri. „Menn fjárfesta og taka ný lán í eðlilegu kerfi,“ segir Þorvarður og bætir við að ekkert svigrúm verði til eðlilegrar uppbyggingar verði af boðuðum breytingum.

> **212 milljarðar**
> Keyptar aflaheimildir sem þarf að afskrifa strax.
> ÚTTEKT DELOITTE FYRIR LÍÚ

Samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reglum um reikningsskil þyrfti að afskrifa og gjaldfæra allar keyptar aflaheimildir strax. „Það er okkar niðurstaða að þessi eign yrði ekki lengur til staðar og hefði samsvarandi neikvæð áhrif á eigið fé fyrirtækjanna.“ Nefndar aflaheimildir í efnahagsreikningum fyrirtækjanna eru rúmir 212 milljarðar.

Spurður um áhrif þessa segir Þorvarður að þetta drepi fyrirtækin en komi ekki síður illa við lánastofnanir, sérstaklega Landsbankann. Ríkið, sem eiganda bankans, þyrfti að öllum líkindum að leggja Landsbankanum til fé til að standast áfallið, að mati Þorvarðar.

- shá / sjá síðu 6



**MEÐ ÓLÍKINDUM** Lögregla, sjúkralið auk Björgunarsveitarinnar Húna var kölluð til þar sem óhappið varð í Bitrufirði. Formaður sveitarinnar, Pétur Arnarsson, segir með ólíkindum að Kristmundur hafi sloppið heill. „Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt.“ Rækjufarmurinn sem tók ökumannshúsið af bílnum var 20 tonn. Kristmundur skrámaðist á fingri og vonast til að byrja að keyra í dag.
MYND/PÉTUR ARNARSSON

Bílstjóri slapp heill þegar rækjufarmur klippti stýrishúsið af flutningabíl á ferð:

# Fékk 20 tonn af rækju í bakið

**ÓHAPP** „Það var frekar kostuleg lífsreynsla að horfast í augu við sinn eigin vöruflutningabíl þessa tuttugu metra sem það tók hann að stoppa,“ segir atvinnubílstjórinn Kristmundur Ingimarsson, sem má teljast lánsamur að hafa sloppið heill frá umferðaróhappi seint á miðvikudagskvöldið.

Kristmundur var staddur rétt sunnan við Þambárvelli í Bitrufirði á leið til Hólmavíkur þegar hann þurfti að hemla skyndilega þegar nokkrar kindur hlupu upp á veginn. Skipti þá engum togum að 20 tonna rækjufarmur gekk fram úr flutningskassa bílsins og svipti ökumannshúsinu af honum.

„Þetta var óskemmtilegt; að hanga þarna í öryggisbeltinu eftir að hafa fengið nokkur tonn af rækju í bakið,“ segir Kristmundur sem vill ekki meina að þetta sé það versta sem hann hefur upplifað við vinnu sína. „Maður hefur komið að slysum, en ég viðurkenni að þetta er sennilega það skrítnasta sem ég hef upplifað,“ segir Kristmundur sem vonast til að byrja að keyra aftur strax í dag.

- shá

Forstjóri Arion banka:

# Gengið of hægt með Pennann

**VIÐSKIPTI** **Allt of hægt hefur gengið að endurskipuleggja rekstur Pennans. Þetta segir Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, í viðtali við Fréttablaðið í dag. „Penninn er eitt þeirra verkefna sem hafa gengið hvað verst hjá okkur. Það reyndist flóknara en menn sáu fyrir og kannski hafa menn bara ekki gengið nógu hart fram í hagræðingaraðgerðum í byrjun,“ segir hann.**



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

**Höskuldur segir gagnrýnina á bankann vegna Pennans að einhverju leyti ósanngjarna.**

**Hann segist jafnframt eiga von á að Arion banki ljúki fjárhagslegri endurskipulagningu allra fyrirtækja að langmestu leyti fyrir áramót.**

- sh / sjá síðu 12










## SPURNING DAGSINS



*Þorvaldur, er þessi niðurskurður flókin aðgerð?*

„Já, hann er það. Í upphafi skyldi endinn skoða.“

Þorvaldur Ingvarsson er forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri þar sem nauðsynlegt er að skera niður um tæpar 170 milljónir á næsta ári.

Vigdís Finnbogadóttir opnaði málstofu á aðalráðstefnu Unesco í gær:

# Menntun kvenna í forgrunni

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Málstofa um menntun stúlkna og kvenna á 36. aðalráðstefnu Unesco, menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, í París hófst formlega í gær. Vigdís Finnbogadóttir opnaði málstofuna með fyrirlestri en hún er velgjörðarsendiherra Unesco og ráðgjafi framkvæmdastjóra Unesco, Irinu Bokovu.



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

Málstofan var haldin í tilefni af átaksverkefni Unesco, Samstarfi heimsbyggðarinnar um menntun stúlkna og kvenna. Samstarfið hófst fyrr á árinu og tekur fjöldi stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja um heim allan þátt, þar á meðal Nokia og Microsoft, auk aðildarríkja Unesco.

Verkefnisráðið kynnir mikilvægi þess að jafna stöðu kynjanna með menntun og kynna hagnýtar lausnir og góð fordæmi. Í tilkynningu frá Unesco kemur fram að í dag eru 39 milljónir stúlkna á gagnfræðaskólaaldri sem eiga ekki völ á skólagöngu. Þetta eru 26 prósent allra stúlkna á aldrinum 11 til 15 ára. Tvær af hverjum þremur stúlkum í Afríku fá ekki gagnfræðamenntun og af 796 milljónum fullorðinna jarðarbúa sem eru ólæsir eru 2/3 konur.

Talið er að það gæti bjargað allt að 1,8 milljónum mannslífa á ári ef stúlkur í Afríku sunnan Sahara fengju almennt að ganga í gagnfræðaskóla. **- sv**

Hæstiréttur um Icesave í dag:

# Dómur fellur um neyðarlög

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands dæmir í dag hvort neyðarlögin svokölluðu standist stjórnarskrá.

Um er að ræða ellefu mál sem verður dæmt í, en málin snúast í stórum dráttum um það hvort smásöluinnlán, eða svokölluð Icesave-lán, og heildsöluinnlán séu forgangskröfur í þrotabú Landsbankans. Héraðsdómur Reykjavíkur komst fyrr á árinu að þeirri niðurstöðu að lánin væru forgangskröfur. Ef Hæstiréttur staðfestir dóminn geta útgreiðslur úr þrotabúi Landsbankans hafist. **- jhh**



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Maðurinn var úrskurðaður í hálfsmánaðar gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vitorðsmaður um rán:

# Í varðhaldi til 10. nóvember

**DÓMSMÁL Maðurinn sem var handtekinn á miðvikudag vegna þáttöku í vopnuðu ráni í síðustu viku var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. nóvember.**

**Maðurinn var handtekinn á gistiheimili sem hann dvaldist á. Á sama tíma tók lögreglan bíl á breskum númerum, sem hann hafði til umráða, og fann í honum 49 úr sem stolið var í ráninu í verslun Michelsen úrsmiða mánudaginn 17. október. Búið var að fela úrin vandlega og búa bílinn þannig undir að smygla þeim úr landi með Norrænu.**

**Ræningjarnir þrír komust úr landi og eru nú eftirlýstir. - þeb**

Fjórir Litháar í gæsluvarðhald:

# Grunaðir um vörslu kókaíns

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi fór í gær fram á gæsluvarðhald yfir fjórum litháískum karlmönnum sem handteknir voru í fyrrinótt. Fjögurra vikna varðhalds var krafist yfir þremur mannanna sem voru teknir í orlofshúsi í Árnessýslu grunaðir um vörslu og meðferð á miklu magni af kókaíni.

Krafist er tíu daga varðhalds yfir fjórða manninum sem handtekinn var í Kjölfarið.

Mennirnir voru yfirheyrðir í gær. Sumir þeirra hafa verið búið hér um skeið en aðrir hafa dvalið hér skemur. **- jss**

# Blossi frá gervitungli og loftsteinn hrapaði

**Óvenjumargar frásagnir af ljósagangi yfir landinu í fyrrakvöld eiga sér allar eðlilegar skýringar. Formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness segir ljósin vísast stafa frá gervitunglum, loftsteinum, norðurljósum og jafnvel vasaljósum.**

**NÁTTÚRUFRÆÐI** „Við hjónin vorum að íhuga hvort við ættum ekki að láta stinga okkur inn sem geðveikum,“ segir Jónas Ragnar Halldórsson, antík- og listmunasali, sem í fyrrakvöld sá afar einkennilegan ljósagang á himninum.

Jónas segir að hann hafi verið ásamt Sigurlaugu Gunnarsdóttur, eiginkonu sinni, á heimleið frá Hafnarfirði þegar klukkuna vantaði um tuttugu mínútur í sjö.

„Þegar við vorum nýkomin framhjá IKEA sá ég stóran, grænan eldhnött, silfurlitaðan fremst, koma frá Bláfjallasvæðinu og það stóðu litaðir logar aftan úr honum. Svo sprakk hann eftir um tíu sekúndur með neistaflugi fyrir framan augun á okkur. Þetta var furðulegasti hlutur sem ég hef séð á himinhvolfinu og hef ég þó séð ýmislegt,“ segir Jónas.

Eftir að hafa teygt sig fram í framrúðuna og horft á ljósið færast um það bil lárétt frá austri til vesturs yfir Garðabæ í um fimm sekúndur segist Jónas hafa bent konu sinni á fyrirbærið. „Þetta var á fleygiferð og sprakk síðan með hvítum neistum. Svo var það bara horfið,“ lýsir Sigurlaug.

Jónas og Sigurlaug voru ekki ein um að sjá torkennileg ljós á lofti í fyrrakvöld. Visir.is greindi frá nokkrum slíkum tilvikum. Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, segir öll ljósin eiga sér skýringar.

„Miðað við lýsingar frá Dalvík sá fólk þar endurvarp sólarljóss frá loftneti á gervihnetti. Þetta er eins og gríðarbjartur blettur sem líður yfir himininn. Þetta kvöld voru einmitt tveir slíkir mjög bjartir blossar sem urðu skærari en björtustu reikistjörnur,“ upplýsir Sævar.



**JÓNAS OG SIGURLAUG** Hjónin í Antíkbúðinni í Hafnarfirði stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins í gær en þau sáu stóran eldhnött með litskrúðugum hala springa yfir Garðabæ í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LOFTSTEINAHRAP** Lýsingar Jónasar og Sigurlaugar koma heim og saman við tignarlegt stjörnuhrap, segir formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

Þá segir Sævar tvær skýringar koma til greina miðað við frásögn konu sem sá þrjú ljós á hreyfingu við Akrafjall. „Ef ljósin voru ofan við Akrafjall þá voru þetta þrjú gervitungl saman. Ef ljósin voru ofan á fjallinu var þetta væntanlega bara fólk í göngutúr með höfuðljós eða vasaljós,“ útskýrir hann.



**SÆVAR HELGI BRAGASON**

Í Kópavogi sáu feðgin skæru grænu ljósi bregða fyrir í norðaustri. „Það hljómar afar mikið eins og norðurljós. Þau sjást einmitt best í norðurátt,“ segir Sævar, sem kveður norðurljós einmitt geta birst og horfið á andartaki.

„Þeirra lýsing hljómar gríðarlega líkt lofsteinahrapi,“ segir Sævar um frásögn Jónasar og Sigurlaugar. „Þá getur skyndilega allt lýst upp með eldglæringum þegar steinninn splundrast og skilur eftir sig rák í margar mínútur á eftir. Þetta hefur verið mjög tignarlegt stjörnuhrap. Slíkt gerist í um hundrað kílómetra hæð yfir jörðinni.“ **gar@frettabladid.is**

# Óli Tynes látinn



Óli Tynes fréttamaður er látinn, 66 ára að aldri. Hann lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í gærmorgun eftir baráttu við krabbamein, sem hann greindist með fyrir tíu mánuðum. Óli lætur eftir sig eiginkonu, tvo syni, fimm barnabörn og eitt barnabarnabarn.

Óli Tynes Jónsson fæddist hinn 23. desember árið 1944. Hann byrjaði á dagblaðinu Vísi fyrir 49 árum. Óli vann einnig á Morgunblaðinu, Helgarpóstinum, Frjálsri verslun og fleiri tímaritum. Hann var um tíma í ferðaþjónustu, bæði hjá Arnarflugi og sem fararstjóri erlendis. Síðustu tuttugu ár starfaði hann lengst af á Stöð 2, Bylgjunni og fréttavefnum Vísi.

Ungir Svíar í nýrri könnun:

# Vilja brjóstagjöf frekar í einrúmi

**SVÍÞJÓÐ Þremur af hverjum fjórum ungum Svíum finnst að konur ættu ekki að gefa börnum brjóst á veitingastöðum, börum eða í almenningsvögnum.**

**Þetta kemur fram í könnun sem var gerð meðal Svía á aldrinum 18 til 22 ára.**

**„Mæðrum finnst eins og þær þurfi að velja milli þess að taka þátt í hversdagslífinu eða vera með börn á brjósti,“ segir talskona stuðningshóps um brjóstagjöf. Þá óttast sérfræðingar að breytingar á viðhorfi til brjóstagjafar verði til þess að konur velji í auknum mæli að gefa ekki brjóst. „Það væru afleiðingarnar segi samfélagið að brjóstagjöf á almannafæri sé óeðlileg.“** **- þeb**





Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pítsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is

Gott í matinn


Kona með söfnunaráráttu dæmd til að selja íbúð í fjöleignarhúsi á Hverfisgötu:

# Skal selja eign vegna óþrifnaðar

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur til að selja ósamþykkta kjallaraíbúð sína í fjöleignarhúsi við Hverfisgötu í Reykjavík vegna gríðarlegs óþrifnaðar sem stafað hafi frá híbýlum hennar og valdið nágrönnum hennar og íbúum í nærliggjandi húsum ómældum óþægindum. Sóðaskapurinn hefur margsinnis verið til umfjöllunar í fjölmiðlum í gegnum árin.

Málið á sér rætur að minnsta kosti aftur til ársins 1986, þegar nágrannar konunnar kvörtuðu til lögreglu vegna óþrifnaðar og ólyktar í íbúð hennar. Er ástandinu svo lýst í málsgögnum að hún hafi safnað að sér geysimiklu magni af heimilissorpi, bæði í íbúðinni og í sameigninni. Auk ólyktar hafi meindýr fylgt söfnuninni. Þá hafi konan algjörlega vanrækt viðhald, til dæmis á rafmagni.

Fram kemur að nágrannar konunnar höfðu leitað til fjölda þar til bærra stofnana til að fá úrlausn sinna mála, þar á meðal til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Séu dæmi þess að starfsmenn hafi þurft að sinna hreinsun með reykkafaragrímur og í eiturefnagöllum.



**SORPHREINSUN** Starfsmenn á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar báru rusl út úr íbúðinni árið 2005, þegar myndin var tekin.

Dómurinn áleit hana hafa brotið gróflega og ítrekað gegn húsfélaginu og gerði henni að selja íbúðina, þar sem allt var metið „ónýtt, morkið og gegnsósa.“ **- jss**




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19, Sími 555 6310 og Geysir Haukadal, opið alla daga frá 10 til 18. Sími 555 6311.

## GENGIÐ 27.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,16 | 113,7 |
| Sterlingspund | 181,06 | 181,94 |
| Evra | 158,6 | 159,48 |
| Dönsk króna | 21,304 | 21,428 |
| Norsk króna | 20,682 | 20,804 |
| Sænsk króna | 17,551 | 17,653 |
| Japanskt jen | 1,492 | 1,5008 |
| SDR | 179,85 | 180,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,6068

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Spennandi lokasprettur forsetakosninganna á Írlandi sem haldnar voru í dag:

# Flókið kosningakerfi tefur úrslit

**ÍRLAND, AP** Írar kusu sér nýjan forseta í gær. Talning atkvæða hefst í dag en úrslitin verða þó varla ljós fyrr en á morgun, því kosningakerfið á Írlandi er flókið.

Sigurstranglegastur í skoðanakönnunum fram á síðustu daga var Sean Gallagher, 49 ára athafnamaður sem varð þjóðþekktur þegar hann stjórnaði írskum raunveruleikaþætti.

Möguleikar hans á sigri voru þó taldir hafa minnkað verulega í síðustu sjónvarpskappræðum frambjóðenda, þegar hann varð uppvís að því að hafa fengið dæmdan smyglara til þess að útvega fé með vafasömum hætti til stjórnmálaflokksins Fianna Fail, en sá flokkur hraktist frá völdum í byrjun kreppunnar.




**KOSNINGADAGUR** Eldri maður í Dublin á leið til kjörstaðar. NORDICPHOTOS/AFP

Líklegt þykir að Michael D. Higgins, sjötugur þingmaður, vinstrisinnaður baráttumaður fyrir mannréttindum og þekktur fyrir menningaráhuga sinn, njóti helst góðs af hugsanlegu fylgistapi Gallaghers.

Aðrir áberandi frambjóðendur eru Martin McGuinness, sem er umdeildur fyrir tengsl sín við Írska lýðveldisherinn, IRA, David Norris, sem er bókmenntafræðingur, og loks Dana Rosemary Scallon, sem vann sér það til frægðar að sigra í Eurovision-söngvakeppninni árið 1970. **- gb**

Skólaþing Vesturbæjar:

## Sett upp eins og þjóðfundur

**MENNTAMÁL** Skólaþing Vesturbæjar verður haldið í Hagaskóla hinn 29. október næstkomandi. Markmið Skólaþingsins er að styrkja skólana og félagsstarfið í hverfinu.

Í tilkynningu segir að Skólaþingið verði haldið með Þjóðfundarsniði, sem þýðir að fundargestir hafa áhrif á umræðuefnið og hvernig það þróast. Þátttakendur verða úr röðum foreldra, kennara, leikskólakennara og embættismanna auk starfsmanna skóla, frístundaheimila, tónlistarskóla og íþróttafélaga. **- sv**

Tryggingasvik í Svíþjóð:

## Var látin ljúga að læknum

**SVÍÞJÓÐ** Faðir á Skáni í Svíþjóð á yfir höfði sér ákæru fyrir að hafa neytt dóttur sína til að ljúga að læknum frá því að hún var sjö ára. Stúlkan, sem er 18 ára, flúði frá foreldrunum í fyrrahaust.

Stúlkan er heilbrigð en faðirinn skipaði henni að tjá sig eingöngu með hljóðum og líkamshreyfingum og var hún greind með skerta færni. Fyrir að annast stúlkuna, sem ekki fékk að ganga í skóla, fékk faðirinn um 100 þúsund sænskar krónur á mánuði, jafngildi um 1,8 milljóna íslenskra króna. **- ibs**

Samgöngustjóri Reykjavíkur:

## Nagladekk óþörf

**UMFERÐ Samgöngustjóri Reykjavíkur segir nagladekk óþörf í Reykjavík. „Þegar götur eru ruddar að vetrarlagi, það er ísog snjólausar, eru venjuleg vetrardekk öruggari en negld dekk ef eitthvað er. Þetta sýnir rannsókn á vegum sænsku Samgöngustofnunarinnar. Við hreinsum göturnar vel í Reykjavík og þess vegna auglýsum við að nagladekk séu óþörf í borginni,“ segir Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri borgarinnar. Fréttablaðið vitnaði í gær í aðra sænska rannsókn sem sýndi fram á gagnsemi nagladekkja.** **- ibs**

## JARÐSKJÁLFTAR

### Skjálftahrina í Kötlu

Fjórir jarðskjálftar öflugri en 2 á Richter voru í Kötlu frá klukkan þrjú í gær. Sá stærsti var 3,3 að stærð og var hann klukkan 17.52. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni er um að ræða svipaðar hrinur og undanfarna mánuði. Ef röð af stærri skjálftum kemur gæti það verið vísbending um að gos væri að hefjast.

# Pálmi Haraldsson lagði til milljarð í Iceland Express

**Eigandi Iceland Express hefur nýlega lagt félaginu til rúman milljarð króna. Gert er ráð fyrir um 800 milljóna króna tapi á árinu. Þorri skuldanna er við systurfélag. Fyrrverandi forstjóri á meðal eigenda Wow Air.**

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Fengur hefur veitt Iceland Express (IE) rúmlega milljarð króna í hluthafalán á undanförnum vikum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fengur er að fullu í eigu Pálma Haraldssonar. Innspýtingin er gerð til að bæta lausafjárstöðu félagsins.

Forsvarsmenn IE lögðu á þriðjudag fram lögbannsbeiðni á að Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri félagsins, nýtti atvinnuleyndarmál sem hann hefði vitneskju um vegna starfa sína fyrir félagið á öðrum vettvangi. Matthías er einn hluthafa í Wow Air, nýju lágfargjaldaflugfélagi sem hefur flug frá Íslandi til Evrópu næsta vor. Í beiðninni er Matthías sagður hafa fegrað uppgjör IE á árinu 2011 til að sýna betri afkomu af rekstri en stoð hafi verið fyrir í raunveruleikanum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að í upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 hafi verið gert ráð fyrir að IE myndi hagnast um 600 milljónir króna. Sú áætlun var endurskoðuð um mitt ár og þá var reiknað með um 300 milljóna króna hagnaði. IE skipti síðan um fjármálastjóra í ágúst og 7. september var enn ein fjárhagsáætlunin lögð fram. Hún gerði ráð fyrir mjög litlum hagnaði af rekstri félagsins. Í kjölfarið var Matthíasi sagt upp störfum 19. september og enn ein fjárhagsáætlunin gerð. Niðurstaða hennar gerði ráð fyrir um 800 milljóna króna tapi á rekstrinum á árinu.

Hagnaður IE var 55 milljónir króna á árinu 2010. Eignir félagsins voru 1,7 milljarðar króna síðustu áramót og skuldir 1,2 milljarðar króna. Félagið skuldar þó ekki lánastofnunum fé heldur eru skuldirnar að langmestu leyti við systurfélagið Astraeus, sem leigir Iceland Express vélar fyrir starfsemi sína. Astraeus er einnig að fullu í eigu Pálma. IE var því svo gott sem skuldlaust félag áður en eini hluthafi þess, Fengur, lánaði því rúman milljarð króna á síðustu vikum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó líklegt að því láni verði breytt í nýtt hlutafé þegar fram líða stundir.

Skúli Mogensen, stjórnarformaður Iceland Jet, eiganda Wow Air, vill ekki gefa upp sem stendur hvenær stefnt sé að því að Wow Air hefji starfsemi. Haldinn verði blaðamannafundur í lok næstu viku þar sem sú dagsetning verði gefin upp. Þar verði auk þess kynnt hve margar vélar félagið muni hafa til umráða og til hvaða áfangastaða það ætli að fljúga. Iceland Jet er í meirihlutaeigu Títan fjárfestingarfélags. Eigandi þess er Skúli Mogensen. Aðrir hluthafar eru Baldur Oddur Baldursson, framkvæmdastjóri Títan, og Matthías. **thordur@frettabladid.is**



**ICELAND EXPRESS** Heimildir Fréttablaðsins herma að í upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir 2011 hafi verið gert ráð fyrir 600 milljóna króna hagnaði á árinu. Eftir ítrekaðar endurskoðanir er nú búist við 800 milljóna króna tapi á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**PÁLMI HARALDSSON**



**MATTHÍAS IMSLAND**

### Ekki frekari eftirmál

Fulltrúar Iceland Express (IE) hafa átt fund með Matthíasi Imsland vegna fullyrðingar í lögbannsbeiðni félagsins þar sem segir að uppsögn hans hafi verið fyrir að hafa „fegrað“ bókhald félagsins. Í tilkynningu frá IE segir að Matthías hafi gefið „fullnægjandi skýringar á þeim atriðum, sem félagið taldi að ekki hafi verið rétt staðið að við færslu bókhalds félagsins“. Þessi hluti ágreinings aðila hafi þar með verið leystur og ekki verði frekari eftirmál vegna hans.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HVESSIR MEÐ KVÖLDINU** Engin sérstök veðurblíða verður um helgina en það verður nokkuð hvasst af norðaustri, einkum vestan til, og víða úrkoma með köflum. Kólnar smám saman í veðri og má búast við slyddu norðan til og snjókomu til fjalla.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 10° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 11° |
| París | 18° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# 30% AFSLÁTTUR

## af nautakjöti

**Nautaat**



Hamborgarar 4 stk. m/brauði



Nautapiparsteik



Nautasnitsel



Nautahakk



Nautagúllas

Graskerin fást í Hagkaup!

## Hrekkjavakan

31. október



GRASKER
449 kr/kg.



NÝTT



TILBOÐ
LION BAR
129 kr/stk.
Verð áður 158.-



TILBOÐ
TOFFEE CRISP
79 kr/stk.
Verð áður 109.-



TILBOÐ
HNETUBARINN
30%
afsláttur v/kassa

NÝTT
CHEESECAKE FACTORY OSTAKÖKUR



NÝBAKAÐ



TILBOÐ
KORNBRAUÐ
259 kr/stk.
Verð áður 399.-

NÝTT
LÍFRÆNAR HRÁFÆÐISKÖKUR
FULT AF GÓÐUM
NÆRINGAREFNUM,
PRÓTEINUM, VÍTAMÍNUM
OG ANDOXUNAREFNUM





TILBOÐ
COCA COLA
1 LÍTER
148 kr/stk.
Verð áður 239.-

NÝTT
LÍFRÆNIR SAFAR



24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 30. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Er þörf á nýju félagi í áætlunarflugi til og frá Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 71,2% |
| Nei | 28,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgdist þú með fréttum af ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og AGS í Hörpu?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is



**ÞÚSUNDIR MANNA HEIMILISLAUSAR** Þúsundir manna eru heimilislausar eftir jarðskjálftann í Tyrklandi á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Enn finnst fólk á lífi í rústum:

# Manni bjargað eftir fjóra daga

**TYRKLAND, AP** Ungum manni var bjargað úr rústum í Tyrklandi fjórum dögum eftir að jarðskjálftinn reið yfir. Talið er að 534 hafi látist í skjálftanum og þúsundir manna misstu heimili sín.

Greint er frá því í tyrkneskum fjölmiðlum að manninum hafi verið flogið til nálægrar borgar til aðhlynningar. Hann hafði orðið fyrir miklu vökvatapi en var annars við ágæta heilsu. Um 2.300 manns slösuðust í skjálftanum og búið er að bjarga 186 manns úr rústunum. Um 2.000 byggingar eru ónýtar og segja yfirvöld að um 3.700 séu í óíbúðarhæfu ástandi. **- sv**

Með sýningarhóp í Svíþjóð:

# Fararstjóri fékk dóm fyrir áreitni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær mann í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðislega áreitni gagnvart sextán ára íþróttastúlku.**

**Maðurinn var fararstjóri sýningarhóps sem var á ferðalagi í Svíþjóð í ágúst árið 2007.**

**Stúlkan og hann höfðu neytt áfengis umrætt kvöld. Sofið var á hörðum íþróttadýnum og hafði maðurinn betri dýnu til umráða. Hann bauð stúlkunni að sofa á dýnunni með sér, sem hún þáði, og braut hann þá gegn henni.**

**Maðurinn hafði áður verið kærður fyrir áreitni gegn stúlkunni til viðkomandi félagsþjónustu en vegna „misskilnings“ var málið ekki kært til lögreglu á sínum tíma.** **- jss**

Könnun ríkisstofnana:

# Eineltisátak var árangurslaust

**SAMFÉLAGSMÁL** Tíðni eineltis hjá ríkisstofnunum mældist tíu prósent í árslok 2010, jafn há og í könnun sem gerð var 2008, að því er segir í fréttabréfi stjórnenda ríkisstofnana. Ekki er munur á körlum og konum og virðist þáttur menntunar ekki hafa áhrif.

Í fréttabréfinu segir að væntingar fjármálaráðuneytisins hafi verið þær að sú fræðsla sem ríkisstofnunum hafi verið veitt á síðustu árum myndi skila sér í færri tilfellum starfsmanna.

Niðurstaðan þykir styðja þá tilgátu starfsmanna að stjórnendur þekki ekki nægilega vel til eineltis og að ekki sé til stefna um fyrirbyggjandi aðgerðir. **- ibs**

Tveir menn og piltur dæmdir fyrir frelsissviptingu og líkamsárás sem olli stórfelldu líkamstjóni:

# Black Pistons-menn í áralangt fangelsi

**DÓMSMÁL** Ríkharð Júlíus Ríkharðsson var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir stórhættulega líkamsárás og frelsissviptingu. Davíð Freyr Rúnarsson var dæmdur í þriggja ára fangelsi og sautján ára piltur sem tók þátt í frelsissviptingunni með þeim fékk sex mánaða dóm. Þá þurfa þeir að greiða fórnarlambinu rúmlega eina og hálfa milljón í miskabætur.

Málið sem um ræðir er kennt við mótorhjólagengið Black Pistons, en Ríkharð Júlíus og Davíð Freyr eru meðlimir í því.

Mennirnir voru ákærðir fyrir að hafa í maí síðastliðnum svipt rúmlega tvítugan karlmann frelsi, haldið honum nauðugum á heimili annars þeirra og í geymsluhúsnæði, misþyrmt honum og svívirt með margvíslegum hætti.

Þeir Ríkharð Júlíus og Davíð Freyr töldu fórnarlambið skulda sér tíu milljónir. Að auki voru þeir honum reiðir fyrir „… að ljúga og bulla um sig úti um allan bæ“. Dómurinn leit svo á að þeir hefðu ætlað að kúga hann til að láta þá hafa verðmæti og peninga upp í þá skuld. Pilturinn stóð vörð um manninn hluta þess tíma sem hann var sviptur frelsi.

Tvímenningarnir játuðu að hafa ráðist á manninn heima hjá Ríkharði Júlíusi en neituðu að hafa beitt bareflum. Hins vegar var blóð úr fórnarlambinu víða um íbúðina og barefli sem hann kvað þá hafa notað á sig fundust þar. Hann hlaut stórfellt líkamstjón við árásina, þar á meðal sjónskerðingu.

Allir eiga hinir dæmdu sakaferil. Ríkharð Júlíus hlaut tveggja ára fangelsi árið 2008 fyrir brennu og skjalafals. **- jss**



**ÁRALANGIR DÓMAR** Davíð Freyr Rúnarsson og Ríkharð Júlíus Ríkharðsson á leið í dómsal.

# Ísland slapp merkilega vel

**Fjölmörg sjónarmið komu fram á ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og AGS um efnahagskreppuna í gær. Meðal þess sem tekist var á um var árangur stjórnvalda síðustu ár og kostir Íslendinga í gjaldmiðilsmálum.**

**EFNAHAGSMÁL** Staða íslenska hagkerfisins nú þremur árum eftir hrun bankanna er betri en nokkur þorði að vona. Mörg önnur ríki hafa orðið verr úti en Ísland.

Þetta var meðal niðurstaðna þátttakenda á ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og AGS um þann lærdóm sem draga má af reynslu Íslands síðustu ár. Ráðstefnan fór fram í Hörpu í gær. Þá töldu flestir aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), og ekki síst viðleitni hans til að samþykkja óhefðbundna hagstefnu í samstarfsáætluninni við íslensk stjórnvöld, hafa verið farsæla þótt mörg vandamál væru enn til staðar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra setti ráðstefnuna og þakkaði AGS fyrir hlut hans í efnahagsbata Íslands. Ráðstefnan sjálf skiptist síðan í þrjár lotur umræðna: krísustjórnun í kjölfar bankahrunsins, vegferð Íslands í átt að efnahagsbata og loks lykilverkefnin fram undan.

Joseph Stiglitz, prófessor í hagfræði við Columbia-háskóla, var meðal þeirra sem tóku til máls í fyrstu umræðulotunni, en hann ávarpaði ráðstefnuna í myndbandsupptöku. Hann sagði áætlun AGS á Íslandi hafa verið sveigjanlegri en flestar áætlanir sjóðsins; krafan um niðurskurð hefði ekki verið jafn rík og stjórnvöld hefðu fengið meira svigrúm. Hann velti því þó fyrir sér hvort skorið hefði verið of mikið niður og sagði ákvörðun Íslendinga í Icesavemálinu hafa verið rétta.

Willem Buiter, aðalhagfræðingur Citigroup, tók því næst til máls. Hann sagði hópgeðveiki hafa gripið um sig á Íslandi fyrir hrun og ýmislegt mætti læra af því. Til að mynda væri óskynsamlegt að húsnæðislán væru í stórum stíl boðin í erlendum gjaldmiðli. Þá sagði hann að Íslendingar ættu að vona að vandi evrusvæðisins leystist farsællega þar sem skynsamlegast væri fyrir Ísland að ganga í ESB og taka upp evru.

Í annarri lotunni tók Paul Krugman, prófessor í hagfræði við Princeton-háskóla, til máls. Krugman sagði stórkostlega geðveiki hafa átt sér stað á Íslandi og því væri merkilegt að staða landsins væri ekki verri en raun bæri vitni. Ein helsta ástæða þess væri gengisfall krónunnar, sem hefði sýnt þá miklu kosti sem fælust í fljótandi gjaldmiðli.

Jón Daníelsson, prófessor í fjármálum við London School of Economics, sagði það mikið afrek að hafa forðast þjóðargjaldþrot en gagnrýndi samstarfsáætlun stjórnvalda og AGS, hún hefði ekki skilað þeim árangri sem af væri látið. Sérstaklega væru gjaldeyrishöftin gagnrýniverð.

Meðal annarra sem töluðu má nefna Má Guðmundsson seðlabankastjóra, Martin Wolf, aðstoðarritstjóra Financial Times, og Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Már sagði gjaldeyrishöftin hafa verið nauðsynlega neyðarráðstöfun sem þyrfti að aflétta í litlum skrefum, Wolf varaði Íslendinga við því að taka upp evruna án þess að hugsa sig vandlega um og Stefán sagði stjórnvöldum hafa tekist vel upp við að hlífa þeim hópum við höggi kreppunnar sem hefðu lægstar tekjur. **magnusl@frettabladid.is**



**HARPA Í GÆR** Bekkurinn var þétt setinn í Norðurljósasalnum í Hörpu í gær. Fjölmörg ólík sjónarmið komu fram í máli þátttakenda á ráðstefnunni, sem voru alls tuttugu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Simon Johnson



Simon Johnson, prófessor í hagfræði við MIT háskóla í Bandaríkjunum og fyrrum aðalhagfræðingur AGS, fjallaði um stöðu mála í alþjóðlega hagkerfinu í ræðu sinni í gær. Hann var ómyrkur í máli og sagðist óttast að ný alvarleg bankakreppa væri handan við hornið. Hann sagði evrusvæðið vera púðurtunnu sem myndi valda fjármálastofnunum gríðarlegum erfiðleikum ef hún spryngi. Ríki heims ættu því að búa sig undir það versta. Þá var Johnson verulega gagnrýninn á fjármálakerfi heimsins sem hann sagði byggt á þeirri blekkingu að ríkisskuldabréf væru áhættulaus. Þá lýsti hann yfir áhyggjum af tangarhaldi fjármálakerfisins á stjórnmálamönnum og því að stóru alþjóðlegu bankarnir væru of stórir til að falla en jafnframt of stórir til að hægt sé að bjarga þeim.

### Paul Krugman



Paul Krugman talaði á sömu nótum og flestir ræðumenn á ráðstefnunni og sagði ástandið á Íslandi mun betra nú en hefði verið hægt að vona haustið 2008. Raunar hefði leið Íslands reynst svo vel að spyrja mætti af hverju það væri einfaldlega ekki allt í blóma. Svarið væri að álframleiðsla og fiskveiðar væru háðar framleiðslutakmörkunum og erfið skuldastaða stæði heimilum og fyrirtækjum fyrir þrifum.

Hann nefndi gengisfall krónunnar sem eina af helstu ástæðum fyrir bættri stöðu Íslands og sagði reynslu landsins og evruríkjanna varpa ljósi á kosti fljótandi gjaldmiðils. Því væri einkennileg sú skoðun margra á Íslandi að stefna ætti að upptöku evru. Krugman sagði auk þess að gjaldeyrishöftin hefðu reynst vel og ótímabært væri að aflétta þeim þar sem krónan gæti hrunið.

Furðu vakti að Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra mætti ekki á aðalfund LÍÚ:

# Jóhanna svarar ekki kalli LÍÚ

**SJÁVARÚTVEGUR** Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, sagði á aðalfundi sambandsins í gær að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefði ekki orðið við ósk sambandsins um að rökstyðja ummæli sín um að upp undir helmingur veðsetningar vegna sjávarútvegsfyrirtækja í bönkunum væri til kominn vegna óskyldrar starfsemi. Tvívegis hefur LÍÚ kallað eftir svörum frá ráðherra og beðið um gögn sem liggja að baki orðum hennar sem féllu í Kastljósviðtali fyrir um mánuði.



**ADOLF GUÐMUNDSSON**

„Ef við gefum okkur þær forsendur að undir „óskylda starfsemi“ falli allar fjárfestingar aðrar en þær sem ætlaðar til reglulegrar starfsemi og í aflaheimildum má með einbeittum vilja toga þetta hlutfall upp í um ellefu prósent þegar það reis hæst árið 2007,“ sagði Adolf, sem gagnrýndi stjórnvöld hart.

Adolf vék einnig að nýrri úttekt Deloitte, sem gerð var að ósk samtakanna um áhrif boðaðra breytinga á stjórn fiskveiða. Taldi hann einsýnt að Deloitte hefði sýnt fram á alvarlega meinbugi á fyrirhuguðum breytingum.

Það vakti athygli á fundinum að Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra þekktist ekki fundarboð útvegsmanna. Þetta mun vera í fyrsta skipti í áratugi sem fagráðherra sjávarútvegsmála ávarpar ekki útvegsmenn við upphaf aðalfundar. **- shá**

Lögrega ók utan í ökuníðing:

# Handteknir eftir ofsaakstur

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn voru handteknir eftir eftirför í Grafarvogi í gærkvöld. Lögreglan þurfti að aka utan í bifreiðina og þvinga þannig ökumanninn til þess að stöðva hana. Lögreglan náði að stöðva bílinn á Strandvegi nærri Egilshöll. Um fimm lögreglubílar voru á vettvangi.**

**Lögreglan hafði engar upplýsingar um málið þegar Vísir hafði samband í gærkvöld. Samkvæmt sjónarvotti sem Vísir ræddi við voru minnsta kosti tveir handteknir.**

# TAX FREE HELGI

## Í ÖLLUM VERSLUNUM RÚMFATALAGERSINS!

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN!




RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Afslátturinn er á kostnað Rúmfatalagersins. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

**Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri**

**FRÉTTASKÝRING:** Björgunaraðgerðir Evrópusambandsins

# Papandreú horfir fram á betri tíma

**Markaðir tóku vel í áform leiðtoga Evrópusambandsins um stækkun neyðarsjóðs, styrkingu banka og niðurfellingu helmings skulda Grikklands. Samkomulag tókst í fyrrinótt á löngum fundi leiðtoga evruríkjanna.**



**BLÖÐIN LESIN Í GRIKKLANDI** Mörgum íbúum Grikklands létti þegar fréttir bárust af því að ESB ætlaði að veita þeim enn frekari stuðning. NORDICPHOTOS/AFP

„Við getum sagt að nýr dagur sé risinn fyrir Grikkland,“ sagði Georg Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, hæstánægður með niðurstöðu leiðtogafunda aðildarríkja Evrópusambandsins og evrusvæðisins á miðvikudag.

„Fortíðarbyrðinni hefur verið aflétt, svo nú getum við hafið nýtt tímabil þróunar.“

Ekki voru þó allir Grikkir fyllilega sannfærðir um ágæti þeirra áforma, sem málamiðlun tókst um eftir margra vikna langt þjark.

„Þetta samkomulag setur Grikkland í sóttkví á evrusvæðinu,“ segir Dimitris Papadimúlis, einn þingmanna stjórnarandstöðunnar. „Þeir sem hafa eftirlit með okkur eru ekki með okkar hag í huga. Forgangsatriði þeirra er að sjá til þess að við endurgreiðum lánin okkar.“

Markaðir brugðust hins vegar vel við tíðindunum í gær, bæði í helstu borgum Evrópu og í Bandaríkjunum.

„Afraksturinn er umfangsmikill og samsvarar í grundvallaratriðum því sem markaðirnir höfðu vænst. Hvorki meira né minna,“ hafði þýska tímaritið Der Spiegel eftir Anja Mikus, fjárfesti í Þýskalandi.

Leiðtogar Evrópuríkjanna náðu samkomulagi í fyrrinótt, sem er byggt á málamiðlun milli Frakka og Þjóðverja eftir margra vikna ágreining.

Samhliða stóraukinni aðstoð við Grikkland og öðrum neyðaraðgerðum ákváðu leiðtogarnir að auka verulega samstarf evruríkjanna sautján með því að styrkja yfirstjórn evrusvæðisins, meðal annars með reglulegum leiðtogafundum evruríkjanna og sérstöku forsetaembætti.

Strax næstu vikurnar fer auk þess af stað vinna við að kanna hvort breyta þurfi stofnsáttmálum Evrópusambandsins til að tryggja frekari aga í ríkisfjármálum evruríkjanna. Fyrstu hugmyndir um það verða kynntar í skýrslu í desember og ákvarðanir teknar í mars á næsta ári.

Ekki eru þó allir sannfærður um að þessi næstu skref Evrópusambandsins dugi til að forða skuldugustu evruríkjunum og evrunni sjálfri frá frekari vandræðum og jafnvel hruni.

Martin Wolf, blaðamaður á Financial Times, uppskar til dæmis hlátur á ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tónlistarhúsinu Hörpu í Reykjavík í gær þegar hann sagði – í kaldhæðnum tón – að fréttirnar frá Evrópu hefðu sannfært sig um að nú væri búið að leysa þennan vanda í eitt skipti fyrir öll.


**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is




## Skuldir felldar niður og bankar styrktir

**Skuldum létt af Grikkjum:** Bankar verða beðnir um að fella niður helming af skuldum Grikklands, en í sumar höfðu þeir fallist á niðurfellingu upp á 21 prósent. Þetta er talið að kosti bankana um 100 milljarða evra, en evruríkin ætla að koma til móts við þetta með 30 milljarða framlagi. Aðildarríkin sjálf ætla þó ekki að gefa Grikkjum eftir neinar skuldir.

**Frekari fjárhagsaðstoð:** Hins vegar ætla evruríkin að útvega Grikkjum, í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðin, 100 milljarða evra fjárhagsaðstoð til viðbótar þeirri aðstoð, sem áður hafði verið samþykkt. Með þessum aðgerðum er stefnt að því að ríkisskuldir Grikklands, sem nú eru nærri 160 prósent af þjóðarframleiðslu og fara upp í 180 prósent verði ekkert að gert, verði komnar niður í 120 prósent fyrir árið 2020.

**Bankarnir styrktir:** Stærstu bönkum Evrópuríkjanna verður gert að auka eiginfjárhlutfall sitt upp í níu prósent fyrir mitt næsta ár, sem mun kosta þá 106 milljarða evra. Þangað til þessu markmiði er náð verður þeim gert að halda aftur af sér við útgreiðslu kaupauka og arðs. Dugi það ekki til þurfa bankarnir að leita annarra leiða til fjáröflunar eða leita til stjórnvalda hver í sínu landi ef aðrar leiðir bregðast. Ef allt um þrýtur mega þeir þó leita til neyðarsjóðs ESB.

**Neyðarsjóður ESB efldur:** Leiðtogarnir ákváðu að efla neyðarsjóðinn verulega án þess þó að evruríkin þyrftu að leggja meiri pening í hann, en frestuðu reyndar útfærslunni. Sjóðurinn var nýlega stækkaður úr 250 milljörðum evra í 440 milljarða en nú á að fá honum til umráða allt að þúsund milljarða evra og verða farnar tvær leiðir að því marki:

**Vogunartryggingar:** Önnur leiðin er sú að þeir 250 milljarðar sem enn eru eftir óráðstafaðir í sjóðnum verði notaðir meðal annars til að tryggja fjárfestum allt að 20 eða 25 prósenta tap af ríkisskuldabréfum, sem aðildarríkin gefa út. Andvirðið renni í neyðarsjóðinn.

**Skuldabréfaútgáfa:** Hin leiðin er sú að veita sjóðnum sjálfum heimild til þess að gefa út skuldabréf, meðal annars í von um að Kínverjar og Brasilíumenn verði fúsir til að kaupa, auk einkaaðila.

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:** Samkomulag tókst um að leita til AGS um enn frekari aðstoð, en sérfræðingar hafa margir hverjir fullyrt að sjóðurinn þurfi allt að tvo milljarða evra til þess að ráða við vandann, fari svo að veita þurfi Ítalíu og Spáni sambærilega aðstoð og Grikkir, Írar og Portúgalar hafa nú þegar fengið.

**Seðlabanki ESB:** Þjóðverjum tókst að koma í veg fyrir að Seðlabanki ESB lánaði neyðarsjóðnum fé til að standa undir hugsanlegri aðstoð við Ítalíu og Spán. Evruríkin eiga þá að minnsta kosti þennan kost til góða síðar meir, dugi þessi stórefldi neyðarsjóður ekki til.

**Fjármálastjórn evruríkjanna:** Í viðbót við það nánara fjármálasamstarf sem evruríkin samþykktu í sumar verður yfirstjórn evrusvæðisins efld. Leiðtogafundir evruríkjanna verða haldnir að minnsta kosti tvisvar á ári og þeir kjósa sér forseta til tveggja og hálfs árs í senn. Reglulegir fjármálaráðherrafundir evrusvæðisins sjá um að styrkja samstarf og eftirlit, og þeir kjósa sér sömuleiðis forseta sem hefur aðsetur í Brussel. Loks verður myndaður vinnuhópur sérfræðinga evrusvæðisins í Brussel og kýs sá hópur sér einnig forseta sem hefur aðsetur í Brussel.

**Kerfisbreytingar ESB:** Til þess að tryggja frekari aga í ríkisfjármálum evruríkjanna verður meðal annars kannað hvort breyta þurfi stofnsáttmálum ESB. Fyrstu hugmyndir verði kynntar í skýrslu í desember og ákvarðanir teknar í mars á næsta ári.




netto
Kræsingar & kostakjör

# FÁÐU D-VÍTAMÍN ÚR MJÓLKURVÖRUM

D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkurvörum.
Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu vöðva og beina.

**Að gefnu tilefni bendir Nettó á að neðangreindar mjólkurvörur eru allar D-vítamínbættar.**













Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**FRÉTTASKÝRING:** Varðskipið Þór loksins í heimahöfn

# Sannkölluð bylting í öryggismálum

**Varðskipið Þór kom til hafnar í Reykjavík í gær. Koma skipsins boðar nýja tíma fyrir öryggismál í íslenskri landhelgi. Þór hefur tvöfalt meiri dráttargetu en gömlu skipin, Týr og Ægir, og hefur á að skipa mengunarvarnarbúnaði af fullkomnustu gerð.**

### Þór hinn fjórði

- Eldsneytistankar Þórs taka um **1.400 þúsund lítra** af olíu, sem gæti nægt í eitt ár við skyldustörf.
- Þetta skip er **fjórða varðskipið** sem ber nafnið Þór.
- Nú hefur Landhelgisgæslan á að skipa **þremur varðskipum**, fyrir voru Týr og Ægir.
- Þór er 94 metrar á lengd og 16 metrar á breidd. **4.2590 brúttótonn** að stærð og nær mest 19,5 sjómílna hraða.




**HEIMKOMA** Fjöldi manns tók á móti varðskipinu Þór þegar það kom í heimahöfn í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

Ferðin frá skipasmíðastöðinni Asmar í Síle tók mánuð þar sem sjö þúsund sjómílur voru lagðar að baki.

Þór er eitt þróaðasta skip sinnar tegundar á Norður-Atlantshafi og er meðal annars útbúið viðbragðsbúnaði til að bregðast við olíumengunarslysum og háþrýstivatnsdælum til slökkvistarfa á sjó. Auk þess er toggetan tvöfalt meiri en í gömlu skipunum. Allir þessir þættir eru til þess fallnir að sinna leitar- og björgunarhlutverki á Norðurslóðum, en skipasiglingar um og við íslensku landhelgina munu að öllum líkindum aukast mikið á komandi árum.

Þegar nær dró og höfuðborgin blasti við úr brúargluggunum sagði Sigurður Steinar Ketilsson, skipherra á Þór, aðspurður að tilfinningin væri ólýsanleg. Hann sagði Þór boða nýja tíma fyrir Landhelgisgæsluna sem og íslenska þjóð.

„Við erum núna komin yfir í 21. öldina. Týr, sem var okkar nýjasta skip, er nú 36 ára og var fullkominn á sínum tíma, en þrátt fyrir uppfærslur stenst hann ekki samanburð. Þór er 24 metrum lengri og ótrúlega mikill búnaður hér um borð til að þjónusta íslensku þjóðina. Olíumengunarbúnaðurinn er til dæmis sá fullkomnasti sem Íslendingar eiga.“

Ákveðið var að leggja út í smíði nýs varðskips árið 2005 og smíðin hófst í október 2007. Framkvæmdir gengu vel framan af og afhendingardagurinn var í augsýn í fyrravor. Þá varð jarðskjálfti með flóðbylgju í Síle sem olli miklum spjöllum og manntjóni. Þór var þá í þurrkví og slapp vel að mörgu leyti, en miklar vatnsskemmdir urðu innanborðs.

Það tjón, auk gríðarlegra skemmda sem urðu á skipasmíðastöðinni sjálfri, tafði afhendinguna um rúmlega ár.

Upphafleg kostnaðaráætlun var 30 milljónir evra, sem þá voru tæpir tveir milljarðar króna og var hugmyndin að nýta hluta söluandvirðis Símans til kaupanna.

Áætlunin stóðst, í evrum talið,

> Við erum núna komin yfir í 21. öldina.
>
> **SIGURÐUR STEINAR KETILSSON**
> SKIPHERRA Á ÞÓR

en síðan þá hafa gengismál vitanlega gjörbreyst og óvíst hver heildarkostnaðurinn verður í krónum talið.

Þór lagði úr höfn hinn 28. september og sigldi sem leið lá í gegnum Panamaskurðinn, þaðan yfir Karíbahafið og norður eftir strönd Norður-Ameríku.

Ferðin gekk vel að sögn skipverja þar sem einungis var vont í sjóinn suður af Grænlandi. Erfiðasti kaflinn var þó í Karíbahafinu þar sem hitinn náði allt að 40 gráðum. „Hefði ég þá frekar þegið bræluna,“ sagði Jón Árni Árnason háseti og hló við.

Alls eru 18 manns í áhöfn á hverjum tíma og sögðust þeir skipverjar sem Fréttablaðið ræddi við afar ánægðir með nýja skipið. Þar sé öll aðstaða til fyrirmyndar. Meðal annars hefur hver skipverji sína eigin káetu með sturtu og salerni. Þá er þar líkamsræktaraðstaða, ljósabekkur og gufubað til að létta mönnum lífið um borð.

Þór leggur úr höfn til skyldustarfa eftir rúma viku og verður siglt umhverfis Ísland og komið við í sjávarbyggðum landsins.

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI

1.390 kr.kg.



Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Laxaflök marineraður með Lemmon/Butter | 1.390 |
| Laxaflök, fersk | 1.390 |
| Skötuselur roðl/beinlaus | 1.390 |
| Þorskhnakkar | 1.390 |
| Ýsuflök roðlaus/beinlaus | 1.390 |
| Smálúða | 1.390 |
| Löngusteikur marineraðar Indversku karrí | 1.390 |
| Löngusteikur marineraðar á Gríska vísu | 1.390 |
| Rauðsprettuflök glæný | 1.390 |
| Allir fiskréttir | 1.390 |

OPIÐ Á MORGUN
LAUGARDAG 10.00-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

### „Eins og að stýra Rolls Royce“



**SIGURÐUR STEINAR KETILSSON**

Sigurður Steinar Ketilsson, skipherra á Þór, hefur upplifað margt þann tíma sem hann hefur verið í Landhelgisgæslunni, þótt hann segist raunar vera hér um bil nýbyrjaður.

„Þetta eru ekki nema einhver 43 ár,“ segir Sigurður og hlær, en hann er afar ánægður með nýja fleyið, sem hann segir sérstaklega meðfærilegt. „Þetta er alveg ótrúlegt. Eins og að stýra Rolls Royce. Við erum með mjög fullkomið stýrikerfi sem gefur okkur mikla möguleika.“

Við hæfi er að líkja Þór við Rolls Royce því skipið var einmitt hannað af Rolls Royce Marine, í Noregi. Haldið verður til hafs laugardaginn 5. nóvember þannig að ekki verður stoppað lengi í landi þrátt fyrir langt úthald.

„Það verður laugardagur til lukku,“ segir skipherrann. „Þá hefjum við almenn landhelgisgæslustörf umhverfis landið og hittum eigendur skipsins, Íslendinga, um land allt.“

### „Íslendingum nauðsyn að eiga slíkt skip“



**GEORG LÁRUSSON**

„Þetta breytir öllu og færir okkur inn í 21. öldina,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, um mikilvægi varðskipsins nýja. „Nú erum við komnir með verkfæri í hendurnar sem uppfyllir kröfur nútímans. Við vorum orðin illa sett hvað varðar stærð, dráttargetu og björgunarmöguleika þannig að þetta er einfaldlega bylting.“

Georg bætir við að tilkoma Þórs sé í takt við stefnu stjórnvalda um þátttöku í málefnum norðurslóða. „Skipið gerir okkur kleift að eiga við stóraukna umferð, sem mun líklega margfaldast á komandi árum. Þannig er það okkur Íslendingum nauðsyn að eiga svona öflugt skip.“

Síðustu misseri hefur Landhelgisgæslan leigt varðskip til verkefna erlendis, til dæmis til eftirlits á vegum Frontex, landamæraeftirlits Evrópusambandsins. Georg segir að stefnan sé að Þór verði í íslenskri landhelgi út næsta ár hið minnsta, en ekki sé hægt að útiloka að hann verði leigður út.

„Eins og árar þurfum við að geta gert ráð fyrir að hafa skip í verkefnum erlendis, en við teljum mikilvægt að halda Þór hér við land og nýta hin skipin frekar í önnur verkefni.“

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



SVÍNALUND
FERSK

1.495kr/kg
Frábært verð!

## FRÁBÆR KAUP Í HVERRI VIKU!




PARÍSARSKINKA
31% afsláttur
1.589kr/kg
áður 2.298 kr/kg



KJÚKLINGALEGGIR
25% afsláttur
659kr/kg
áður 875 kr kg



GUL EPLI
SÆT OG SAFARÍK
50% afsláttur
145kr/kg
áður 289 kr/kg



FYLLT SVÍNALUND
FERSK
34% afsláttur
1.979kr/kg
áður 2.998 kr/kg



GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
25% afsláttur
1.349kr/kg
áður 1.798 kr/kg



SKINKU OG OSTA CROISSANT
BAKAÐ Á STAÐNUM*
50% afsláttur
115kr/kg
áður 229 kr/kg
Gildir ekki um Nettó Salavegi*



SJÓNVARPSKAKA
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
33% afsláttur
495kr/stk.
áður 739 kr/stk.




SHARWOOD'S SÓSUR
30% afsláttur
TIKKA MASALA
ROGAN JOSH
KORMA
BALTI
MADRAS
244kr/stk.
áður 349 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 27. - 30. okt.**
eða meðan birgðir endast

# Erum að reyna að laga ruglið

Arion banka hefur gengið allt of hægt að endurskipuleggja rekstur Pennans. Þetta viðurkennir bankastjórinn **Höskuldur H. Ólafsson** í samtali við *Stíg Helgason*. Hann gagnrýnir hugmyndir um bankaskatt en segir þó jákvæð teikn á lofti í bankakerfinu.



**STÓRKOSTLEGA ÁMÆLISVERT** Höskuldur hefur stýrt Arion banka í hálft annað ár. Hann segir lánveitingar fyrir hrun að mörgu leyti hafa verið stórkostlega ámælisverðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég get ekki svarað því hvort Penninn er risi á húsgagnamarkaði. Ég bara veit ekkert um það. Ég á fullt hús af húsgögnum og ég held að ekkert þeirra sé úr Pennanum.

*Arion banki samdi nýverið um skuldauppgjör við Kjalar, eignarhaldsfélag Ólafs Ólafssonar. Í því fólst að 77 milljarða skuld var gefin eftir gegn því að bankinn leysti til sín þriðjungshlut í HB Granda. Var þetta eina lausnin í stöðunni?*

„Þetta var ekki eina lausnin en þetta var besta lausnin. Við erum ekki að gefa eftir skuld heldur að afskrifa það sem er tapað.

Málið snýst um að Kjalar átti í ágreiningi um gjaldmiðlaskiptasamninga og taldi sig eiga kröfu upp á 115 milljarða. Á móti áttum við kröfu upp á 77 milljarða við hrunið. Menn hafa verið að semja um svona mál tengd gjaldmiðlaskiptasamningum og menn semja ekki um mál nema þeir telji vafa um hverjar málalyktir verði. Þannig að við stóðum frammi fyrir þremur möguleikum. Ef Kjalar hefði unnið málið hefðum við ekki fengið neitt. Ef við hefðum unnið málið hefðum við fengið þessar endurheimtur sem við fengum núna eftir tvö til þrjú ár. Þriðji kosturinn var einfaldlega að gera þetta núna. Það var ekkert flókin ákvörðun.“

*Eins og þú setur þetta upp hljóma þetta eins og dálítið skrítnir samningar, því að þið virðist hafa haft allt að vinna en Kjalar ekki neitt.*

„Það eina sem Kjalar fær er að þeir halda tómu félagi. Það fer ekki í þrot nema þeir setji það í þrot. En við tökum allt sem er í félaginu, Grandahlutinn og laust fé, sem er samtals rúmlega þrettán milljarða virði. Það er ekki meira í boði fyrir okkur. Við getum til dæmis ekki farið eftir eiganda Kjalars.“

*Hvað segir það um lánveitingarnar til þessa félags á sínum tíma?*

„Margt varðandi lánveitingar til félaga almennt virðist, eftir á að hyggja, hafa verið stórkostlega ámælisvert. Við erum að reyna að laga ruglið og fáum þessi spil í hendurnar út úr umhverfi sem hefur sýnt sig að var alls ekki í lagi. Við þurfum bara að horfast í augu við orðinn hlut.“

*Sjávarútvegsráðherra segir að kanna þurfi hvort þetta eignarhald á Granda sé í samræmi við lög um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. Mun það hafa áhrif á ykkar eignarhald?*

„Nei. Það er í sjálfu sér eðlilegt að menn vilji kanna það allt saman en við teljum að þetta sé allt í góðu lagi.“

*Hvað ætlið þið að eiga þennan hlut lengi?*

„Ég get ekki sagt til um það. Það er ekki markmið okkar að eiga svona fyrirtæki lengi og við munum leita leiða til að selja þetta.“

### Gengið allt of hægt með Pennann

Húsgagnasalar hafa lýst yfir mikilli óánægju með meðhöndlun Arion banka á Pennanum. Fréttablaðið sagði frá því að bankinn hefði nýlega sett 200 milljónir inn í rekstur félagsins, sem hefur tapað ríflega milljarði á tveimur árum. Í fyrra lánaði bankinn Pennanum hálfan milljarð. Höskuldur segir að þegar litið sé til fjárstreymisins hafi bara 100 milljónir – nettó – runnið til Pennans. Lán til félagsins séu í raun ekki annað en skuldbreyting á gömlum lánum.

„Það verður að vera sanngirni í þessum málflutningi. Við erum búin að fara í gegnum endurskipulagningu á örugglega þúsund fyrirtækjum og getum leitt líkur að því að þau hefðu annars ekki lifað. Í bankakerfinu í heild er búið að fara í gegnum mörg þúsund fyrirtæki. Þetta er ekki gert vegna þess að það þurfi ekki og menn horfa til þess að endurskipuleggja ekki eitthvað nema það sé lífvænlegt.

Það segir sig sjálft að þegar Penninn er tekinn yfir, gjaldþrota – keyptur út úr þrotabúinu – þá er hann ekki í góðu standi. Hann var kominn í skelfilegar ógöngur með fjárfestingar úti í heimi, kaffihúsakeðju á Írlandi og verslanir í Eystrasaltsríkjunum. Það varð niðurstaðan hér 2009 að það væri þess virði að bjarga þessu.

Þá horfðu menn til þriggja hluta: Það var horft til þess að bankinn næði sem bestum árangri fyrir sig, það var horft til þess að þarna störfuðu á fjórða hundrað starfsmenn og andinn í svona aðgerðum hefur verið að reyna að verja störf, og svo var horft til birgjanna – að það væru verðmæti í vörumerki og viðskiptasamböndum Pennans, einkum íslenska rekstrinum, og til þess að viðhalda þeim þyrfti að gera upp við birgjana. Í það voru settar 650 milljónir, sem skýrir stærstan hluta tapsins.

Síðan var farið í að endurskipuleggja reksturinn, selja þessar erlendu eignir, hagræða í húsnæðismálum, sameina lagera, fækka sölustöðum og fólki, breyta stjórnskipulagi og lækka laun, allt í þeirri viðleitni að koma fyrirtækinu í gott stand. Við föllumst á að það hefur tekið allt of langan tíma og á það má deila. Penninn er eitt þeirra verkefna sem hafa gengið hvað verst hjá okkur. Það reyndist flóknara en menn sáu fyrir og kannski hafa menn bara ekki gengið nógu hart fram í hagræðingaraðgerðum í byrjun.“

### Hefur alltaf áhrif á samkeppni

Höskuldur segir gagnrýnina á Arion banka þó að einhverju leyti ósanngjarna. Hann hafi ekki fjármagnað nein undirboð eða markaðssókn og tekur fram að bankinn sjái ekki um daglegan rekstur Pennans.

„Ég er ekki að reka bókabúðir og við höfum enga sérstaka vitneskju um að það eigi til dæmis að loka í Hallarmúlanum og flytja inn í Skeifuna. Við sjáum það bara í sjónvarpinu. Og við erum ekki að stýra auglýsingum hjá Pennanum. Penninn er í samkeppnisumhverfi og auðvitað væri heppilegast að margra mati að þessi keppinautur væri bara ekki til, þá væri minni samkeppni. Það er náttúrulega sjónarmið.

Það má leiða að því líkur að í hverju einasta tilfelli þar sem við erum að koma inn í fyrirtæki og fella niður skuldir hafi það áhrif á samkeppni til skemmri tíma, en það hefur verið þokkaleg samstaða um að við komum út úr þessu með heilbrigðara umhverfi til lengri tíma litið. Ég er alveg sammála því að bankarnir eiga að vera sem allra minnst í þessu og eiga helst ekki að eiga nein fyrirtæki, en þetta er staðan sem við erum í núna.“

*En er svona gagnrýni ekki skiljanleg þegar um er að ræða risa í tilteknum geirum?*

„Sem neytandi get ég ímyndað mér að Penninn sé mjög stór á bóka- og tímaritamarkaði en ég get ekki svarað því hvort Penninn er risi á húsgagnamarkaði. Ég bara veit ekkert um það. Ég á fullt hús af húsgögnum og ég held að ekkert þeirra sé úr Pennanum. Penninn er áberandi fyrirtæki. Það þekkja allir Pennann og það geta allir haft skoðun á því sem þeir þekkja. Hann liggur mjög vel við höggi í þessari umræðu. Það er verið að höggva í okkur og gagnrýna okkur og ég get alveg skilið það þótt ég sé ekki fyllilega sáttur við aðferðirnar.“

### Endurskipulagning að mestu búin um áramót

*Hvað með endurskipulagningu fyrirtækja almennt? Hefur hún gengið of hægt?*

„Það verkefni er alveg gríðarlegt en ég held að í heildina megi segja að það hafi gengið ótrúlega hratt hér í þessum banka. Mörg tilfelli hafa gengið miklu hraðar en við áttum von á og svo eru önnur sem hafa gengið miklu verr, af ýmsum ástæðum. Til dæmis hefur lagaleg óvissa um lánasöfn og annað slíkt þvælst fyrir og stundum yfirlýsingar og aðgerðir stjórnvalda.“

*Geturðu áætlað hvenær þessu verður lokið?*

„Að langmestu leyti verðum við búin núna um áramót. Það fer líka eftir ytri aðstæðum og einhver fyrirtæki munu kannski þurfa að koma aftur, en ég á ekki von á að það verði mikið.“

### Misjafnt gefið við yfirfærslu eignasafna

Þegar talið berst að svigrúmi til niðurfærslu skulda heimilanna segir Höskuldur að ójafnt hafi verið gefið við yfirfærslu lánasafna úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju.

„Það hefur vakið feikilega litla athygli að bankarnir fengu ofboðslega misjafna afslætti. Landsbankinn og Íslandsbanki fengu sín lánasöfn til einstaklinga inn á stofnefnahaginn – í október 2008. Við fengum okkar lánasafn inn í janúar 2010. Landsbankinn er búinn að gefa það út að hann hafi fengið 35 prósenta afslátt af lánum heimilanna og Íslandsbanki 30. Við fengum 23, en við fengum okkar inn miklu seinna. Ef þú ætlar að jafnstilla þetta, leiðrétt fyrir verðbólguskotinu sem Landsbankinn og Íslandsbanki nutu góðs af, þá kemur þetta einhvern veginn þannig út að raunverulega fengum við 13 til 14 prósenta afslátt. Þannig að svigrúmið er mjög ólíkt og við erum búin að klára alla þá afslætti sem við fengum af þessum lánasöfnum. En það er sami aðilinn sem situr við samningaborðið við söluna á öllum þremur bönkunum og mér finnst það eiginlega alveg með ólíkindum að menn hafi komist að svona misjafnri niðurstöðu.“

Höskuldur minnir á að Íbúðalánasjóður sé langstærsti aðilinn á húsnæðismarkaði og þar hafi ávallt verið sagt að lítið svigrúm sé til afskrifta. Þar hafi gengið sérstaklega hægt að afgreiða vandamál.

### Dæmalausar hugmyndir um bankaskatt

Höskuldur segir bankaumhverfið í dag að mörgu leyti hættulegt, efnahagslega, lagalega og ekki síst stjórnarfarslega. Menn eigi erfitt með að átta sig á því að hverju þeir gangi til langs tíma.

„Svo maður nefni dæmi er ásetningur stjórnvalda að leggja 10,5 prósenta skatt á eina starfsstétt og hækka launakostnað bankanna sem því nemur. Við höfum fækkað fólki hérna núna um tíu prósent í hagræðingarskyni og í einu vetfangi er þessi hagræðing tekin í burtu. Þetta hlýtur maður að flokka sem verulega mikla stjórnarfarslega áhættu. Þetta er eiginlega dæmalaust.“

Á hinn bóginn sé sömuleiðis margt jákvætt í kortunum og fyrirséð að bankastarfsemi muni breytast töluvert á næstu misserum. Arion sé til dæmis að komast á krossgötur sem kalli á breytt skipulag.

„Við vorum með sérstaka tuttugu manna deild í þessari endurskipulagningarvinnu sem við erum núna búin að leggja af. Síðan hefur verið gríðarleg umsýsla í kringum alls konar fortíðarrannsóknir. Það er fjöldi fólks hjá okkur, líklega 50 til 100 manns á hverjum tíma, að þjónusta skilanefndir, slitastjórnir, Sérstakan saksóknara, Umboðsmann skuldara, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Við finnum að núna er þetta að straumlínulagast þannig að það er að komast á nýr fókus og nýtt skipulag. Nú getum við einblínt meira á framtíðina og boðið viðskiptavinum nýja þjónustu. Við finnum að eftirspurn eftir lánum hjá fyrirtækjum og einstaklingum er að vaxa og þótt fjárfestar séu hræddir út af óöruggu stjórnarfari og lagaumhverfi er mikil fjárfestingargeta. Þannig að við sjáum víða jákvæð teikn.“

*Nú stendur fyrir dyrum sameining Íslandsbanka og Byrs. Hvernig líturðu á stöðuna á bankamarkaði, meðal annars í því ljósi?*

„Ég horfi björtum augum til þess. Það hefur viðgengist að illa rekstrarhæfar einingar hafa verið hér á samkeppnismarkaði, sem hlýtur að teljast umhugsunarvert, eins og Byr sem ákvað að fara í sérstaka markaðssókn á Suðurnesjum þegar hann var ekki rekstrarhæfur. Maður skilur ekki allt í þessu. En það þarf að hagræða í kerfinu og bankarnir þurfa að horfa inn á við líka, það er ekki nóg að hagræða bara með sameiningum og yfirtökum. Bankarnir sníða sér stakk eftir vexti þannig að þeir passi í fötin sín og við höfum tekið forystu í því. Ég held að við munum sjá frekari aðgerðir í þessu kerfi í átt til hagræðingar og ansi miklar breytingar sem kristallast þegar menn fara að einbeita sér að þessum nýju framtíðarverkefnum í stað þess að gera upp fortíðina.“

JÓJÓ EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

# UNDUR VINÁTTUNNAR



Ný og áhrifamikil skáldsaga eftir einn ástsælasta höfund þjóðarinnar um ást og uppgjör, glæp og refsingu – og órannsakanlega vegi vináttunnar.

BJARTUR




„Einstakur höfundur.“
– LE MONDE

„Vel skrifuð skáldsaga,“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

„Vandaður skáldskapur, vel hugsaður, höfundinum til mikils sóma,“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

„Bókmenntaleg stjarna yfir himni eldfjallaeyjunnar.“
– NEUE ZÜRCHER ZEITUNG

DYNAMO REYKJAVIK


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSKT UNGNAUTASNITSEL
500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
BRAUÐOSTUR
300 KR. VERÐLÆKKUN
OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG
VERÐ ÁÐUR
1298 KR.KG
400 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
200 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1298 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAHAKK
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
100% UNGNAUTA-KJÖT
ÍSLANDS NAUT
4 hamborgarar
698 KR.PAKKINN
ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR 80 GR - 4 STK. MEÐ BRAUÐI
ÍSLANDSNAUT
2998 KR. KG
FERSK UNGNAUTA MÍNÚTUSTEIK
FERSKUR KJÖRFUGL
695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur
Vængir
298 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1395 KR. KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
Veldu gæði - veldu Kjarnafæði
KJARNAFÆÐI
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
598 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
798 KR. 12 STK
698 KR. 620G
398 KR. KG
FRÁ AKURSELI
1/2 KG. LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR
359 KR.
NICKY SALERNISPAPPÍR
3 RÚLLUR Í KAUPAUKA
SAMTALS 12 WC RÚLLUR
KJARNAFÆÐI
FROSIÐ NAUTAHAKK
620 GRÖMM
FRÁ NÝJA SJÁLANDI
LÍFRÆNT RÆKTUÐ EPLI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# Neutral STORVASK

## 2498 kr. 8 kg.

HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR

*MEIRA KJÖT, MINNA BEIN* MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA !

# DANSKUR FROSINN 1.6 KG. **HOLDA KJÚKLINGUR**




## 1298 KR.STK

# EUROSHOPPER **FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR**




## 1498 KR. 900 GRÖMM

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Framtíðarsýn að skýrast í orkumálum:

## Búskapur í stað veiðimennsku

Umgengni Íslendinga við auðlindir hefur fram til þessa borið meiri svip af veiðimennsku en búskap. Ef ekki væri fyrir stórhug og einurð fólks eins og Sigríðar Tómasdóttur frá Brattholti og bænda í Mývatnssveit hefði virkjanagleði framkvæmdaglaðra manna á öldinni sem leið líkast til misþyrmt eða gert að engu sumar af stærstu náttúruperlum landsins og þannig hefðu langtímahagsmunir orðið skammtímahagsmunum að bráð.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Aðrar náttúruperlur hafa hins vegar horfið eða spillst vegna virkjanaframkvæmda. Í þeim tilvikum hefur verið deilt um vægi náttúrunnar á móti arðseminni og vel að merkja án þess að haldgóðar upplýsingar um arðsemi hafi legið fyrir. Sú hugsun að líta á allt fallvatn sem rennur óvirkjað til sjávar sem vannýtta orku hefur verið ráðandi.

Nú sér loks fyrir endann á þeirri veiðimannasýn sem einkennt hefur stefnuna eða öllu heldur stefnuleysið í virkjanamálum. Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða er langt á veg komin og verður ef að líkum lætur afgreidd á yfirstandandi þingi. Með henni verður í fyrsta sinn til skýr sýn á það hvar á að vernda og hvar á að virkja.

Í fyrirliggjandi drögum að rammaáætlun kemur líka berlega í ljós að sé eingöngu virkjað þar sem lítið eða ekkert er umdeilt að virkja frá náttúruverndarsjónarmiðum er ekki svo langt í land með að fullvirkjað sé á Íslandi. Hér er vissulega hægt að framleiða miklu meiri orku en þjóðin kæmist nokkru sinni yfir að nýta á heimilum sínum og í framleiðslu á matvælum og öðrum varningi til heimabrúks. Í alheimssamhenginu er framleiðanleg orka á litla Íslandi þó ekki svo mikil. Þannig er ljóst að fullyrðingin um að virkjanir á Íslandi vegi þungt í orkumálum heimsins stenst ekki.

Í aðdraganda virkjanaframkvæmda hefur þeirri mýtu þó iðulega verið haldið á lofti ásamt því að með því að virkja hér á landi séum við Íslendingar að leggja okkar af mörkum til umhverfismála á alþjóðavísu, að íslensk vatnsorka dragi á móti úr notkun mengandi orkugjafa, endurnýjanleg orka á móti óendurnýjanlegri.

Talað er um öll störfin sem skapast bæði við sjálfa virkjanaframkvæmdina og svo einnig við álframleiðsluna sem við tekur, auk útflutningstekna og beinna og óbeinna áhrifa á hagkerfið. Minna hefur farið fyrir heildarútreikningi á arðsemi, enda hefur verð á raforku til stóriðju verið leyndarmál þannig að ekki hefur verið hægt að styðjast við slíkar tölur. Þannig hafa skammtímasjónarmið um hagvöxt vegið allt of þungt þegar ákvarðanir hafa verið teknar um virkjunarframkvæmdir sem vel að merkja eru endanlegar.

Það er mikilvægt að forstjóri Landsvirkjunar talar nú í anda búskaparhugsunarinnar. Í frétt blaðsins í gær segir hann að „ekkert raforkufyrirtæki muni fjármagna sig á því verði sem tíðkast hafi hér áður fyrr“. Veiðimannahugsun og skammtímasjónarmið hafa vikið fyrir búmennsku. Það er mikilvægt þegar um er að ræða náttúru og auðlindir sem við sem nú byggjum landið eigum ekki meiri rétt til en þau sem ófædd eru.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



Hlini er ofdekraður kóngsson og Signý úrræðagóð sveitastelpa. Þau lenda í ævintýrum í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir.



Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rúnir trausti

Ef Alþingi væri fyrirtæki á markaði væri búið að reka þá sem þar um véla og skipta út starfsfólkinu. Aðeins 10,6 prósent aðspurðra í könnun MMR segjast bera traust til Alþingis. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir það fólk sem situr á þingi. Kannski það fari að síast inn að karp á karp ofan, andsvör við þá sem eru þér sammála og kúnstugar deilur um keisarans skegg eru ekki líkleg til að efla traust. Búi alþingismenn yfir einhverri ábyrgðartilfinningu hljóta þeir að taka mark á svona könnunum og ræða hvernig eigi að bregðast við og efla traust á þingið á ný. Sú umræða þarf að vera málþófslaus svo hún skili einhverju.



### Upplýsingar efla traust

Í sömu könnun MMR kemur fram að traust á Landsvirkjun hefur aukist um nær tíu prósentustig á einu ári. 34,2 prósent treysta nú fyrirtækinu í stað 24,7 prósenta í fyrra. Það sem breyst hefur þar á bæ er að í stað leynimakks um raforkuverð fer slík umræða nú fram fyrir opnum tjöldum. Upplýsingar efla nefnilega traust.



### Fyrst skotið, svo spurt

Iceland Express sendi fyrrverandi forstjóra sínum, Matthíasi Imsland, lögbannsbeiðni í vikunni og sakaði hann um að hafa fegrað bókhald. Það eru alvarlegar ásakanir og ætla mætti að málin hefðu verið könnuð rækilega áður en þær voru settar fram. En eftir fund með Matthíasi hafa ásakanirnar verið dregnar til baka. Pálmi Haraldsson, eigandi fyrirtækisins, hefði kannski átt að halda slíkan fund áður en farið var fram með jafn alvarlegan áburð. Jafnvel hefði mátt leita fyrirmyndar í flugáætlun félagsins og vera aðeins of seinn í þetta skiptið.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Nýjung á Alþingi í dag – Útbýting þingskjala á vefnum

Alþingi



Ásta R. Jóhannesdóttir
forseti Alþingis

Í kjölfar nýrra þingskapa verða margar nýjungar í störfum Alþingis á þessum vetri. Í dag, föstudag, verður í fyrsta sinn útbýtt þingskjölum á vef þingsins á milli þingfunda. Þetta var samþykkt með breytingum á þingsköpum í júní. Telst útbýting þingskjala á vef þingsins jafngilda útbýtingu á þingfundi. Hingað til hefur skjölum aðeins verið útbýtt á þingfundi. Breytingarnar munu hafa í för með sér mikla vinnuhagræðingu.

Forseti Alþingis hefur í samræmi við ný þingsköp sett reglur um útbýtingu þingskjala á vef þingsins og í dag verður þingskjölum útbýtt þannig í fyrsta sinn. Í upphafi næsta fundar Alþingis mun forseti síðan lesa upp hvaða þingskjölum hefur verið útbýtt á vefnum og einnig hvaða þingskjölum verður útbýtt á þeim þingfundi sem þá hefst, eins og venja er.

Meginreglan verður áfram að þingskjölum er útbýtt á þingfundi með tilkynningu forseta, en með nýju reglunum má einnig útbýta þingskjölum á vef fram til kl. 8 síðdegis. Útbýting þingskjala á vefnum hefur sama sess og þeim hefði verið útbýtt á þingfundi, m.a. varðandi fresti fyrir upphaf umræðu, en samkvæmt þingsköpum þurfa þingskjöl að hafa verið aðgengileg í tvo daga áður en hægt er að taka þau til umræðu. Sérstakir útbýtingarfundir heyra nú sögunni til. Þingmönnum verður tilkynnt ýmist með tölvupósti eða sms-skilaboðum, eftir því sem þeir óska, þegar ný þingskjöl hafa verið birt á vef Alþingis.

Breytingarnar hafa það einnig í för með sér að þingmenn hafa betri og skjótari aðgang að svörum við fyrirspurnum og skýrslum sem Alþingi hefur samþykkt að biðja um. Áður voru svör við fyrirspurnum og skýrslur ekki aðgengileg fyrr en að loknum þinghléum, en verða nú birt á vefnum jafnóðum og þau berast Alþingi.

Þótt þessi breyting, ein og sér, sé engin bylting í störfum Alþingis er hún gott dæmi um að Alþingi tileinkar sér tækninýjungar, og hefur raunar verið framarlega á því sviði undanfarin ár. Störfin á Alþingi eru í stöðugri framþróun.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fastafylgi er ekki til

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ég tók þátt í síðustu kosningabaráttu gegn Besta flokknum. Þegar hann mældist snemma vors með tvo menn inni í borgarstjórn þótti mér sem öðrum það fremur augljóst að Jón Gnarr væri að „toppa of snemma“. Síðan mældist hann með fjóra, þá hugsuðu menn að nú hlyti þetta að vera algjör toppur. Svo fór hann að mælast með hreinan meirihluta og þá þurfti að fara að gá betur hverjir væru eiginlega á þessum lista.

Hugtakið „að toppa of snemma“ er dæmi um það þegar menn reyna að að skapa sögu þar sem engin saga er. Fylgi flokka sveiflast. Það er alltaf betra að hafa meira fylgi en minna. ESB-andstæðingar eru ekki að toppa of snemma, þeir eru að vinna. Ríkisstjórnin er ekki að toppa seint, hún er óvinsæl.

Annað hugtak sem maður lærir að nota ef maður vill ræða um stjórnmál í spekingslegum tón er hugtakið „fastafylgi“. Það eiga að vera þeir kjósendur sem kjósa flokkanna fjögurra og velta því svo fyrir sér hvaða áhrif hitt og þetta hafi á mögulegt stjórnarsamstarf einhverra þeirra.

En dæmin frá öðrum löndum sýna að mun róttækari uppstokkun er möguleg. Þegar ríkisstjórn hægrimanna féll í kosningum í Póllandi árið 2001 duttu báðir stjórnarflokkarnir út af þingi. Þetta var samt að mörgu leyti ágæt ríkisstjórn. Hún kom á nýju sýsluskipulagi, endurskipulagði menntakerfi barna og unglinga og einfaldaði skattkerfið. En vörumerkin drógu ekki lengur að. Hver á fætur öðrum fundu þingmenn sér aðra flokka og leyfðu þeim gömlu að sökkva til botns. Þetta var, með öðrum orðum, svolítil svona „Gamla Kaupþing, Nýja Kaupþing“ hugsun.

**Nýir flokkar?**

Það er vel hægt að hugsa sér fleiri hugmyndafræðilega samstæða flokka inni á íslenska stjórnmálasviðinu. Kannski vantar umhverfisverndarflokk sem er meira grænn en rauður? Kannski ættu frjálshyggjumenn að bjóða fram? Eða hópar tengdir mótmælendum? Ég hefði síðan ekkert á móti Evrópusinnuðum hægriflokki.

Sjálfstæðisflokkurinn er vitanlega ekki Evrópusinnaður, hann er líklegast ESB-skeptískari en tiltekinn flokk skilyrðislaust. Líklegast er slíkt fólk til en ég hugsa að það sé margfalt minna um það en margir, sérstaklega stjórnmálamenn, vilja ímynda sér.

> Enda er það svo að sá stjórnmálamaður sem gengur að einhverju atkvæði vísu er fljótur að missa það.

Kannski er svokallað fastafylgi flokka svipað að stærð og landsfundir þeirra, en varla mikið meira. Enda er það svo að sá stjórnmálamaður sem gengur að einhverju atkvæði vísu er fljótur að missa það. Stór hluti hverrar kosningabaráttu gengur einmitt út á að hringja í meinta fastafylgið og hvetja það til að kjósa sig. Svo fast er nú það fylgi.

**Þegar flokkar hverfa**

Á Íslandi hefur flokkakerfið lengst af verið í grunninn fremur stöðugt. Jafnvel hrun heils fjármálakerfis kallaði ekki fram verulegar breytingar. VG komu inn í ríkisstjórn í stað Sjálfstæðisflokksins og Borgarahreyfingin komu inn á þing meðan Frjálslyndir duttu út. Við getum séð það á umræðunni að þeir sem lengst hafa fengist við pólitíska orðræðu hafa stundum ekki hugmyndaflug í annað en að færa kjósendur milli oft áður. Það er þannig séð ekki útilokað að deila flokki með fólki sem er ósammála manni um ESB. En það þarf tvo til. Sé yfirgnæfandi meirihluti fólks í einhverjum samtökum á því að maður eigi ekki samleið með því, þá á maður líklegast ekki samleið með því.

**Bara eitthvað annað?**

Margt bendir til að hinir rótgrónu flokkar geti ekki gengið að atkvæðum fólks vísum. En helsti vandi nýrra framboða á Íslandi hefur verið að þau hafa stundum reynt að höfða til allra og engra í senn í stað þess að hafa skýra stefnu og tala fyrir henni. Sé litið til síðustu kosninga hafa ný framboð fyrst og síðast lagt áherslu á að þau væru einmitt „ný“, „öðruvísi“ eða „ekki eins og hinir“. Einhver hljómgrunnur er alltaf fyrir slíkum boðskap en menn vinna ekki kosningar á því að láta eins og þeir bjóði sig fram í stjórnarandstöðu.

Menn eiga að segja: „Þetta viljum við að gera“ og „hér er fólkið sem mun gera það“. Þannig vinna menn til sín fylgi. Jafnvel svokallað fastafylgi einhvers annars.

AF NETINU

## Hr. Martin Wolf hefur talað

Hr. Martin Wolf er aðalhagfræðingur breska stórblaðsins Financial Times. Greinar hans um efnahags- og viðskiptamál eru lesnar um víða veröld og hann nýtur mikils álits fyrir vönduð skrif. Nú hefur Martin Wolf talað um málefni Íslendinga, og á hann er hlustað af athygli.

Martin Wolf segir okkur að halda sem fastast í íslensku krónuna til frambúðar. Hann segist halda upp á litla gjaldmiðla. – Svona getur sá talað sem ekki þarf á krónunni að halda og lítur á hana eins og sjaldgæft frímerki. Veruleikinn er allt annar fyrir okkur sem þurfum að nota hana.

Martin Wolf segir okkur að gengishrun þjóni hlutverkum fyrir þjóðina og telur gengisfellingu tæka aðferð í efnahagsmálum. – Svona getur sá talað sem ekki hefur kynnst verðbólgu og gengisfellingum Íslendinga af eigin raun. Hann getur sjálfsagt ekki ímyndað sér þann vítahring.

Martin Wolf segir að við eigum ekki að ganga í Evrópusambandið enda munum við ekki hafa nokkur áhrif þar. – Engan þekki ég sem heldur að við förum að hafa áhrif þar. En núna fjallar ESB um íslensk málefni án þess að Íslendingar séu einu sinni nálægir til að skýra málstað sinn. Innan Evrópusambandsins getum við myndað bandalög með öðrum smáþjóðum.

Martin Wolf segir okkur að Evrópuþjóðirnar muni ásælast íslenskar auðlindir. – Þetta var kannski frétt á 15. öld. Evrópuþjóðirnar hafa ásælst íslenskar auðlindir æ síðan, ekki síst Bretar, og gera enn.

http://www.pressan.is/pressupennar/

Jón Sigurðsson

GÆÐIN Í GRENDINNI
Lærðu að rækta, tína, veiða, verka, nýta og elda í takt við árstíðirnar.
*Einstaklega glæsileg og eiguleg bók eftir hjónin Gísla Egil Hrafnsson og Ingu Elsu Bergþórsdóttur.*




ALLT Í EINNI BÓK
- brauðbakstur
- uppskriftir
- söltun
- ostagerð
- reyking
- pylsugerð
- villibráð
4.999.-
áður 5.999.-
Gildir til 31. október á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

IÐNVÉLAR
Laser og Fræsivélar
fyrir útskurð, letur, skiltagerð og módelsmíði



LASER ÚTSKURÐARVÉLAR
Fyrir Pappír , Tau, Málma, Tré ofl. efni
Litlar borðvélar upp í stórar iðnaðarvélar.
Hugbúnaður – kennsla – þjónusta




*Hugbúnaður fyrir Letur – skilta – skartgripagerð*



*Leturgerð*



*Útskurður*



*Módelsmíði*
*Fræsarar, fyrir útskurð og leturgerð.*
IÐNVÉLAR
Smiðjuvegi 44-46 – 4142700 • idnvelar@idnvelar.is • www.idnvelar.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

# Réttur barna til vímulauss uppeldis

Samfélagsmál

Björn M. Sigurjónsson
í framkvæmdastjórn SÁÁ



Nú er vímuvarnarvika sem stendur yfir frá 23.-30. október sem er helguð rétti barna til vímulauss uppeldis. Það er mikilvægt að ræða opinberlega um afleiðingar fíknisjúkdóma foreldra á börn. Nýlegar rannsóknir varpa ljósi á fylgni milli fíknisjúkdóma foreldra og barna og vekja upp spurningar um hvernig skynsamlegt er að standa að forvörnum í áfengis- og vímuefnamálum.

Fíknisjúkdómar foreldra hafa víðtæk og skaðleg áhrif á börn þeirra ef ekki er kostur á stuðningi og viðeigandi meðferð. Neikvæð hegðun, svo sem árásargirni, depurð og kvíði, er algengari hjá börnum foreldra með fíknisjúkdóm en öðrum. Þá eru vandamál sem snerta hegðunarerfiðleika, einbeitingarskort, athygli og tengslamyndun algengari hjá börnum foreldra sem glíma við fíknisjúkdóm.

En jafnvel þó að foreldrar hafi ekki verið greindir eða sótt sér meðferð við fíknisjúkdómi getur áfengisneysla foreldra haft mikil áhrif á börn og unglinga. Fjölmargar erlendar rannsóknir staðfesta að á heimilum þar sem áfengis er neytt reglulega hefja unglingar fyrr eigin drykkju og foreldrar geta síður stemmt stigu við áfengisneyslu þeirra.

Rannsóknir gefa vísbendingar um að foreldrar undir áhrifum missi hæfni til þess að setja börnum skýr mörk, veita þeim hlýju og nánd og stuðla þannig að jákvæðri sjálfsmynd barna sinna. Regluleg áfengis- og vímuefnaneysla foreldra eykur líkur á neikvæðri sjálfsmynd barna, kvíða, depurð og leiða. Þá sýna rannsóknir að skýr tengsl eru milli ofbeldis innan veggja heimilis og áfengisneyslu, sem vitað er að hefur alvarleg áhrif á þroska barna sem alast upp í skugga þess.

Foreldrar sem drekka með unglingum til þess að „kenna þeim að umgangast áfengi“ sýna börnum sínum misskilda umhyggju. Margar rannsóknir staðfesta að slík samdrykkja eykur drykkju unglinganna og hættu á að þeir þrói með sér fíknisjúkdóma. Almennt er upplifun barna af foreldrum undir áhrifum vond. Ef pabbinn eða mamman hafa ekki fulla dómgreind er þeim síður treystandi, þau verða óútreiknanlegri og valda barninu öryggisleysi. Eftir því sem neysla foreldris er langvinnari og stöðugri, þeim mun líklegra er að barnið þrói með sér vanlíðan sem það glímir við í uppvexti og fram á fullorðinsár.

Hið jákvæða er að foreldrar sem vilja minnka líkurnar á að börn þeirra þrói með sér fíknisjúkdóm geta líklega gert það. Nærtækast er að bjóða barninu áfengis- og vímuefnalaust uppeldi.

Í nýlegri íslenskri rannsókn kom fram að börn foreldra sem leita sér aðstoðar vegna fíknisjúkdóma eru allt að 2,5 sinnum líklegri til þess að þróa með sér fíkn en börn foreldra sem ekki glíma við fíknisjúkdóm. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í The New York Academy of Sciences árið 2010, en hún náði til 19.000 einstaklinga sem höfðu notið meðferðar á sjúkrastöð SÁÁ á Vogi. Hún leiddi í ljós svo sterka fylgni fíknar að hafi móðir leitað sér meðferðar geta verið allt að 40% líkur á því að barn hennar þrói með sér fíkn síðar á lífsleiðinni.

Niðurstöðurnar eru sláandi og draga fram þá staðreynd að stór hópur íslenskra barna er í áhættuhópi frá unga aldri. Til þess draga úr áhættu þessara barna er skynsamlegast að beina forvörnum að foreldrum þeirra. Það er skilvirkasta leiðin til að tryggja rétt barna til vímulauss uppeldis og bjóða þeim möguleika á lífi án fíknisjúkdóma.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

GAUKSHREIÐRIÐ XXII/08

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# „Vandræða land“

Fjármál

Sverrir Hermannsson
fv. alþingismaður



Sagt er að útrásarvíkingurinn ameríski, Al Capone, hafi verið umsvifamikill í viðskiptum á sinni tíð og hnífur hans oft komizt í feitt. Samt endaði hann ævi sína í rasphúsi, sem margur framtaksmaðurinn hefir mátt þola fyrir skammsýni yfirvalda.

Al Capone átti tvo syni, sem líklegir voru til afreka á viðskiptasviði. Þeim til handa átti faðir þeirra þá heitustu ósk á banadægri sínu, að þeim tækist að verða félagar í stjórn Sölunefndar varnarliðseigna á Íslandi.

Þetta tókst þeim ekki, enda átti Framsóknarflokkurinn fjöldann allan af enn hæfileikaríkari mönnum á að skipa í slíkar stöður.

Þjálfaður maður þaðan tók að sér á sínum tíma að stýra hinu mikla fyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Byggði m.a. hús fyrir umsvifin, sem valdið hefir mörgum arkitektinum iðraþrautum og einnig smekkmönnum öðrum í húsagerðarlist.

Tók síðan að ávaxta sitt pund m.a. með því að selja einkaframtakinu alla mæla hitaveitu, rafmagns og vatns fyrir 230 milljónir króna.

Fyrir Guðs mildi enduðu þessi mælitæki í höndum þrautþjálfaðs mikilmennis í athöfnum, Finns Ingólfssonar. Leigir hann síðan notendum fyrrgreinda mæla fyrir 200 – tvö hundruð – milljónir króna á ári hverju. Mun Einkavæðingarnefnd hafa reiknað út að báðir græði, seljandi og kaupandi, en stjórn Orkuveitunnar var ókunnugt um málið.

Segi menn svo að Al Capone hafi ekki verið framsýnn maður!

Síðar varð einhver voðalegur vandræðagangur í Orkuveitunni sem enginn bar ábyrgð á, sem betur fór. Tókst þó að ríkisvæða hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun fyrir slíka fjárhæð, að útrásarvíkingar veltust um af hlátri, en borgarstjórn grét við stekkinn, og grætur enn með ekkasogum.

Ríkisvæðing hefir nú tekið við af einkavæðingu. Auðvitað óx hún að marki fyrir tæpum þrjátíu árum, þegar tvístirnið Davíð og Halldór afhentu styrkþegum sínum aðal-auðlind Íslands, fiskveiðarnar. Og bættu um betur með aukakvóta til þeirra, sem mest voru aflögufærir, enda létu þeir ekki á sér standa með styrkveitingar í kosningasjóði.

Þar er í frásögur fært, að Samherja á Akureyri var úthlutað aukakvóta sem nam rúmum 18 – átján – milljörðum, þegar gengi þorskkvóta var sem hæst og útvegur Ágústs Einarssonar hlaut sem svaraði 12 – tólf – milljörðum. Og fleiri enn, sem of langt mál yrði upp að telja af gjaldfúsum mönnum.

> Fyrir Guðs mildi enduðu þessi mælitæki í höndum þrautþjálfaðs mikilmennis í athöfnum, Finns Ingólfssonar. Leigir hann síðan notendum fyrrgreinda mæla fyrir 200 – tvö hundruð – milljónir króna á ári hverju.

Að svo komnu ætlar núverandi sjávarútvegsráðherra að fremja „Pottagaldur“ til aukinna atkvæða í næstu þingkosningum.

En sægreifarnir kosta öllu til að verja ránsfeng sinn, vitandi að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal. Fullyrða að íslenzkur sjávarútvegur hafi hvorki verið fugl né fiskur áður en þeir byrjuðu að hagræða, gleymandi því smáatriði, að það var sá útvegur, sem bjargaði Íslandi úr öskustó örbirgðar á örskotsstundu, að kalla má, á árunum í og eftir síðari heimsstyrjöldina, og áður en kvótaþegum var afhentur lunginn úr auðæfum íslenzku þjóðarinnar.

Svo vitnað sé enn í séra Matthías:

*Vandræða land,*
*skakt eins og skothendu kvæði*
*skapaði Guð þig í bræði,*
*vandræða land!*

# Athugasemd við birtingu á vísu

Menning

Ómar Þ. Ragnarsson
sjónvarpsmaður



Í Fréttablaðinu í gær er birt vísa, sem sögð er „vísa Ómars“, þ. e. undirritaðs.

Ekki var haft við mig samband út af birtingunni vegna höfundarréttar né heldur vísan sett í samhengi sitt. Það var slæmt, því vísan er ekki eftir mig heldur þrjá höfunda (reyndar alger undantekning hjá mér að fá að nota vísur eftir aðra), og samhengið stórum villandi.

Hið rétta er þetta: Vegna samskipta forsætisráðherra og forseta datt mér í hug að búa til spjall í skemmtidagskrá minni um hugsanlegt framhald stigmagnaðra samskipta, þar sem fengnir yrðu hagyrðingar til að annast hnútukastið með þekktum stílbrögðum, samanber hendingar K.N: „skammastu þín, svei þér / go to hell and stay there“, en fornvinur minn Hermann Jóhannesson hafði einmitt notað slíkt í nýrri vísu auk annarrar gamallar hendingar. Skilyrði í hnútukastinu yrði að nota a. m. k. eitt erlent orð í hverri vísu.

Pistill minn fól í sér þrjár vísur en ekki þá einu sem birt var í gær.

**1. Bréf til Jóhönnu frá Ólafi:**

*„Andúð mín nú á þér vex*
*alltaf með þitt röfl og pex, -*
*táknmynd anda leiðinlegs.*
*Láttu mig vera, grimma heks!“*

**2. Jóhanna svarar:**

*„Öllum við því hugur hrýs*
*hvernig þú til ills ert vís.*
*Ólafur Ragnar Grímsson grís*
*go to hell and stay there, please!“*

**3. Að lokum takast þó sættir með sameiginlegri vísu beggja hagyrðinga í anda þess þegar Magnús Torfason sýslumaður á Ísafirði leysti illskeytt meiðyrðamál:**

*„Sáttaviljinn sífellt vex,*
*sæt og blíð er Jóka heks.*
*Ólafur Ragnar Grímsson grís,*
*gefðu´henni nú kossinn, please!“*

Yfirbragð framangreinds pistils er allt annað þegar jafnvægis er gætt í honum sem heildar heldur en þegar ein rangfeðruð vísa er slitin úr samhengi.



**Ferðafélag Íslands og Háskóli Íslands** standa fyrir ferð um Heiðmörk á morgun. Þar fjallar Daði Már Kristófersson, dósent í náttúruauðlindahagfræði, um verðmæti náttúrunnar. Gangan hefst við Elliðavatnsbæinn klukkan 14. Nánar á www.hi.is og www.fi.is.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457







**Sigurjón Hannesson kokkur deilir uppskrift að saltfiski með humri, sellerípurée og karabísku mangói.**

# Saltfiskur á spænska vísu



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurjón Hannesson, kokkur á Forréttabarnum, mælir með uppskrift að saltfiski með humri. „Rétturinn er ljúffengur, einfaldur og fljótlegur í framkvæmd – ef fyrirmælum er fylgt í hvívetna,“ segir Sigurjón og lætur þess getið að fiskurinn sé undir spænskum og asískum áhrifum sem meðal annars einkenni matseld staðarins. „Áhrifin eru sótt víðar og réttirnir eru því jafn fjölbreyttir og þeir eru margir en allir eiga þeir þó sameiginlegt að vera lostæti.“

Sigurjón starfaði áður á hótelinu Bygholm Park, gömlum herragarði á Jótlandi. Hann segir Forréttabarinn ekki síður spennandi vinnustað. „Þetta er fyrsti forréttastaður landsins og sú nýsköpun heillaði.“

*roald@frettabladid.is*

## SALTFISKUR MEÐ HUMRI OG FLEIRA GÓÐGÆTI

Að hætti Forréttabarsins

80 g saltfiskur, hnakkar
1 stk. humar
1 stk. sellerírót
karabískur mangó

*Veltið saltfiski upp úr hveiti og steikið upp úr olíu á pönnu. Passið að hita pönnuna fyrst, annars soðnar fiskurinn. Steikið humar ásamt saltfiski. Gætið þess að steikja hann ekki lengur en í eina mínútu.*

*Flysjið sellerírót, veltið upp úr olíu og látið bakast í ofni við 160 gráður í um hálftíma eða þar til rótin verður alveg mjúk. Kælið. Maukið saman við 100 g af smjöri í blandara. Notið salt og pipar eftir smekk.*

**Karabískt mangó**

3 stk. fersk mangó
2 stk. appelsínur
1 stk. límóna
1 stk. rauður chili, maukaður
½ ferskur ananas
300 g þurrkaðar apríkósur
hvítvín
hunang

*Skerið eitt stykki mangó í litla teninga og geymið. Flysjið appelsínur; skerið kjötið í teninga. Kreistið safa úr límónu og skerið börk í strimla. Flysjið ananas, fjarlægið kjöt og skerið í litla teninga. Skerið niður tvö mangó og apríkósur og sjóðið í 5 dl af hvítvíni og 6 msk. af hunangi í um 25 mín. Maukið allt saman í blandara nema chili. Sjóðið blöndu ásamt mangóteningum sem voru geymdir í tíu mínútur. Kælið lítillega. Bætið chili-mauki út í eftir smekk.*




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 28. október 2011



# Hildur
## Björk Yeoman
### Litrík og dramatísk

- E-LABEL SNÝR AFTUR
- Á RÚMSTOKKNUM
- ÁHRIFAVALDURINN

VERÐ
Kr. 12.950
FJÖLNOTA-TÆKI

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

SKANNI OG PRENTARI

Epson SX420W
- Prentari og skanni með LCD skjá
- Þráðlaust netkort
- Prentar í 5760x1440 punkta upplausn
- Skannar í 1200x2400 punkta upplausn
- Kortalesari. USB. Windows og Mac.

EPSON

# núna

✻ Ljósaseríur og kerti



**LJÚF STUND** Fallegir kertastjakar eru ekki aðeins skemmtilegir skrautmunir fyrir heimilið heldur gera þeir köld, dimm haustkvöld afskaplega ljúf með þægilegri birtunni sem stafar af kertaljósi. Alveg ómissandi fyrir veturinn!

## meðmælin

### Hrollvekja á Boston



Hrekkjavakan verður haldin hátíðleg á skemmtistaðnum Boston annað kvöld. Hrekkjavökufögnuðurinn er orðinn að árlegum viðburði á staðnum og í ár mun DJ Rósa koma fram og skemmta uppvakningum, draugum og öðrum furðuverum með góðri tónlist.

### Lifandi Harpa

Undiraldan er ný tónleikaröð sem haldin er í Hörpu í samstarfi við 12 Tóna. Tónleikarnir verða haldnir í Kaldalóni tvisvar í mánuði og eru fyrstu tónleikarnir í dag klukkan 17.30. Hljómsveitirnar Sykur og Just Another Snake Cult munu ríða á vaðið og koma fram í Kaldalóni í dag. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.



Endurkoma fatamerkisins E Label:

# AFTUR Á MARKAÐ

Fyrirtækið hefur legið í dvala í smá tíma og við ákváðum þess vegna að selja það og gefa því nýtt líf," segir Heba Hallgrímsdóttir, fyrrverandi eigandi fatamerkisins E Label sem flestir tískusinnaðir Íslendingar ættu að kannast við.

Það var athafnamaðurinn Jón Ólafsson sem keypti fyrirtækið af Hebu og Ástu Kristjánsdóttur en Heba heldur áfram að starfa í fyrirtækinu. „Það má eiginlega segja að ég hafi fylgt með í kaupunum og er því starfsmaður E Label núna. Við ætlum að gera þetta skemmtilegt á ný og taka merkið aftur á þann stað sem það var þegar það byrjaði," segir Heba en E Label varð meðal annars frægt fyrir leggings sem poppdívan Beyoncé heillaðist af og hannaði svo svipaðar fyrir sitt eigið merki.

Það er fatahönnuðurinn Ásgrímur Már Friðriksson sem á heiðurinn af hönnun leggingsbuxnanna en hann hannaði fyrir fatamerkið fyrir nokkrum misserum. Ási, eins og hann er kallaður, gengur nú aftur til liðs við E Label. „Það er frábært að fá Ása aftur. Hann er mjög klár fatahönnuður og á heiðurinn af mörgum af flottustu E Label-fötunum," segir Heba. Hennar hlutverk innan fyrirtækisins er að stjórna hönnunarferlinu ásamt hönnuðinum, sjá um framleiðsluna og samskiptin við útlönd. „Um leið og fyrsta fatalínan hans Ása er tilbúin, vonandi í byrjun næsta árs, förum við með merkið á erlendan markað. Það má eiginlega kalla þetta endurkomu E Label."

Heba ber Jóni Ólafssyni vel söguna en hann hefur verið að teygja anga sína inn í tískubransann undanfarið sem eigandi fyrirsætuskrifstofunnar Elite, íslenska tískuviðburðarins Reykjavík Fashion Festival og fatamerkisins Eva Lín.

„Jón sér möguleika í hlutunum en hann kemur ekkert að daglegri stjórnun fyrirtækisins og gefur okkur frjálsar hendur," segir Heba. Nýjar vörur frá E Label eru væntanlegar í verslunina 3 Smárar og á netsíðuna www.shopelabel.com á næstu vikum.

*alfrun@frettabladid.is*



**E Label aftur á markaðinn** Heba Hallgrímsdóttir seldi fatamerkið E Label til Jóns Ólafssonar en fylgdi með í kaupunum og ætla þau Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður að stuðla að endurkomu E Label-merkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


SOHO MARKET




SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16, sími 553 7300 • Opið mán–fös 12–18, laugard 12–17


Lezark í versluninni GK:

# Surface to Air kemur til Íslands



**Hannar föt** Leigh Lezark hannar fatalínu og skó fyrir merkið Surface to Air sem er nýkomið í sölu hjá GK. NORDICPHOTOS/GETTY

Verslunin GK hefur nú tekið í sölu fatamerkið Surface to Air sem flestir tískuáhugamenn kannast við en merkið er frægt fyrir fagra skó og skemmtilegar flíkur. Fyrirtækið hóf störf í París árið 2000 og hefur starfað með fjölmörgum frægum nöfnum eins og hljómsveitinni Kings of Leon, Justice og Sonic Youth.

Í fyrstu sendingunni sem GK tók upp í vikunni eru skór sem hannaðir eru af plötusnúðinum og tískufyrirmyndinni Leigh Lezark en hún er nafnið á bak við nýja fatalínu frá merkinu. Lezark vekur hvarvetna athygli fyrir skemmtilegan og töffaralegan fatastíl sem eflaust endurspeglast í fatalínunni.

*- áp*



## ✻ augnablikið



**FLOTT** Leikkonan Keira Knightly mætti í þessum fallega kjól frá hönnuðinum Roksanda Ilincic á frumsýningu kvikmyndarinnar Dangerous Method í London.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Tinni!
Bolir, bækur, lyklakippur, styttur, töskur, veski o.fl.

TINTIN

**HÖNNUÐUR: HERGÉ**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal









Ný andlit á tískupöllunum í ár:

# Nýliðarnir slá í gegn

Tískuvikunum í New York, London og París lauk í september og voru nokkur ný andlit áberandi á tískupöllunum þetta árið. Danska fyrirsætan Josephine Skriver er á meðal þeirra sem hafa verið að gera það gott auk rússnesku fyrirsætunnar Juju Ivanyuk.





### CODIE YOUNG

**Aldur:** 18
**Þjóðerni:** Áströlsk
**Hvar hefur þú séð hana?** Young sýndi eitt sinn 39 sýningar í röð. Stúlkan hefur bókað verkefni nánast daglega undanfarnar vikur og á eftir að verða stórstjarna innan tískuheimsins. Hún hefur meðal annars sýnt hjá Calvin Klein, Dries Van Noten, Chanel, Richard Chi og Marc by Marc Jacobs.

### XIAO WEN JU

**Aldur:** Ekki vitað
**Þjóðerni:** Kínversk
**Hvar hefur þú séð hana?** Xiao Wen Ju hóf fyrirsætuferil sinn í fyrra og er þekkt fyrir dúkkulegt útlit. Hún hefur sýnt hjá 3.1 Phillip Lim, DKNY, Louis Vuitton, Mugler og Prada og setið fyrir í tímaritum á borð við Interview og Vogue.



### JOSEPHINE SKRIVER

**Aldur:** 18 ára.
**Þjóðerni:** Dönsk.
**Hvar hefur þú séð hana?** Skriver fór að vekja töluverða athygli í vetur og hefur sýnt fyrir Calvin Klein, Rag & Bone, Preen, Gucci og Max Mara. Í lok sumars opnaði hún sýningu Albertu Ferretti og lokaði einnig sýningu Prada. Við eigum án efa eftir að sjá miklu meira af Skriver í nánustu framtíð.



### CAROLA REMER

**Aldur:** 20 ára
**Þjóðerni:** Þýsk
**Hvar hefur þú séð hana?** Remer hefur sýnt fyrir hönnuði á borð við Diane von Furstenberg, Tom Ford, Rochas, Ohne Titel, Halston, Cacharel, Ralph Lauren, Gianfranco Ferre, Moschino, Sportmax, Jean-Paul Gaultier og Emilio Pucci. Að auki hefur hún prýtt auglýsingar Agent Provocateur og setið fyrir í tímaritunum Harper's Bazaar, Self Service og hinu kínverska Vogue.



### JUJU IVANYUK

**Aldur:** 20 ára
**Þjóðerni:** Rússnesk
**Hvar hefur þú séð hana?** Ivanyuk hefur slegið í gegn undanfarið ár og verið í sýningum hjá m.a. Calvin Klein, Donnu Karan, Marc Jacobs, Dolce Gabbana, Jil Sander, Chanel, YSL og Miu Miu. Auk þess hefur hún prýtt síður fjölda tískutímarita.




Stíll - Laugavegi 58, 101 Reykjavík sími: 551 4884 - www.stillfashion.is




## Öðruvísi tískusýning

**Tískumerkið Forever 21 sýndi nýverið haust- og vetrarlínu sína fyrir þetta ár og var það gert á heldur óhefðbundinn máta. Fyrirsætur gengu ekki aðeins um gólf heldur einnig upp veggi og á hvolfi.**

**Forever 21 hefur verið að auka umsvif sín undanfarið og opnaði nýverið verslanir í Hong Kong, Peking og Sjanghæ. Greinilegt var að ganga átti í augun á nýjum viðskiptavinum og því voru fyrirsæturnar sem gengu sýninguna ekki annað en heilmyndir sem gátu þar af leiðandi gengið bæði upp með veggjum og á hvolfi. Sýningin vakti mikla lukku og vaknaði sú spurning hvort þetta verði framtíðin þegar tískusýningar eru annars vegar.**

## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*



### Unaðsstundin lengd

**?** Mig langaði til að spyrja þig út í endingu karlmanna í rúminu. Kærastinn minn og ég stundum frábært kynlíf en vandamálið er að hann endist mjög stutt í samförum. Í staðinn höfum við oft langan forleik en það þýðir yfirleitt að hann er orðinn mjög spenntur þegar kemur að samförum. Getur þú gefið einhver ráð um að auka endinguna?

**Svar:** Í fyrsta lagi þarf að skoða hvað þú meinar með „mjög stutt" þar sem slíkt mat er mjög huglægt og því einstaklingsbundið. Finnst kærasta þínum þetta vera vandamál? Viljið þið bæði lengja tímann í samförum þá er möguleg lausn að hann fái fullnægingu áður en samfarir hefjast. Hann gæti þá sinnt þér á meðan hann jafnar sig eftir sína fullnægingu og ætti þá vonandi að vera til í samfarir aftur þegar þú ert það. Hann er þá vonandi minna spenntur og ætti að endast lengur. Svo má auðvitað stunda samfarir oftar en einu sinni í hvert skipti. Þá má einnig prufa rofnar samfarir en það krefst þess að hann dragi liminn út þegar honum finnst hann vera nálægt fullnægingu og „hvíla" hann í stutta stund eða þar til hann treystir sér aftur til samfara. Þetta er ákveðin þjálfun sem krefst æfingar svo það ætti ekki að skemma fyrir. Þú getur fundið nánari leiðbeiningar í kynlífshandbókum.

**?** Þú talar oft um að lykillinn að góðu kynlífi sé að geta talað saman. Áttu til ráð fyrir konur sem eiga einfaldlega mjög erfitt með að tjá sig um slíkt? Ég og kærasti minn höfum verið saman í nokkur góð ár og ég aldrei sagt neitt (og jafnvel gert mér upp fullnægingu) og mér finnst erfitt að eiga að fara að tjá mig núna. Bæði af því ég er tepra og af því ég er hrædd um að hann komist þá að sannleikanum – að ég hafi aldrei fengið það með honum.

**Svar:** Byrjum á einu, þú ert ekki tepra því það er asnalegt orð sem á ekki heima í samræðum um kynlíf. Ekki stimpla þig sem slíka og þar með nota það sem afsökun fyrir tjáningarleysi og sjálfsfróunarleti. Ef þú getur gert þér upp fullnægingu og stunið með trúverðugleika þá getur þú tala við kærasta þinn. Er málið ekki frekar það að þú þekkir sjálfa þig ekki nægjanlega vel til að biðja kærasta þinn um að fullnægja þér? Ef þú veist hvað þér þykir gott þá er um að gera að biðja um það beint. Þú getur sleppt öllum orðum og sýnt honum það næst þegar þið stundið kynlíf. Það er miklu meira vesen að gera sér upp stunur og leggangavætu en að stýra hendi og höfði á ákveðna staði.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*





the PIER
TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM!
28.-30. OKTÓBER
NÝTT! PROVENCE
NÝ GEGNHEIL EIKARVÖRULÍNA
ÁN VSK!
HNETUBRJÓTARNIR KOMNIR!
GLERSKÁPUR 139.900.-
ÁN VSK 110.521.-
BORÐSTOFUBORÐ 99.900.-
ÁN VSK 78.921.-
HLIÐARBORÐ 79.900.-
ÁN VSK 63.121.-
STÓLL 19.900.-
ÁN VSK 15.721.-
FRÁBÆRT ÚRVAL AF GLÖSUM!
NÝ GLÖS!
ÁN VSK!
GLÖS 4 Í PAKKA
4990.- ÁN VSK 3942.-
NÝJIR PÚÐAR
VERÐ 1290.-3490.-
ÁN VSK 1019.-2757.-
3F2
AF KERTUM
NÝJIR LITIR!
NÝJIR KÖKUDISKAR! FRÁ 2990.-
ÁN VSK FRÁ 2362.-
NÝTT!
ÁN VSK!
SNIÐUGIR SNAFSALEIKIR Í PARTÝIÐ
2990-3990.-
ÁN VSK 2362-3152.-
ÁN VSK!
SJÓNVARPSSKENKUR 89.900.-
ÁN VSK 71.021.-
SNYRTIBORÐ 69.900.-
ÁN VSK 55.221.-
NÁTTBORÐ/HLIÐARBORÐ 34.900.-
ÁN VSK 27.571.-
LAMPAR FRÁ 9990.-
ÁN VSK FRÁ 7892.-
GARDÍNUR FRÁ 1990.- ÁN VSK 1572.-
ÁN VSK!
ALLAR SNYRTIVÖRUR
the PIER
FINNDU OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**Litríkur hönnuður** Hildur Björk Yeoman útskrifaðist sem fatahönnuður árið 2006, hún sló fyrst í gegn fyrir skrautlegar púðulhundatöskur sínar. Hildur opnar listasýningu í Hafnarborg á morgun ásamt Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara.

# LITRÍK ÚTHVERFAPRINSESSA

**Hildur Björk Yeoman fatahönnuður hefur vakið athygli með litríkri og sérstæðri hönnun sinni. Hún tók þátt í Norræna tískutvíæringnum í Seattle í haust og opnar listasýningu ásamt Sögu Sigurðardóttur í Hafnarborg á morgun.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink




Hildur Björk er nýkomin heim frá Seattle þar sem hún sýndi á Norræna tískutvíæringnum auk annara hönnuða og listamanna. Nú leggur hún lokahönd á verk fyrir sýningu sem hún setur upp ásamt Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara. Sýningin, sem er haldin í Hafnarborg, ber heitið Hamskipti og er þetta í annað sinn sem þær stöllur taka höndum saman og vinna að sýningu.

Sýningin tvinnar saman litríka hönnun Hildar og ljósmyndir Sögu í formi myndverka, innsetninga og vídeóverka. Hildur hannaði heila fatalínu fyrir sýninguna sem hún segir innblásna af goðsögnum og verum sem hafast við í undirdjúpunum og endurspeglar efniviðurinn og litanotkunin það. „Ég sótti meðal annars innblástur í kvikmyndirnar The Abyss og Alien og í ýmsar goðsögur um hafmeyjur og aðrar furðuverur. Ég hannaði fatalínu fyrir sýninguna sem Saga svo myndaði og svo unnum við áfram með þær myndir. Við viljum skapa marglaga upplifun sem gerir þeim sem að kemur kleift að sogast inn í ævintýraheim Hildar og Sögu," útskýrir Hildur Björk. Sýningin verður opnuð klukkan 15 á morgun og stendur til áramóta.

## SLÓ Í GEGN MEÐ PÚÐULHUNDA

Hildur segist alltaf hafa haft áhuga á tísku og hönnun og var dyggur aðdáandi sjónvarpsþáttarins Fashion Television sem sýndur var á RÚV. „Ég held það sé auðveldara að nálgast tískuna í dag en þegar ég var ung. Þá horfði maður á Fashion TV með Jennie Baker og las bækur en í dag er hægt að fylgjast með öllu á netinu. Eftir grunnskóla ákvað ég að fara á myndlistarbraut í FB og ákvað svo að skrá mig í fatahönnun eftir stúdentinn og fannst það alveg frábært. Ég fór meðal annars í skiptinám til Berlínar, í skóla sem Vivienne Westwood kenndi við. Hún var reyndar nýhætt kennslu þegar ég byrjaði því hún þótti of gömul samkvæmt þýskum lögum," segir Hildur og hlær.

Hildur útskrifaðist frá LHÍ árið 2006 en vakti fyrst athygli fyrir litríkar púðulhundatöskur sem hún bjó til úr nótagarni. „Upphaflega langaði mig bara að búa eitthvað til úr nótagarni og fara þá eins langt frá uppruna efnisins og ég gæti. Nótagarn er oftast notað við sjávarútveg og mér fannst púðulhundurinn vera ansi langt frá því. Eftir það gerði ég svanatöskur en núna hef ég ákveðið að taka mér frí frá dýraríkinu í bili. Fólk var farið að óska eftir kisutöskum, bolabítum og öðrum dýrategundum og þá fannst mér komið nóg."

Hildur sneri sér því næst að hönnun fatalínunnar Cherry Bomb sem frumsýnd var á Reykjavík Fashion Festival í mars. Línan þótti afar sérstök og fjallaði tískubloggarinn Susie Bubble meðal annars um hana á bloggi sínu. „Aðeins fylgihlutirnir eru til sölu, flíkurnar eru ekki framleiðsluvænar þannig að þær eru ekki til sölu. Þær voru meira hugsaðar sem kynning eða auglýsing fyrir mig sem hönnuð og hafa virkað ágætlega á þann hátt. Nú eru þær í London þar sem þær flakka milli stílista fyrir ýmis verkefni."

Innt eftir því hvort henni þyki ekki erfitt að senda línuna frá sér út í heim svarar Hildur því neitandi. „Nei, það er alls ekki erfitt. Það býður ekki upp á neitt að halda henni hér heima hvort sem er. Auðvitað vona ég að ég fái flíkurnar allar heim í heilu lagi en ef þær skemmast þá þýðir lítið að leggjast í eitthvað þunglyndi."

## DRAMATÍSK OG LITAGLÖÐ

Hildur Björk kom sér nýverið upp vinnustofu við Skúlagötuna þaðan sem hún hefur útsýni yfir Faxaflóann. „Ég eyði öllu mínu í liti og vefnaðarvöru og þegar ég hugsa til baka skil ég varla hvernig ég hafði pláss fyrir þetta heima hjá mér. Það er lúxus að vera komin með vinnustofu og geta breitt úr sér og svo er líka gott að komast út af heimilinu og fara í vinnuna eins og venjulegt fólk. Ég held það bjargi alveg geðheilsunni."

Vinnustofa Hildar er litrík og björt og þar má sjá verk eftir hana sjálfa auk nokkurra flíka úr nýju línunni. Aðspurð viðurkennir hún að hönnun hennar sé jafn litrík og vinnustofan og jafnvel svolítið dramatísk. „Ætli ég mundi ekki segja hana dramatíska og litaglaða. Ég held í það minnsta að hönnun mín sé hvorki hlédræg né hversdagsleg. Fyrir Cherry Bomb-línuna sótti ég innblástur til kvenpersóna á borð

# FERÐIR

FÖSTUDAGUR **28. OKTÓBER 2011**

**Kynningarblað**
**Utanlandsferðir**
**Innlend þjónusta**
**Fróðleikur**
**Forynjur og furðuverur**




# Stefnumót við fótboltahetjur og spennandi heilsuferðir

**Áhugafólk um íþróttir og heilsu ætti að finna eitthvað við sitt hæfi í ferðum sem íþrótta- og viðburðadeild Úrvals Útsýnar skipuleggur fyrir fólk á öllum aldri. Deildarstjórinn Sigurður Gunnarsson segir margt spennandi á döfinni.**

Við skipuleggjum viðburði tengda íþróttum; heilsuferðir, golfferðir, gönguferðir, skíðaferðir, æfingabúðir og keppnisferðir fyrir alla aldurshópa allt árið um kring," upplýsir Sigurður og segir enska boltann fyrirferðarmikinn um þessar mundir. „Hann hefur ávallt verið vinsæll en aldrei eins og nú, enda orðinn aðdráttarafl fyrir alla fjölskylduna. Einstök stemning fylgir því að fara á völlinn, hlýða á og jafnvel taka þátt í fjöldasöng og upplifa nálægð við leikmenn."

Fótboltaferðirnar eru sniðnar fyrir hópa og einstaklinga og býður Úrval Útsýn beint flug bæði til London og Manchester í allan vetur. „Við miðum ferðirnar út frá þeim liðum sem trekkja mest að. Þar koma Manchester United, Liverpool og Lundúnaliðin, Arsenal og Tottenham, og þessi sigursælustu lið sterk inn," bendir Sigurður á og bætir við að ferðaskrifstofan geti útvegað miða á alla leiki.

> **Einstök stemning fylgir því að fara á völlinn og [...] upplifa nálægð við leikmenn..**

Sól og náttúrufegurð bíður hins vegar þeirra sem leggja leið sína til Tenerife, blómaeyjunnar sívinsælu í Kanaríeyjaklasanum. Þangað skipuleggur Úrval Útsýn ýmsar heilsutengdar ferðir á komandi mánuðum að sögn Sigurðar. „Við bjóðum, í samstarfi við líkamsræktarstöðina Actic, upp á nýjung: tíu vikna aðhaldsnámskeið hjá Actic undir leiðsögn þjálfara sem hefst í janúar og lýkur með heilsuferð til Tenerife í mars. Þar sjá þjálfarar Actic um spennandi dagskrá."

Á Tenerife verða sömuleiðis í boði sívinsælar „Ný og betri"-ferðir fyrir konur undir stjórn Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur, þar sem áhersla er á hreyfingu og næringarfræði. Bjargey fær þar til liðs við sig leikkonuna góðkunnu Eddu Björgvinsdóttur sem miðlar af reynslu sinni og þekkingu eins og henni er einni lagið. „Þeir sem vilja geta einnig valið um skipulagðar gönguferðir á Tenerife í mars eða í þýsku Ölpunum í ágúst þar sem gengið er frá morgni til kvölds og notið lífsins þess á milli á góðu hóteli," segir Sigurður.

Utan íþrótta- og heilsutengdra ferða skipuleggur Úrval Útsýn ýmsa aðra viðburði yfir árið. Sigurður nefnir sem dæmi fagsýningar fyrir kennara og kerfisstjóra á fyrsta ársfjórðungi 2012. „Við verður með tölvu- og kennarasýningu, Bett, í London í janúar og aðra sambærilega, Education Show, í Birmingham í mars. Fagsýningar af þessu tagi eru ætíð eftirsóknarverðar og til marks um það stefnir nú í metþátttöku.

Golfiðkendur mega heldur ekki missa af spennandi jóla- og áramótaferðum til Spánar og svo eru skíðaferðirnar í Alpana alltaf vinsælar." Sigurður bendir á að allar upplýsingar um ferðir Úrvals Útsýnar megi nálgast á heimasíðu ferðaskrifstofunnar á www.urvalutsyn.is.



Fótboltaferðir Úrvals Útsýnar njóta ávallt vinsælda. Enski boltinn er til dæmis orðinn aðdráttarafl fyrir alla fjölskylduna.



Úrval Útsýn býður ýmsar sérsniðnar ferðir. Að sögn Sigurðar Guðmundssonar er margt spennandi fram undan.



Hvern dreymir ekki um gönguferð um þýsku Alpana? Úrval Útsýn býður ferðir þangað í ágúst á næsta ári.



## SKÍÐAFERÐIR Í ÖLPUNUM

**Á hverju** ári fara þúsundir Íslendinga í skíðaferðir í Alpana. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur við allra hæfi, ítölsk matargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna, er upplifun sem allir ættu að njóta. Skíðaáfangastaðir Úrvals Útsýnar í vetur eru Selva val Gardena og Madonna di Campiglio á Ítalíu, en þar eru ein glæsilegustu skíðasvæði heims og hafa verið vinsælustu skíðaáfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Starfsfólk Úrvals Útsýnar hefur margra ára reynslu í skíðaferðum og veit hvernig þú vilt hafa skíðaferðina þína.



## SKEMMTISIGLINGAR – FLJÓTANDI LÚXUS HÓTEL!

**Tilhugsunin um** fljótandi lúxushótel sem líður á milli áfangastaða er freistandi. með því að fara í skemmtisiglingu vaknar þú daglega á nýjum og spennandi áfangastað. Dýrindis matur er í boði allan daginn og langt fram á nótt og um borð er ótrúlega margt til skemmtunar. Úrval Útsýn er með samning við stærstu skipafélög heims og selur fjölbreyttar ferðir sem henta öllum. Skoðaðu úrvalið á www.urvalutsyn.is




# Á slóðir forynja og furðuvera

**Drakúla, snjómaðurinn ógurlegi, Loch Ness-ormurinn og önnur skrímsli hafa löngum haft ómstæðilegt aðdráttarafl í hugum fólks. Árlega heimsækir fjöldi ferðamanna staði sem tengjast ýmsum forynjum í gegnum þjóðtrú, hrollvekjur eða frásagnir sjónarvotta.**

Flestir kannast við söguna um Drakúla greifa sem írski rithöfundurinn Bram Stoker gerði skil í samnefndri skáldsögu frá árinu 1897. Þar segir af illræmdum greifa í Transilvaníu í Rúmeníu sem öðlast eilíft líf við það að drekka blóð annarra. Ein fyrirmynd greifans var Vlad nokkur Tepes, aðalsmaður í Transilvaníu á 15. öld, sem naut þess að staksetja óvini sína og var kallaður Vlad staksetjari. Ýmsir staðir tengjast Tepes en einna þekktastur er rúmenski Bran-kastalinn, byggður af germönskum riddurum á 14. öld sem þúsundir ferðamanna flykkjast nú til að sjá á ári hverju.



Drakúla er þekktasta vampíra allra tíma. Vinsælt er að heimsækja staði sem tengjast fyrirmyndinni Vlad Tepes.

Bran-kastalinn er ekkert einsdæmi um aðdráttarafl furðuvera á ferðamenn. Árlega heimsækir fjöldi fólks staði sem eru annaðhvort sögusvið þekktra hrollvekja eða sögusagnir eru uppi um að þar hafi sést til vampíra, varúlfa, uppvakninga eða annars óskapnaðar.

Annað þekkt dæmi er Notre Dame kirkjan í París sem var byggð á 12. öld og þykir vera gotneskt meistaraverk í byggingarlist. Ekki er einstakur byggingastíll þó eina ástæða þess að kirkjan er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða borgarinnar. Vinsældirnar má líka rekja til sígildrar sögu franska rithöfundarins Victors Hugo, Hringjarinn frá Notre Dame, frá 1831 en hún segir af tilraun hringjara til að bjarga sígaunastúlku úr klóm biskupsins í Notre Dame.

Annar beljaki en öllu varasamari er snjómaðurinn ógurlegi í Himalajafjöllum í Nepal. Hann hefur verið þekktur í Asíu um þriggja alda skeið og gengur þar undir ýmsum nöfnum, svo sem Yeti og Meh-Teh. Snjómaðurinn er talinn líkjast mannapa og gengur um á tveimur fótum og er því hálfgerð hliðstæða við Stórafót í Norður-Ameríku. Árangurslausar tilraunir hafa verið gerðar til að mynda ófreskjuna og aðeins náðst myndir af stórum fótsporum í snjó sem sumir vilja meina að séu eftir hana.



Sumum þykir sem ljósmyndir af stórum fótsporum í snjónum í Himalajafjöllum sanni tilvist snjómannsins.



Notre Dame kirkjan þykir margbrotið meistaraverk í gotneskri byggingarlist. Kirkjan er sögusvið Hringjarans frá Notre Dame eftir Victor Hugo.

Að sama skapi hafa verið gerðir út leiðangrar til að skera úr um hvort fótur sé fyrir tilgátum um ormlaga skrímsli í Loch Ness-vatninu. Í þeim tilgangi var lítill kafbátur settur í þetta annað stærsta stöðuvatn Skotlands árið 1969 en hafði ekki árangur sem erfiði. Sú fýluferð hefur þó engin áhrif haft á þann stríða straum ferðamanna sem liggur til Loch Ness ár hvert þar sem vinsælt er að sigla á vatninu og svipast um eftir skrímslinu í von um að ná mynd.

Íslendingar eiga sína útgáfu af Loch Ness-ófreskjunni, Lagarfljótsorminn, sem sagt er að lifi góðu lífi í Lagarfljóti á Fljótsdalshéraði. Ef marka má þjóðsögur og frásagnir sjónarvotta er ógrynni skrímsla að finna um land allt og helst á Vestfjörðum. Ekki er til dæmis lengra síðan en í sumar að kafari sagðist hafa séð dularfull kvikindi í djúpum holum í Geirþjófsfirði í Arnarfirði.

Þess má geta að í Bíldudal er Skrímslasetur þar sem hægt er að fræðast um forynjur og furðurverur úr þjóðtrúnni.

*Helstu heimildir: wikipedia.org og visindavefur.hi.is*

**Kynning - auglýsing**

# Enn betri þjónusta

**Reykjavik Excursion – Kynnisferðir hefur þjónustað ferðamenn í rúma fjóra áratugi. Nú stefnir nýr framkvæmdastjóri á frekari uppbyggingu fyrirtækisins og þjónustu.**

Við stefnum að því að vaxa og þá sérstaklega að byggja upp rekstur ferðaskrifstofu fyrirtækisins," segir Kristján Daníelsson, nýr framkvæmdastjóri Reykjavík Excursions – Kynnisferða. Kristján er ekki ókunnur ferðamálum en hann starfaði á Hótel Sögu í tæp 10 ár, þar af sem hótel- og framkvæmdastjóri frá árinu 2007.

Starfsemi fyrirtækisins hófst árið 1968 og hefur síðan þá verið í fararbroddi bæði í lengri og styttri ferðum fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Þá hefur fyrirtækið rekið Flugrútuna til Keflavíkurflugvallar frá árinu 1979. Kristján segir uppbygginguna undanfarinna ára metnaðarfulla og hyggst halda henni áfram.

„Reykjavik Excursions – Kynnisferðir er gamalgróið fyrirtæki og hér hefur verið unnið mikið og gott starf. Fram undan er greining á innri starfsemi fyrirtækisins og að marka því stefnu til framtíðar," segir Kristján. „Við erum ferðaskrifstofa í dag en ætlum að skilgreina okkur upp á nýtt, skoða nýja möguleika og finna hvar tækifærin liggja. Flugrútan er stór hluti af okkar starfsemi og hefur verið rekin áratugum saman með góðum árangri. Við erum að skoða möguleika á að auka þjónustu við farþega flugrútunnar, meðal annars með aðgengilegri vef til farmiðakaupa," útskýrir Kristján. „Ferðatíðni Flugrútunnar hefur einnig aukist í samræmi við aukna tíðni flugs til og frá Keflavíkurflugvelli."




Kristján Daníelsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Reykjavík Excursions, hyggur á frekari uppbyggingu fyrirtækisins. MYND7VALLI

**Við erum ferðaskrifstofa í dag en ætlum að skilgreina okkur upp á nýtt, skoða nýja möguleika og finna hvar tækifærin liggja.**

Nýi vefurinn fer í loftið á næstu tveimur vikum en þar verður hægt að bóka far með Flugrútunni í tveimur einföldum skrefum á www.flugrutan.is/www.flybus.is. „Með útprentaðan miða kemst farþeginn beint um borð í rútuna og sleppur við biðraðir," segir Kristján.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni, www.re.is



Þriggja mastra eikarskútan Fram. MYND/NORDIC PHOTO/GETTYIMAGES

# *Tímamótaár hjá Fram*

Skonnortan Fram er meðal þess sem skemmtilegt er að skoða í Ósló. Fram er talið rammgerðasta viðarskip sem smíðað hefur verið og var sérhannað fyrir heimskautasiglingar. Safnið Frammuseum, sem hýsir skútuna, er á eynni Bygdøy en þangað eru bátsferðir frá bryggjunni við norska ráðhúsið og einnig gengur strætisvagn númer 30 úr miðborginni. Eftir landgangi stíga gestir um borð í þetta magnaða skip, komast undir þiljur, skoða káetur, eldhús og aðrar vistarverur leiðangursmanna og virða fyrir sér vélbúnaðinn. Í safninu er líka forvitnilegt myndefni, bækur og munir frá ferðum hinna hugrökku, norsku landkönnuða og sleðahunda þeirra í fimbulkulda um ísilögð úthöfin.

Fyrsta ferð Fram var með Fridtjof Nansen í tilraun hans til að ná norðurpólnum á árunum 1894-1896. Otto Sverdrup stýrði Fram í þeirri ferð og fór síðar á skútunni að kanna eyjaklasa vestan Grænlands á árunum 1898-1902. Frægasta ferð Fram var þó með Roald Amundsen og fjóra fylgdarmenn hans til Suðurskautslandsins 1910-1912. Amundsen náði pólnum 14. desember árið 1911, fyrstur manna, rúmum mánuði á undan Bretanum Robert Scott sem fórst úr hungri og kulda á heimleiðinni ásamt öllum sínum mönnum.

Á Bygdøy eru fleiri sjófarendasöfn. Eitt þeirra er Maritime, þar sem siglingarmenningu Norðmanna eru gerð skil, annað er víkingaskipasafn og það þriðja, Kon Tiki, er um farkosti og ferðir ævintýramannsins Thors Heyerdahl.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512-5411. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Ítölsku Alparnir



## 9 nátta ferð nýr valkostur!

**Beint morgunflug með Icelandair til Verona**

**Vinsælar gistingar að seljast upp.**



Fararstjórar: Einar, Anna, Evert og Örn

Ljósmyndari: Randy Lincks

**Þökkum frábærar viðtökur!**

### Flugáætlun:

19. janúar - 9 dagar
28. janúar - 12 sæti laus
4. febrúar - 8 sæti laus
11. febrúar - Uppselt!
18. febrúar - 18 sæti laust
25. febrúar - Aukaferð



Lilja Jónsdóttir er einn af ferðaráðgjöfum VITA og hefur áralanga reynslu af sölu skíðaferða.



**Við erum á**
Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavik Nordica

## Madonna di Campiglio



### Hótel St. Hubertus — 19. - 28. janúar ★★★

Einn vinsælasti skíðastaður á Ítalíu. Þægilegar brekkur sem henta öllum!

**Verð frá 157.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel St. Hubertus sem er þriggja stjörnu hótel á besta stað í Madonna.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.
* Verð án Vildarpunkta 167.900 kr.

## Val di Fiemme



### Hótel Shandrani — 19. - 28. janúar ★★★★

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

**Verð frá 185.100 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel Shandrani, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 195.100 kr.

## Selva, Val Gardena



### Hótel Olympia — 19. - 28. janúar ★★★

Selva, Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

**Verð frá 221.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á á hótel Olympia, sem er staðsett í um 200 metra fjarlægð frá lyftum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 231.400 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 56909 10/11



Edinborg er önnur tveggja breskra borga sem komust á lista Tripadvisor yfir þær tíu borgir í Evrópu sem bjóða upp á bestan mat og drykk.

## BESTIR Í MAT OG DRYKK

**Á vefsíðunni** Tripadvisor.com er birtur listi yfir þær tíu borgir í Evrópu sem bjóða upp á mestar lystisemdir í mat og drykk að mati lesenda síðunnar. Það þarf ekki að koma á óvart að ítalskar borgir eru þar áberandi, en margir reka væntanlega upp stór augu við það að sjá nöfn tveggja breskra borga á listanum.

Flórens trónir efst á listanum, París er í öðru sæti og síðan Róm og Sorrento. Í fimmta sæti er svo borgin York á Englandi sem ætti að gleðja Breta þar sem þeir hafa ekki verið þekktir sem miklir matgæðingar fram að þessu. Tvær ítalskar borgir verma sjötta og sjöunda sætið, Siena og Bologna. Spánn á borgirnar í áttunda og níunda sæti, San Sebastian og Barcelona, og í tíunda sætinu er höfuðborg Skota, Edinborg, önnur breska borgin á listanum.



Hið nýja Legoland í Flórída er risastórt.

## STÆRSTA LEGOLAND HEIMS

**Nýr Legolandskemmtigarður** var opnaður í Winter Haven í Flórída 15. október síðastliðinn. Þetta er annar Legoland-garðurinn í Bandaríkjunum en sá stærsti á heimsvísu.

Garðurinn nær yfir sextíu hektara svæði. Þar er að finna yfir fimmtíu skemmtitæki og sýningar sem byggja á mörgu því sem er í boði í öðrum Legoland-görðum. Legoland er að finna á fimm stöðum í heiminum. Fyrsti Legoland-garðurinn var byggður í Billund í Danmörku árið 1968 en síðan þá hafa verið opnaðir garðar í Windsor á Englandi, Günzburg í Þýskalandi, Kaliforníu í Bandaríkjunum og nú síðast í Flórída.

Enn fleiri Legoland-garðar eru í farvatninu. Áætlað er að opna Legoland í Malasíu á næsta ári, og verður það fyrsti Legoland-garðurinn í Asíu. Það var ætlunin að opna Legoland í Dubai á þessu ári en framkvæmdir hafa tafist.

## ALLT UM KÍNA

Radio86 er eitt stærsta vefupplýsingasafn um Kína sem til er á netinu en það ber yfirskriftina Allt um Kína á íslensku. Hjá Radio86 starfar fjölþjóðlegur hópur fréttaritara og er vefsíðan á dönsku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, hollensku, íslensku, litháísku, norsku og sænsku.

Á íslensku síðunni er boðið upp á fréttir, greinar og upplýsingar um það sem er að gerast í Kína, auk reglulegra birtinga á margmiðlunarefni, hljóðupptökum, myndum og fréttaþáttum. Fjallað er um kínverskan efnahag og umhverfi, menningu, lífsstíl, mat, stjörnuspeki og ferðalög. Þá er boðið upp á tungumálakennslu þar sem gefin eru hljóðdæmi af framburði alls kyns gagnlegra orða og setninga.

Radio86 er dótturfyrirtæki FutuVision Media Ltd. Höfuðstöðvarnar eru í Tampere í Finnlandi en auk þess eru skrifstofur í París og Peking.



Á vefsíðunni er hafsjór fróðleiks um Kína.


Akstur frá BSÍ til flugstöðvarinnar með Flugrútunni tekur um það bil 45 MÍNÚTUR

flugrútan

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

flybus

Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Kauptu miða á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti!

27. mars. - 29. október 2011

| Mán. - lau. | Sunnudagur |
|---|---|
| 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 |
| --- | --- |
| 09:30 | --- |
| 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 |
| --- | --- |
| 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | --- |
| --- | --- |
| 23:00 | 23:00 |

Gildir frá 30. október 2011 - 31. mars 2012

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 10:00 | --- | 10:00 | --- | 10:00 | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | 16.00 |






Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum

SAF STARFSMENNTA-VIÐURKENNING 2011

Global Passenger Network®

Ferðaskrifstofa

flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík

☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

við Juliette Lewis úr Natural Born Killers og Cherie Currie úr hljómsveitinni The Runaways – báðar mjög litríkir karakterar.“

### MANÍSK Á MEÐGÖNGUNNI

Hildur er í sambúð með Daníel Björnssyni listamanni og saman eiga þau soninn Diðrik Högna sem verður þriggja ára í byrjun næsta árs. „Diðrik Högni hefur voða gaman af því að pæla með mér í hönnun og máta hitt og þetta en svo hefur hann líka gaman af Spiderman. Ætli hann sé ekki bara eins og flest börn og sýnir umhverfi sínu áhuga,“ segir hún.

„Daníel segir að ég hafi orðið hálf manísk þegar ég gekk með Diðrik Högna því ég kom svo miklu í verk, þar á meðal fyrstu fylgihlutalínunni. Ætli mér hafi ekki liðið eins og ég væri að renna út á tíma, ég bjóst ekki við því að eiga stund aflögu eftir fæðinguna og þess vegna ákvað ég að drífa mig í því að gera allt. En með góðu skipulagi hef ég getað sinnt vinnunni, barninu og hönnuninni án þess að falla á tíma,“ segir hún brosandi. Hildur starfar sem kennari við fatahönnunarbraut LHÍ samhliða hönnuninni og líkar vel. Daníel starfar einnig við skólann ásamt því að vera einn af umsjónarmönnum Gallerí Kling og Bang. Listarinnar vegna þarf parið oft að ferðast út fyrir landsteinana og viðurkennir Hildur að það geti stundum verið flókið að púsla saman stundaskránum. „Við leyfum hvort öðru að blómstra, eins væmið og það hljómar. Daníel fær að sinna sínu og ég fæ að sinna mínu og ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Það gerir mér til dæmis mjög gott að komast út, hlaða batteríin og finna mér innblástur.“

### ÚTHVERFAPRINSESSA ÚR GRAFARVOGI

Hildur er uppalin í Grafarvoginum og segir Daníel kalla sig „úthverfaprinsessuna“. Hún dvaldi mikið hjá föður sínum í Vesturbænum þegar hún komst á unglingsaldurinn en hefur verið búsett í 101 síðastliðin ár. „Mamma flutti lengra inn í Grafarvoginn þegar ég var unglingur og ég náði ekki Mónó FM á nýja staðnum. Ég hlustaði alltaf á Doktor Love með Páli Óskari og fannst alveg ömurlegt að ná ekki lengur þættinum í útvarpinu þannig að ég eyddi miklum tíma í Vesturbænum þar sem bæði var hægt að ná útvarpsstöðinni og njóta frábærs félagsskapar.“

Spurð út í eftirnafn sitt segir Hildur það enskt að uppruna og að föðurafi hennar hafi komið hingað til lands með bandaríska hernum. „Afi var frá New Jersey og mjög skrýtinn karl. Pabbi hans var enskur en mamma hans ungversk/rússneskur gyðingur og fyrrverandi matselja hjá mafíunni. Ég hitti hana nokkrum sinnum þegar ég var barn og var alltaf jafn hrædd við hana. Afi var líklega þekktastur fyrir að reka Marinós Pizzu en það fór í klessu þegar hann ætlaði að breyta því í „topless“ pitsustað og hann flutti þá aftur til Bandaríkjanna.“

Þegar Hildur er að lokum spurð út í framtíðaráform sín segir hún þau alls óráðin. „Mig langar mikið út að vinna. Ég er ekki neinn óskastað í huga heldur er ég opin fyrir öllu. Þessar stóru tískuborgir eru allar svo ólíkar og hver með sinn sjarma þannig að það er erfitt að velja eina fram yfir aðra. En í grunninn eru framtíðarplönin bara að halda áfram að hanna,“ segir hún að lokum.

myndaalbúmið



Ég, stelpurnar í Vík Prjónsdóttur, Mundi Vondi og Jóhanna í Kría design þegar við sýndum í Seattle. Við skelltum okkur í túristaferð í Space Needle.



Þetta er mynd úr sýningunni okkar Sögu Sigurðardóttur, Hamskipti, sem verður opnuð í Hafnarborg.



Mynd sem Jói Kjartans tók af okkur fjölskyldunni í megastuði á opnun, eins og sést á mér.





Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

www.maxfactor.com www.medico.is




Nýir og endurbættir varalitir og varablýantar sem innihalda rakagjefandi og nærandi innihaldsefni fyrir varir þínar. Mýkri og stinnari varir á aðeins 7 dögum!

Hagkaup Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind. Lyf og Heilsa Austurveri, Eiðistorgi, Fjarðarkaupum, Hringbraut, Kringlunni, Mosfellsbæ. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjar apótek, Garðs Apótek, Lyfjaborg, Lyfjaver Suðurlandsbraut, Lyfjaval Bílaapótek, Rima apótek, Snyrtivöruverslunin Nana, Urðarapótek. Landið: Lyf og Heilsa Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn. KS Suðárkróki.



**Á tískuvikunni í New York** Elin Kling á Tibi-tískusýningunni nú í september.
NORDICPHOTOS/GETTY



**Nowhere** Elin er farin að hanna eigin fatalínu sem ber heitið Nowhere.



**Flott** Elin þykir hafa mjög flottan stíl.

# Elin Kling

**Áhrifavaldurinn**

*Hin sænska Elin Kling* heldur úti einu vinsælasta tískubloggi Skandinavíu í dag. Hún gefur jafnframt út tískutímaritið Style By og er fyrsti bloggarinn sem hefur verið fenginn til að hanna fatalínu fyrir sænska tískurisann H&M. Kling hóf feril sinn innan tískuheimsins sem fyrirsæta og bjó þá í Mílanó. Hún þykir afskaplega smekkleg og einkennist fatastíll hennar af hreinum, fallegum sniðum í bland við þægilegar, stórar peysur og gallabuxur.

**1.** Taska frá Friis & CO. **2.** Hálsmen frá Topshop. **3.** Peysa úr versluninni Zöru. **4.** Buxur úr Vero Moda. **5.** Kápa frá Zöru. **6.** Skór úr versluninni Friis & CO.
















**1. Jeffrey Campbell** 38.900kr. **2. Shoe the bear** 19.900kr. **3. Won Hundred** 34.900kr **4. Shoe the bear** 19.900kr
**5. Shoe the bear** 19.900 **6. Shoe the bear** 23.900kr **7. Shoe the bear** 23.900 **8. Shoe the bear** 19.900kr.
**9. Filippa K** 44.900kr. **10. Shoe the bear** 23.900kr. **11. Shoe the bear** 33.900kr. **12. Won Hundred** 44.900kr.
**13. Won Hundred** 39.900kr. **14. Filippa K** 37.900kr. **15. Suit** 24.900kr. **16. Surface to Air** 66.900kr.
**17. Shoe the bear** 25.900kr. **18. Won Hundred** 33.900kr. **19. Won Hundred** 37.900kr.
**20. Shoe the bear** 36.900kr. **21. Jeffrey Campbell** 29.900kr.

---

GK REYKJAVIK ◆ LAUGAVEGI 66 ◆ 565 2820

SÆLLA ER AÐ GEFA EN ÞIGGJA

Sérblað um fyrirtækjagjafir kemur út þann 9. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is






**Frísklegt** Í haust þykir fallegast að vera sem náttúrulegastur í útliti og með rjóðar kinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Bættu í snyrtibudduna:

# ÓMISSANDI FYRIR HAUSTIÐ

Haustið er komið og kuldanum fylgir gjarnan þurr húð og sprungnar varir. Til að geta notið fallegra haustdaga er því ráð að maka á sig góðum kremum til að halda húð og hári mjúku og vel nærðu á þessum myrkustu mánuðum ársins.

**1. *Hárnæring*** Þegar kólnar í veðri þarf að hugsa sérstaklega vel um húð og hár. Hárnæringin Damage Daily Hair Repair frá Aveda gefur hárinu prótín og gerir við skemmt hár.

**2. *Handáburður*** Góður handáburður er nauðsynlegur í haust og vetur til að koma í veg fyrir þurrar hendur og sprungna húð. Handáburðurinn frá L'Occitane inniheldur meðal annars shea butter sem nærir og mýkir húðina.

**3. *Naglalakk*** Þótt blómin séu fölnuð þýðir það ekki að næstu mánuðir þurfi að vera litlausir. Málið neglurnar í öllum regnbogans litum og lífgið þannig upp á kalda haustdaga. Litavalið hjá Opi er mikið og fallegt.

**4. *Líkamskrem*** Á veturna er meiri hætta á að húðin verði þurr eftir sturtuferðirnar og þess vegna er mikilvægt að eiga gott krem til að bera á líkamann. Líkamskremið frá L'Occitane gefur húðinni fullkominn raka.

**5. Varasalvi** Það þekkja allir óþægindin sem fylgja því að vera með þurrar og sprungnar varir. Komið í veg fyrir varaþurrk með góðum varasalva, þessi frá Clinique er bæði rakagefandi og með fallegum lit.

**6. *Andlitskrem og farði*** Nýi farðinn Matchmaster frá Mac gefur húðinni náttúrulegt yfirbragð og ver um leið húðina í frostinu. Einnig er kremið Fortified Skin Enchancer Illuminateur flott eitt og sér og líka undir farðann en kremið gefur húðinni fallegan gljáa.




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

**Meira en 80% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí-sept. 2011


LAVAZZA
THE REAL
ITALIAN ESPRESSO
EXPERIENCE
THE COFFEE OF WIMBLEDON
www.lavazza.com
LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE
QUALITÀ
ROSSA



# YFIRHEYRSLAN

**Gísli Galdur Þorgeirsson, plötusnúður og tónlistarmaður.**



**Ertu A- eða B-manneskja?** Ég er kamelljón þarna á milli.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Conversing with Cage eftir Richard Kostelanetz og Barbapabbi fer í langferð.



**Ef ég byggi ekki í Reykjavík byggi ég í:** Þá mundi ég búa í Múmíndal.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Hljómplatan Animalog með Bix.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Minimoog og þriggja metra háan lavalampa.

**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég kann ekki að stinga mér.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Vatn og kampavín.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** She´s a Rainbow með hljómsveitinni Rolling Stones.






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# HREINSUN

EFTIR SOFI OKSANEN

**Áleitið og óvægið verk sem lætur engan ósnortinn**

Margrét Helga Jóhannsdóttir · Arnbjörg Hlíf Valsdóttir
Vigdís Hrefna Pálsdóttir · Stefán Hallur Stefánsson
Þorsteinn Bachmann · Pálmi Gestsson · Ólafur Egill Egilsson
Leikstjóri: Stefán Jónsson

Næstu sýningar:

28. okt. 4. nóv. 5. nóv. 12. nóv. 13. nóv. 19. nóv. 20. nóv. 24. nóv. 25. nóv. 2. des. 3. des. 10. des. 11. des.

Sími í miðasölu 551 1200

PIPAR\TBWA • SÍA



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Láttu Draumaeldhúsið þitt verða að veruleika með HTH

Veldu réttu innréttinguna fyrir heimilið þitt. HTH er hágæða dönsk framleiðsla og þú hefur tvo valkosti!

1) SÉRPANTAÐ OG SAMSETT



INNRÉTTINGAR Í
• ELDHÚS
• BAÐHERBERGI
• ÞVOTTAHÚS
SKÁPAR Í ÖLL HERBERGI

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

2) LAGERVARA OG ÓSAMSETT

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á VÖRU OG VIRKNI

12 MÁNAÐA VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15

Persónuleg og góð þjónusta

ORMSSON

Viltu að við hönnum sérstaklega fyrir þig nýju eldhús- eða baðinnréttinguna – án greiðslu?

Viltu fá faglegar ráðleggingar við endurnýjun innréttinga og svo pottþétt verðtilboð?

*Endilega komdu þá í heimsókn!*

LÁGMÚLA 8 · 2. HÆÐ · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2819 / 530 2821 · www.hth.dk

## Húsbílar



Benz O 309, breiðari gerð, árg. '82, fornbíll, húsbíll. Disel 6cl. sk. 12, V. 1.400.000 Uppl. 867 3080.

## Fjórhjól



Til sölu 2 fjórhjól: Linhai 300 4x4 árg. 2007 , götuskráð , skoðað 2012 , ekið ca.2 þús km. Hjólið er í toppstandi , nýr rafgeymir , umboðsaðili VDO . Verð 490.000- Einnig Jianshe Puma 250 , árg. 2006, ekið ca.1.000 km . , afturhjóladrifið , Vélaborg er umboðsaðili. Verð 250.000- Engin skipti.Uppl.s.864 0984.



Polaris Sportsman 850 árg. 2010, ek. 4.600 km. stærri dekk, brettakantar, upphækkað, aukatankur, Xenon, rafmagnsstýri, spil, hlífar og fleira. Uppl. s. 615 2626 .

## Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

### Grásleppuveiðimenn

Grásleppunetin komin, margir litir. Flottóg, býtóg og felligarn og margt fl. Heimavik ehf. S. 892 8655. www.heimavik.is

### Skötuselsnet

Skötuselsnet felld og ófelld. Heimavík ehf. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Bílaþjónusta




## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Hjólbarðar




### Dekkjavélar

Affelgunar og Ballancevélar. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is




ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir




Salur, Take away og Heimsendingaþjónusta. S. 55 12345 / italiano.is

## Pípulagnir

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Pawel ræsting

Alþrif fyrir heimili - fyrirtækjaþrif - Steinteppu- og teppahreinsun - Bónvinna. S. 842 6522

Húsfélög, vönduð og ódýr þrif á stigagöngum og sameignum. S. 618 3469.

### A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

### 20% afsláttur fyrir eldriborgara og húsfélög.

Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Uppl. s. 774 5775.

## Garðyrkja







## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

### Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Tölvur




## Dulspeki-heilun

Spákona. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyra. S. 866 6597 Ásdís Spámiðill.

## Veisluþjónusta

### Matur ehf.

Villibráðaveislur, fermingar og fleira. Gerum tilboð í allar veislur, stórar sem smáar. Erum með sal fyrir allt að 300 manns. Uppl. á matur@tskoli.is eða í s. 691 5976.

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Nauthólsvegur 50

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna lóðarinnar nr. 50 við Nauthólveg. Í breytingunni felst að þriggja hæða skrifstofuhluti er hækkaður í fjórar hæðir. Einnig að komið verði fyrir lyftuhúsum allt að tveimur metrum upp úr þaki. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 28. október 2011 til og með 9. desember 2011**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 9. desember 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík 28. október 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

# Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012.

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2011/2012, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Sveitar-/bæjarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.
Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012 er til **9. nóvember 2011**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (**viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. desember 2010**), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.

2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnum niðurstöðuna.

Ráðuneytið vinnur nú að endurskoðun og einföldun reglna, sem gilt hafa um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa, og vekur athygli á að breytingar geta orðið á framkvæmd úthlutunar frá fyrra fiskveiðiári.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**Allt fyrir Hrekkjavökuna í Partýbúðinni:**
Tvær hæðir stútfullar af flottum vörum, yfir 400 nýjir vöruliðir. Fullorðinsbúningar, Barnabúningar, Hárkollur, Andlitslitir, Fylgihlutir, Vopn, Grímur, Vampírutennur, Nornahattar, Nornakústar, Borðbúnaður, Köngulóarvefur, Loft-, vegg- og borðskraut, Gasblöðrur, Þurrís, o.fl., o.fl. Opið til kl 11-18 þri og mið, en 11-20 fim, fös og laugardag. Verið velkomin, Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**20-35% afsláttur**
af völdum vörum til októberloka. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 S.517-8060. ditto.is

Ódýrt blek og tóner
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
Sími 553 4000

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu þvottavélar, þurrkara, uppþvottavélar. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.




**Hrekkjavakan 2011**
Ertu klár? Hjá okkur færðu allt sem þarf: Búninga, farða, vampírutennur, litalinsur, skraut ofl. Úrvalið er á hokuspokus.is. Velkomin í Hókus Pókus Laugavegi 69. S-551-7955.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
849 0698
www.bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Snyrting




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Hreinr. Golden Retriever hvolpar t. sölu. Afh. 8v nóv. Örm. Spraut. Ættbók. hilmargolden.123.is S. 698 0110 eða 899 2988.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrílitir. S. 896 9478 Gunnar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Til leigu snyrtileg 3.herb. íbúð í Mosfellsbæ. Sérinngangur nýuppgerð. Laus 1.nóv frekari uppl. í s:846 5374

Gullfalleg 80fm íbúð á jarðhæð í Grafarholti til leigu. 2 Svefnherbergi, sér geymsla, þvottahús í íbúð og útgengt í barnvænan garð. Verð 140þ á mánuði. LAUS STRAX. s.8668179 Greta/ s.6168643 Elvar

Falleg 2ja herb. Íbúð í Hverafold til leigu í 1-3 mánuði. Fullbúin húsgögnum. Allt til alls. Kr. 149.000.- S.6989874

Herbergi til leigu fyrir kvk með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt hlemmi. Sími 661 5219.

Stórglæsileg 147fm, 2ja hæða íbúð til leigu í Grafarholti. Örstutt í skóla og verslunarkjarna. Allar nánari uppl. fást með að senda tölvupóst johannes.georgsson@gamail.com

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Atvinnuhúsnæði

Tvö iðnaðarhúsnæði í 101 Reykjavík til leigu. Uppl. í s. 849 3230 e. kl. 13.

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Við bjóðum þér skemmtilega aukavinnu eða aðalvinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. í s 8411448

## Viðskiptatækifæri

**Aukavinna - Viðskipti ?**
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www.lw-global.com/is eða 564 5959.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Íslensk-ameríska félagsins verður haldinn í húsnæði Arionbanka, Borgartúni 19, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 17. Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins. Stjórnin

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**

**Í kvöld, föstudaginn 28. október kl. 20:30** heldur **Haukur Ingi Jónasson** erindi sem hann nefnir **Andlegur bakhjarl siðfræðinnar** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 29. október 15:00 er opið hús og 15:30** er bókarkafli úr **bókinni** *Að höndla hamingjuna* eftir **Bertrand Russell** lesinn af hljóðdiski.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

36 ára myndarlegur barnlaus maður óskar eftir að kynnast góðri konu með framtíðarsamband í huga. S. 776 4019.

Unga fallega konu langar ad hitta mann. S.8665039


;Á FERÐINNI



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457



# KRÓNAN

# ÚTSALA Á LAMBALÆRUM



20% afsláttur

**1149** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri, ferskt

20% afsláttur

**1149** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri, New York marinerað

20% afsláttur

**1149** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri m/hvítl.&rósm.



**1798** kr. kg
Folaldasnitzel

**2598** kr. kg
Folaldapiparsteik

**2598** kr. kg
Folaldainnralæri



**593** kr. stk.
Verð áður ~~698~~ kr. stk.
Real Organic indverskar sósur

**577** kr. stk.
Verð áður ~~679~~ kr. stk.
Real Organic pastasósur

**373** kr. stk.
ÍM fetaostur m/ kryddblöndu og ólívum

**79** kr. kg
Íslenskar kartöflur, í lausu



Lambakjöt LAMBAKJOT.IS

GOÐI

KYNNING Á ÚRVALS LAMBAKJÖTI!

Smakk · Kynning · Uppskriftir · Ráðgjöf

## SVEITA-MARKAÐURINN

ER Á MORGUN LAUGARDAG

HEFST KL. 11⁰⁰

Sveitamarkaðurinn er í Krónunni Bíldshöfða / Granda / Lindum / Mosfellsbæ / Akranesi / Selfossi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ · Krónan Mosó · Krónan Höfða · Krónan Granda · Krónan Akranesi · Krónan Breiðholti · Krónan Lindum · Krónan Vestmannaeyjum · Krónan Reyðarfirði · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Selfossi

# tímamót

timamot@frettabladid.is



37 **JOAQUIN PHOENIX** leikari er 37 ára.

*„Það reynist mér alltaf erfitt að koma tilfinningum mínum í orð.“*



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórey J. Bjarnadóttir**

umboðsmaður Happdrættis Háskóla Íslands,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 10. október. Útförin hefur farið fram. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir alúð og góða umönnun.

**Ríkarður Másson** **Herdís Þórðardóttir**
**Björn Másson** **Kolbrún Dexter**
**María Másdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar og móður okkar,*

**Lovísu Loftsdóttur**

Grýtubakka 6.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir góða umönnun og aðhlynningu.

**Einar Andrés Einarsson**
**Edda Björgmundsdóttir**
**Bragi Björgmundsson**



†

*Okkar ástkæra*

**Aðalheiður Magnúsdóttir**

sérkennari,

lést fimmtudaginn 20. október á Landakotsspítala. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 28. október kl. 15.00.

**Pétur Hauksson** **Sylvía Ingibergsdóttir**
**Þórður Hauksson** **Kristjana Fenger**
**Magnús Hauksson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
**Gerður Sif Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, sambýlismaður, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Guðmundsson**

fyrrv. vegaverkstjóri frá Drangsnesi,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 17. október, verður jarðsunginn frá Drangsneskapellu laugardaginn 29. október nk. kl. 14.00.

**Valgerður G. Magnúsdóttir** **Ásbjörn Magnússon**
**Guðmundur B. Magnússon** **Guðrún Guðjónsdóttir**
**Sigríður B. Magnúsdóttir** **Arinbjörn Bernharðsson**
**Ester Friðþjófsdóttir**
**Sigurgeir H. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

BRÆÐURNIR TOLLI OG BEGGI MORTHENS GEFA ÚT BÓK UM BÚDDISMA

# Dagurinn í dag skiptir máli



**BÓK UM BÚDDISMA** Bræðurnir Tolli og Beggi Morthens gefa út bókina Hugarró. Útgáfunni verður fagnað á vinnustofu Tolla í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta er fyrsta grunnrit um Búdda á íslensku og mikilvægt hjálparmeðal á þeim tímum sem við lifum í dag,“ segir Tolli Morthens en hann stendur að útgáfu bókarinnar Hugarró í samvinnu við bróður sinn Begga Morthens og Bónus. Bókin er skrifuð af Rob Nairn árið 1993 og fékk Tolli Árna Óskarsson til að þýða bókina á íslensku. Tolli kynntist bókinni í Skotlandi þar sem hann lærði og iðkaði búddisma. Málverk eftir Tolla prýða síður bókarinnar og að auki fylgir geisladiskur með hugleiðslutónlist eftir Begga.

„Bókin er sannkölluð veisla fyrir skilningarvitin og allt í hana lagt. Þetta er leiðbeiningabók í hugleiðsluaðferð sem kölluð er „mindfulness meditation“ eða núvitundarhugleiðsla, sem Rob Nairn þróaði úr búddismanum,“ útskýrir Tolli. „Rob Nairn er prófessor í afbrotasálfræði við háskólann í Suður-Afríku og byggir aðferðin á heilbrigðri skynsemi, án skírskotunar til trúar,“ bætir hann við.

Bókin hefur verið þýdd á fjölda tungumála frá því hún kom út, þar á meðal á málin afrikaans og shona. Sjálfur hefur Rob Nairn ferðast víða um heim og haldið fyrirlestra um búddisma, meðal annars hér á Íslandi.

Áhugi Tolla á búddisma kviknaði fyrir nokkrum árum og á síðasta ári fóru bræðurnir Tolli og Beggi í pílagrímsferð til Tíbets. Þar gengu þeir meðal annars kringum hið heilaga fjall Kailas. Eftir þá ferð opnaði Beggi verslunina Kailas í Hafnarfirði með andlega tengdar vörur en sjálfur stofnaði Tolli útgáfufyrirtækið Stríðsmenn andans sem gefur Hugarró út. „Planið er að gefa út eina bók á ári, vegvísa í andlegum efnum,“ segir Tolli og bætir við að það hafi reynst honum auðvelt að tileinka sér búddisma. „Ég hef tilheyrt svokölluðu 12-sporakerfi í 17 ár og búddismi snýst að miklu leyti um það sama; að vera í tengingu við núið. Það er dagurinn í dag sem skiptir máli.“

Útgáfu bókarinnar verður fagnað með opnu húsi á vinnustofu Tolla að Héðinsgötu 2 í dag milli klukkan 17 og 19.

**heida@frettabladid.is**

## Merkisatburðir 28. október

**1449** Kristján I er krýndur konungur Danmerkur.
**1533** Hinrik II Frakkakonungur giftist Katrínu af Medici.
**1618** Ævintýramaðurinn Sir Walter Raleigh er hálshöggvinn fyrir samsæri gegn Jakobi I.
**1848** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð eftir gagngerar endurbætur.
**1981** Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá er tekin í notkun. Virkjunin er 210 megawött.
**1987** Þáttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali hjá Hemma Gunn, hefur göngu sína í Sjónvarpinu.



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýnt hafa okkur einstakan hlýhug, vináttu og stuðning við andlát og útför okkar ástkæru*

**Jónu Steinunnar Patriciu Conway (Pattý),**

Skjólvangi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Helgi og fjölskylda.**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Konráðs Ragnarssonar**

frá Hellissandi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Jaðars í Ólafsvík og starfsfólki Sjúkrahússins á Akranesi fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Þórný Axelsdóttir**
**Ragnar Konráðsson** **Aðalheiður Aðalsteinsdóttir**
**Bylgja Konráðsdóttir** **Jónas Kristófersson**
**Gylfi Freyr Konráðsson** **Rakel Sveinsdóttir**
**börn og barnabörn.**



**LÍFLEG DAGSKRÁ** Þórdís lofar fjölbreyttri dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Börn í Hörpunni

Í tilefni 60 ára afmælis Tónmenntakennarafélags Íslands verður hátíðardagskrá tónlistar í Norðurljósasal Hörpunnar í dag klukkan 16. Tónlistarhópar úr fimmtán grunnskólum af landinu koma fram með fjölbreytt tónlistaratriði.

„Dagskráin verður afar fjölbreytt,“ segir Þórdís Sævarsdóttir, formaður Tónmenntakennarafélags Íslands. „Krakkarnir flytja meðal annars bítlalög, popplög, bæði gömul og ný og barnalög. Kórar og hljómsveitir munu koma fram og einnig verður einsöngur, samspil og íslensk þjóðlög. Þarna verður tónlistin í sinni víðustu mynd.“ Tónmenntakennarafélag Íslands hefur vaxið jafnt og þétt síðustu áratugi. Í dag eru félagar í kringum 270 víða af landinu.

„Í dag á að vera tónmenntakennsla í öllum grunnskólum landsins og staðan er góð. Aðstaðan hefur batnað og það er metnaður skólanna að bjóða góða tónlistarkennslu. Enda hefur það sannað sig að það verður skemmtilegri bragur á skólalífinu og lifandi samfélag þar sem kennd er tónmennt,“ segir Þórdís.

Dagskráin hefst í dag klukkan 16. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en frítt fyrir 16 ára og yngri.

**- rat**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Óli Tynes Jónsson**

fréttamaður,
Hamrahlíð 23, Reykjavík,

lést aðfaranótt 27. október á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Vilborg Halldórsdóttir**
**Jón Gunnar Ólason**
**Jón Þór Ólason**
**og barnabörn.**

**Ómissandi bók fyrir alla foreldra**

# Hollráð Hugos

## slær í gegn

## 1. sæti

## á handbókalista Eymundsson






**„Komdu, ég þarf að hlusta á þig."**
Þessi áhrifaríka en einfalda setning er lýsandi fyrir þessa frábæru bók.

Sálfræðingurinn Hugo Þórisson er mörgum að góðu kunnur en hann hefur starfað að bættum samskiptum barna og foreldra í yfir 30 ár.

**„Hér er bók sem vísar okkur veginn til þess uppeldis sem kemur börnum best og þau munu í framtíð meta sem dýrmætt veganesti."**

*Vigdís Finnbogadóttir*

**„Frábær bók sem hentar öllum foreldrum hvar sem þeir eru staddir í uppeldishlutverkinu."**

*Haraldur Freyr Gíslason,*
*formaður félags leikskólakennara*

Salka

**Kíktu á salka.is**
**Skipholti 50c • 105 Reykjavík**

**„Ef skammir dygðu væru ekki til óþekk börn."**
úr Hollráð Hugos

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** stynja, **6.** tveir eins, **8.** tunnu, **9.** skilaboð, **11.** í röð, **12.** vaxa, **14.** gleði, **16.** númer, **17.** orlof, **18.** umhyggja, **20.** til, **21.** faðmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** tveir eins, **4.** skjalla, **5.** í viðbót, **7.** umbylta, **10.** fornafn, **13.** útdeildi, **15.** hlið, **16.** bjargbrún, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mása, **6.** uu, **8.** ámu, **9.** sms, **11.** ík, **12.** stíga, **14.** unaðs, **16.** nr, **17.** frí, **18.** önn, **20.** að, **21.** fang.
**LÓÐRÉTT: 1.** fuss, **3.** áá, **4.** smjaðra, **5.** auk, **7.** umturna, **10.** sín, **13.** gaf, **15.** síða, **16.** nöf, **19.** nn.


Helgarblað
alla laugardaga



Sömu kattaraugun og kinnbeinin

Leikkonurnar Margrét Helga Jóhannsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir hafa tvisvar birst sem sama manneskjan á mismunandi aldursskeiðum á þessu ári, annars vegar í leiksýningunni Hreinsun og hins vegar í kvikmyndinni Eldfjalli.




Meðal annars efnis:

Ítalska ólíkindatólið
Mario Balotelli, hinn hæfileikaríki leikmaður Manchester City, hefur einstakt lag á því að koma sér í fréttir.




Allt sem þú þarft


# Starfstilboð frá einræðisherra

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Sama dag og heiminum birtust myndir af blóði drifnu líki fallins einræðisherra Líbíu barst mér starfstilboð úr herbúðum annars ónefnds einræðisherra. Við leigupennar erum vanir verkefnum af hinum ýmsu stærðum og gerðum. En hvort sem verklýsingin kveður á um fágað auglýsingaslagorð fyrir hægðalyf eða innblásinn bæklingatexta fyrir bókhaldsfyrirtæki eiga þessi verkefni ávallt eitt sameiginlegt: Launin eru tómt klink. Í umræddum einræðisherra virtist ég hins vegar loks hafa fundið mann sem mat textasmíð að verðleikum. Tilboð sendiboða hans hljómaði sem tónlist – eða öllu heldur fagurlega samið örljóð – í eyrum mér: „Nefndu upphæð og hún verður samþykkt.“

**ÉG** hafði hins vegar ekki fyrr opnað kampavínsflösku í huganum en efasemdir létu á sér kræla. Orsaka þeirra var að leita í fréttum frá Líbíu. Að Gaddafi öllum tók hið nýskipaða Þjóðarráð að skyggnast inn í hallir föllnu valdaættarinnar. Auk vitnisburðar um öfgakenndan munað leiðtogans fannst þar mikið af skjölum. Nokkur hafa orðið yfirvöldum á Vesturlöndum, einkum þó í Bretlandi, ástæða til að fara hjá sér. Í vikunni birti breska blaðið The Times einkar vandræðaleg bréf til Gaddafi frá Tony Blair annars vegar og Karli Bretaprins hins vegar. Þar er forhertur harðstjórinn sem myrti pólitíska andstæðinga sína með köldu blóði ausinn lofi og honum þökkuð góð störf á sviði mannúðarmála.

**VAFALÍTIÐ** hefur þeim Blair og Karli þótt tilgangurinn helga meðalið er þeir reru að því öllum árum að tryggja Bretum viðskiptasamninga í Líbíu og aðgang að olíulindum landsins. Með sömu nálgun reyndi ég að sannfæra sjálfa mig um að það fælist engin hræsni í því af lýðræðissinna að þiggja starf af einræðisherra. Þótt skrif mín yrðu ýtarlega ritskoðuð var verkefnið verðugt; þótt ég hefði litla tryggingu fyrir að þau yrðu ekki notuð í áróðursskyni myndu þau kannski koma munaðarlausum börnum til góða; þótt ég ynni fyrir einræðisherra þýddi það ekki að ég ætti hlutdeild í kúgun hans. En allt kom fyrir ekki.

**NÓG** er um móralska bresti í fari þeirra sem þykjast talsmenn frelsis, lýðræðis og mannréttinda. Sjálfskipaður ambassador þessara gilda, Bandaríkin, fer nú um heiminn drepandi andstæðinga á borð við Bin Laden og Anwar Awlaki í stað þess að sækja þá til saka samkvæmt lýðræðislegum leikreglum. Lýðræðisgrunnur Líbíu hefur veikst til muna reynist fréttir sannar um að Gaddafi hafi verið tekinn af lífi eftir að hann var handsamaður. Eina vopnið sem bítur í baráttunni fyrir lýðræði er hegðun sem er til eftirbreytni. Jafnvel þótt hún kosti auman leigupenna arðvænlegasta gigg starfsferilsins.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




elite
FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK
Elite á Íslandi opnar innan skamms nýjan skóla sem verður miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð. Skólinn mun bjóða upp á frábæra aðstöðu og fyrsta flokks nám undir leiðsögn færustu sérfræðinga í sínu fagi. Rík áhersla verður lögð á samvinnu á milli deilda og að nemendur vinni að raunverulegum og lifandi verkefnum.
SNYRTIFRÆÐINÁM HJÁ ELITE FASHION ACADEMY
Snyrtifræðinámið er með viðurkenningu frá Menntamálaráðuneytinu og er því lánshæft hjá LÍN. Námið tekur eitt ár og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn snyrtiskólans hefst í lok nóvember 2011. Áhugasamir um nám í snyrtifræði sendi umsóknir sínar til marta@elitemodel.is. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 571 5151.
NÁMSLEIÐIR Í BOÐI:
• Módelnámskeið
• Förðunarnámskeið
• Stílistanámskeið
• Tískuljósmyndun
• Naglaskóli
• Heilsa og næring
• Snyrtifræði
Við erum á facebook
elitefashionacademy
TÍSKA - HEILSA - FEGURÐ

**!** **KRUMMI KRUNKAR ÚTI** Borgarbókasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu býður upp á dagskrá um krumma fyrir eldri börn leikskóla og yngstu börn grunnskóla sunnudaginn 30. október klukkan 15. Dagskráin er í umsjón Báru Grímsdóttur og Chris Foster með söng og hljóðfæraleik í máli og myndum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# Heilsteyptar og gjöfular persónur Tsjekhovs

**Kirsuberjagarðurinn eftir Anton Tsjekhov verður frumsýndur í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar í Borgarleikhúsinu í kvöld. Leikritið hefur lifnað við á sviði í rúm hundrað ár og er af mörgum talið eitt besta leikverk allra tíma.**

Sigrún Edda Björnsdóttir fer með burðarhlutverk í Kirsuberjagarðinum sem Ljúbov Ranévskaja, eigandi óðalssetursins. Frumsýning á þessu síðasta og mest leikna verki Antons Tsjekhov fer fram í kvöld í Borgarleikhúsinu.

Verkið segir frá tveimur ólíkum kynslóðum. Sú nýja hefur tekið við af hinni eldri, sem þráast við að opna augun fyrir yfirvofandi breytingum.

Sigrún segir hlutverkið vera sér mikla áskorun og að flestar leikkonur vilji túlka þessa margbrotnu persónu á ferli sínum.

„Ljúbov er fædd og uppalin á þessu óðalssetri og er mjög efnuð. Hún giftist manni sem dó bókstaflega úr kampavíni og í kjölfarið missir hún son sinn. Í stað þess að horfast í augu við raunveruleikann hleypur hún á brott frá dætrum sínum með nýjum elskhuga. Hún eyðir öllum fjölskylduauðnum í einskis verða hluti á skömmum tíma og veðsetur kirsuberjagarðinn, sem stendur fyrir fegurðina, ástina og lífshlaupið.“

> Eina lausnin sem getur komið henni til bjargar er að höggva niður kirsuberjagarðinn og byggja sumarbústaði.
>
> **SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR** LEIKKONA

„Fimm árum síðar snýr hún aftur og þá er kirsuberjagarðurinn á barmi gjaldþrots. Eina lausnin sem getur komið henni til bjargar er að höggva niður kirsuberjagarðinn og byggja sumarbústaði. Sú hugmynd kemur frá hinum nýríka Lopakhín.“

Margir telja Kirsuberjagarðinn eitt besta leikrit allra tíma og segir Sigrún ástæðuna geta verið fólgna í því hve sterkt leikritið tali til okkar.

„Ástin og von um betra líf, sem er bæði sammannlegt, er ríkjandi í verkinu. Þrátt fyrir að allt gangi á afturfótunum halda allir í þessa von og eru í sífelldri leit að ástinni. Á þann veg höfðar leikritið til okkar.“

Á leikferli sínum hefur Sigrún túlkað Nínu í Mávinum, Sonju í Vanja frænda og Soffíu í Platonof.

„Ég hef verið mjög lánsöm að fá að glíma oft við Tsjekhov því hann er kannski sá höfundur sem marga leikara dreymir um að túlka. Persónurnar hans eru svo heilsteyptar og gjöfular.“

Leikstjórn Kirsuberjagarðsins er í höndum Hilmis Snæs Guðnasonar. Sigrún er mjög hrifin af vinnubrögðum hans en áður hefur hann leikstýrt henni í Degi vonar og Fjölskyldunni, sem báðar nutu mikilla vinsælda.

„Hann nær að búa til andrúmsloft sem býður af sér sköpun.“

**hallfridur@frettabladid.is**



**VON UM BETRA LÍF** Sigrún Edda Björnsdóttir segir leikritið höfða til nútímans vegna hinnar sammannlegu ástar og vonar um betra líf, sem er ríkjandi í þessu mest leikna stórvirki Tsjekhovs.

## AÐSTANDENDUR SÝNINGARINNAR

**Leikstjórn:** Hilmir Snær Guðnason **Þýðing:** Árni Kristjánsson **Leikmynd og búningar:** Halla Gunnarsdóttir **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson **Tónlistarstjórn:** Sigtryggur Baldursson **Leikarar:** Sigrún Edda Björnsdóttir, Birgitta Birgisdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Rúnar Freyr Gíslason, Guðjón Davíð Karlsson, Theodór Júlíusson, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Valur Freyr Einarsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Hallgrímur Ólafsson og Pétur Einarsson.

# Brúður henta Laxdælu vel

„Hugmyndin að uppfærslunni fæddist í raun út frá því að okkur þykir mikilvægt að halda þessum sögum lifandi frá kynslóð til kynslóðar. Þær eru grunnurinn að menningu okkar og kannski værum við ekki sjálfstæð þjóð ef við hefðum ekki skrifað þessar sögur,“ segir Hallveig Thorlacius brúðuleikari, sem ásamt kollega sínum Helgu Arnalds og fleirum hefur veg og vanda af myndrænu sýningunni Kjartan eða Bolli? sem byggir á Laxdælu. Sýningin verður frumsýnd í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 29. október klukkan 17. Í framhaldinu verða sýningar á virkum dögum fyrir elstu bekki grunnskóla en almenningi gefst kostur á að sjá sýninguna í tvær helgar.

Sagan er sögð frá sjónarhorni Guðrúnar Ósvífursdóttur, með áherslu á ástarþríhyrninginn fræga milli hennar, Kjartans og Bolla. Sýningin er hluti af Laxdæluþrennu, þar sem samtímis eru að verða til brúðuleiksýningar í Finnlandi og Noregi sem byggja á Laxdælu. Til stendur að halda þjár Laxdælu-hátíðir með öllum sýningunum í hverju landi.

„Brúðuleikhús hentar mjög vel til að koma sögunni áleiðis,“ segir Hallveig og bætir við að á þann hátt sé mögulegt að leika sér mikið með söguna. „Til dæmis notum við ýmis brögð til að setja drauma Guðrúnar á svið. Sýningin er ætluð elstu bekkjum grunnskóla og upp úr.“ **- kg**



**KJARTAN EÐA BOLLI?** Brúðuleikararnir Helga Arnalds og Hallveig Thorlacius vekja Laxdælu til lífsins í Kúlunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










"Ungbarnanudd er frábær leið til að tengjast barninu sínu og bókin er bæði fallegur og fræðandi leiðarvísir um hvernig á að bera sig að. Ég mæli hiklaust með henni fyrir foreldra."
-Katrín Jakobsdóttir-

Þessari glæsilegu bók er ætlað að kenna aðferðir til að nálgast barnið þitt, tengjast því og örva snertiskynið með nuddi. Höfundur bókarinnar, Dilla, hefur 20 ára reynslu af ungbarnanuddi og setur sitt persónulega mark á leiðbeiningarnar sem allar eru sýndar á skýran og einfaldan hátt með gullfallegum litmyndum Heiðu ljósmyndara (www.heida.is). Sá kærleikur sem þú lærir að miðla í gegnum hendurnar með ungbarnanuddi er kær leikur sem setur mark sitt á barnið þitt til lífstíðar. Því vilja höfundar bókarinnar fyrst og fremst miðla til þín. Eigðu kærleiksríkar nuddstundir með barninu þínu. **Falleg gjöf handa öllum foreldrum.**

Tindur
Bókaútgáfa



„Ekki hægt að loka þessari bók.“

DER SPIEGEL

Þeir sem kynnast Herbjörgu gleyma henni aldrei!

Fríðleikssnótin, partíljónið og ólíkindatólið liggur ein og yfirgefin í bílskúr í Reykjavík með dauðans krumlu á öxlinni. Hvernig endaði hún þar?






„Í Herbjörgu Maríu hefur höfundurinn skapað stórfenglega kvenpersónu.“
Peter Zimmermann, Ö1 ORF Hörfunk

„Yndislega klikkuð skáldsaga.“
Jutta Persson, Süddeutsche Zeitung

Meistaralega skrifuð og ískrandi húmorísk skáldsaga eftir Hallgrím Helgason

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Tinni og Kolbeinn í Tölvulandi

The Adventures of Tintin ★★★

**Leikstjórn:** Steven Spielberg
**Leikarar:** Jamie Bell, Andy Serkis, Simon Pegg, Nick Frost, Daniel Craig

Belgíski blaðasnápurinn Tinni er mættur á hvíta tjaldið í öllu sínu tölvuteiknaða veldi og það er sjálfur Steven Spielberg sem kom honum þangað. Í samvinnu við Peter Jackson hefur hann blandað saman söguþráðum nokkurra Tinnabóka og gert úr þeim kvikmynd sem er mikið sjónarspil. Þrívíddarteikningarnar eru svo glæsilegar í allri sinni nákvæmni að myndin lítur nánast út eins og leikin kvikmynd. Maður spyr sig samt í kjölfarið; eru þúsund þurrkaðir þorskhausar úr Þistilfirði betri þegar þeir eru teiknaðir í tölvu?

Myndin er fagmannlega framreidd fjölskylduskemmtun og útlitslega vankanta er hvergi að finna. Aðdáendur Tinna eru þó vísir til að verða spældir með eitt og annað. Ég man til dæmis ekki eftir því að Kolbeinn kafteinn hafi verið svona mikill vælukjói í bókunum. Hér er hann aumkunarverður komplexa-alki, í stað reiða og síbölvandi drykkjusvelgsins sem við þekkjum flest. Löng hasaratriði



þar sem myndavélin fer um allt og þyngdaraflið gleymist um stund þykja vissulega móðins, en að hafa slík atriði í kvikmynd um Tinna passar illa. Gömlu sögurnar lögðu ávallt áherslu á hið dularfulla og hættulega, frekar en yfirkeyrðan hasar og bílaeltingaleiki.

Hið dularfulla og hættulega er þó blessunarlega enn til staðar. Menn eru skotnir, slegnir, stungnir og svæfðir með klóróformi, alveg eins og í bókunum góðu. En eins og með aðrar seinni tíma ævintýramyndir Spielbergs er Tinni einfaldlega of stílhreinn og sterílll til að heilla fólk á sama máta og Indiana Jones gerði á níunda áratugnum og Júragarðurinn á þeim tíunda.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ágætis fjölskyldufjör en Spielberg þarf að ydda blýantinn betur næst.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 28. október**

### Tónleikar

**12.00** Hádegistónleikar í Víðistaðakirkju með Margréti Árnadóttur söngkonu. Áslaug Bergsteinsdóttir spilar á píanó og orgel og Baldvin Eyjólfsson á gítar. Miðaverð er kr. 1.000. Gestir greiða kr. 1.500 fyrir tónleika og súpu.



**17.30** Fyrstu tónleikarnir í Undiröldunni, nýrri tónleikaröð Hörpu í samstarfi við 12 Tóna, fara fram í Kaldalóni í Hörpu. **Sykur** og Just Another Snake Cult stíga á stokk. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**20.00** Björk Guðmundsdóttir heldur tónleika í Silfurbergi í Hörpu. Miðaverð er kr. 9.900 í stæði. Uppselt er í sæti.

**21.00** Hljómsveitin Trums með Richard Scobie í fararbroddi spilar á tónleikum á Gauki á Stöng. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Jussanam og Andrés Þór leika brasilíska tóna á Café Haiti. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitin The Validators frá Englandi heldur tónleika á Faktorý. Einnig koma fram FiveBellies, Taugadeildin og Fræbbblarnir. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin 1860 kemur fram á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 1.000.

### Leiklist

**20.00** Íslenski gamansöngleikurinn Hrekkjusvín er sýndur í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 3.990.

**20.00** Sýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Einleikurinn Blótgoðar, uppistand um heiðingja, er sýndur í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 3.500.

**21.00** Gaflaraleikhúsið frumsýnir endurbætta útgáfu af hinum sprenghlægilega einleik Dagbók Önnu Knúts - Helförin mín eftir Önnu Svövu Knútsdóttur leikkonu og Gunnar B. Guðmundsson leikstjóra.

### Opnanir

**17.00** Hvít jól, jólasýning Hönnunarsafns Íslands, verður opnuð í dag. Sýningarstjóri er Ólöf Jakobína Ernudóttir. Allir velkomnir.

**20.30** Sýningin Að heiman og heim, á lokaverkefnum sex austfirskra listaháskólanema opnar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Allir velkomnir.

### Fundir

**08.30** Opinn fundur Vistbyggðarráðs á Kexi Hosteli á Skúlagötu 28. Allir velkomnir.

### Sýningar

**20.00** Völuspá – A Nordic Food Expedition er samstarfsverkefni leikhússins Republique í Kaupmannahöfn, Norræna hússins og veitingastaðarins Dill og byggist bæði á textum Völuspár og norrænni matarmenningu. Viðburðurinn fer fram í Norræna húsinu og er miðaverð kr. 19.000.

### Tónlist

**22.00** Dj Bjarni töframaður spilar tónlist á Barböru.

**22.00** Dalton heldur tónleika á Hressó. Dj Fúsi þeytir skífum að tónleikunum loknum.

**22.00** Dj Bogi og Dj Hlynur Mastermix stjórna tónlistinni á Esju.

**22.00** Dj Árni Sveins þeytir skífum á Bakkusi.

**23.00** Dj KGB spilar tónlist af skífum á Kaffibarnum.

**23.30** Dj Gísli Galdur þeytir skífum á Prikinu.

### Fyrirlestrar

**12.00** Gunnsteinn Ólafsson heldur hádegisfyrirlesturinn Listin að vera Liszt við tónlistardeild LHÍ í Sölvhóli í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins Franz Liszt. Allir velkomnir.

### Samkoma

**09.30** Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug kl. 9.30. Listasmiðjan á Korpúlfsstöðum opnar kl. 13.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**DÁLEIDDIR** Meðlimir Coldplay prófuðu að spila dáleiddir þegar þeir voru að semja lög fyrir nýjustu plötuna sína.

# Coldplay var dáleidd

**Coldplay-liðar, sem voru að gefa út nýja plötu, hafa viðurkennt að þeir hafi reynt að semja fyrir nýju plötuna í dáleiðslu. Þetta kom fram í spjalli BBC við bassaleikarann Guy Berryman. Platan, Mylo Xyloto, hefur fengið misjafnar viðtökur og fékk meðal annars eingöngu tvær stjörnur í Poppinu, fylgiriti Fréttablaðsins.**

**Berryman segir hins vegar að dáleiðslan hafi haft lítil sem engin áhrif á þá. „Þú færð tíu hugmyndir og það er kannski bara ein sem virkar," segir Berryman. Upptökustjórinn á nýju plötunni var Brian Eno. Hann er þekktur fyrir óhefðbundnar leiðir til að fá hljómsveitir til að gera eitthvað nýtt og Berryman segir að það hafi hentað þeim mjög vel. „Við erum óhræddir við tilraunastarfsemi. Eno kom með vin sinn og við spiluðum dáleiddir en það skilaði engu."**



**LÁGVAXNARI** Ethan Coen er lágvaxnari Coen-bróðirinn en hann hefur skrifað þrjá einþáttunga sem verða frumsýndir í New York 16. nóvember.

# Coen skrifar einþáttunga

**Ethan Coen, annar úr Coen-tvíeykinu, hefur skrifað röð einþáttunga sem settir verða upp í New York í næsta mánuði. Verkin þrjú kallast því skemmtilega nafni „Gleðistundin" eða Happy Hour en það er leiklistarhópurinn Atlantic Theater Group sem setur verkin upp. Þetta er í þriðja sinn sem röð einþáttunga eftir Ethan verður sett á svið en Happy Hour verður frumsýndur 16. nóvember.**

**Coen, sem er hvað þekktastur fyrir kvikmyndagerð sína með bróður sínum, var nýlega í samstarfi við Woody Allen og Elaine May en hvert þeirra skrifaði einn einþáttung sem settir voru saman upp í Brooks Atkinson-leikhúsinu á Broadway í haust.**

# Yrsa Sigurðardóttir heillar Þjóðverja

„Við erum í skýjunum yfir þeim viðtökum sem nýjasta bók Yrsu hefur fengið í Þýskalandi. Nú er bara að sjá hvernig Ég man þig spjarar sig í öðrum löndum," segir Pétur Már Ólafsson, bókaútgefandi í Veröld.

Í gærmorgun höfðu 53.346 eintök selst af bók Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, í Þýskalandi. Bókin situr í 24. sæti á metsölulistanum yfir kiljur og hefur verið á listanum í sex vikur samfleytt. Hæst fór bókin í 23. sæti listans. „Þetta er langbesta byrjun Yrsu í Þýskalandi. Viðtökurnar hafa verið frábærar," segir Pétur Már enn fremur.

Viðbrögð fjölmiðla hafa sömuleiðis verið jákvæð. Tímaritið Bücher sagði að Ég man þig væri „eitt af meistaraverkum spennubókmenntanna" og Main Echo sagði að sagan væri „hörkuspennandi og frábærlega tvinnuð saman". Þá staðhæfir Frankfurter Rundschau að Yrsa sé ein þriggja mikilvægustu kvenglæpasagnahöfunda samtímans.

Ég man þig kemur á næstunni út í Noregi, þá í Póllandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og síðan koll af kolli. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur Sigurjón Sighvatsson tryggt sér réttinn til að kvikmynda söguna. Aðdáendur Yrsu á Íslandi fá svo nýja bók eftir hana um miðjan nóvember. Sú kallast Brakið og þar er Þóra lögmaður aftur til umfjöllunar.

- hdm

**VINSÆL Í ÞÝSKALANDI** Yrsa Sigurðardóttir nýtur sívaxandi vinsælda í Þýskalandi. Yfir 50 þúsund eintök hafa selst af nýjustu bók hennar þar í landi.
MYND/SIGURJÓN RAGNAR







**TÍSKUPAR** Þau Arnar Gauti Sverrisson og Jóhanna Pálsdóttir opna Elite Fashion Academy í næsta mánuði en skólinn býður upp nám tengt fegurð, tísku og heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Arnar Gauti og Jóhanna opna tískuskóla í Ármúla

**Jóhanna Pálsdóttir og Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjórar Elite á Íslandi, opna nýjan tískuskóla, Elite Fashion Academy, í lok nóvember. Skólinn hyggst bjóða upp á nám í öllu sem tengist tísku, fegurð og heilsu.**

„Við teljum að skóli á borð við þennan eigi vel heima hér á Íslandi og gefi ferskan blæ inn í þennan geira,“ segir Jóhanna Pálsdóttir um skólann Elite Fashion Academy sem opnar í lok nóvember.

### Lánshæft hjá LÍN

Eins og nafnið gefur til kynna ætlar skólinn að bjóða upp á nám í öllu sem tengist tísku, heilsu og úliti en skólanum er skipt niður í þrjár brautir. Tísku Akademía verður með fyrirsætunámskeið, stílistanám, förðunarnámskeið og námskeið í tískuljósmyndun. Snyrti Akademía kennir snyrtifræði til undirbúnings undir sveinspróf og rekur naglaskóla, en sú braut hefur fengið viðurkenningu frá menntamálaráðuneytinu og námið því lánshæft hjá LÍN. Þriðja brautin er svo Heilsu Akademía, þar sem boðið verður upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra um heilsu og næringu.

### Kenna líka viðskiptafræði

„Við höfum fengið færasta fólkið í bransanum til liðs við okkur og stefnum á að láta allar brautirnar vinna náið saman. Þetta eru greinar sem tengjast mikið þegar út á atvinnumarkaðinn er komið,“ segir Jóhanna en í skólanum verður einnig farið yfir viðskiptafræði og áhersla lögð á að nemendur séu reiðubúnir til að hefja störf að námi loknu.

„Verðið á náminu er misjafnt eftir námskeiðum en sem dæmi má taka að fyrirsætunámskeiðin eiga eftir að kosta á bilinu 20-30 þúsund en verðið á námi í förðunarskólanum verður rúmlega 300 þúsund krónur,“ segir Jóhanna og bætir við að í skólanum verði ekki eingöngu kennsla fyrir þá sem stefna á að vinna í faginu heldur verður líka boðið upp á styttri námskeið fyrir áhugasama.

> Við höfum fengið til liðs við okkur innanhússarkitektinn Hallgrím Friðgeirsson, sem vinnur náið með Arnari Gauta við að hanna húsnæðið með þarfir nemenda í huga.
>
> **JÓHANNA PÁLSDÓTTIR,** ANNAR FRAMKVÆMDASTJÓRI ELITE Á ÍSLANDI

### Arnar hannar húsnæðið

Jóhanna og Arnar Gauti tóku við stjórn Elite á Íslandi í lok sumars og hafa síðan unnið hörðum höndum að opnun skólans. Þau hafa fengið húsnæði í Ármúlanum og vinna nú að hönnun skólans sem verður með nútímalegum blæ. „Við höfum fengið til liðs við okkur innanhússarkitektinn Hallgrím Friðgeirsson, sem vinnur náið með Arnari Gauta við að hanna húsnæðið með þarfir nemenda í huga,“ segir Jóhanna, sem er spennt fyrir því að takast á við þessa áskorun og lofar því að skólinn verði alltaf fullur af lífi og fagmennskan þar í fyrirrúmi.

**alfrun@frettabladid.is**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÆVINTÝRI TINNA
FRÁ STEVEN SPIELBERG OG PETER JACKSON
VARIETY 90/100 - BOXOFFICE MAGAZINE 90/100 - ROTTEN TOMATOES 89% midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D LÚXUS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 8 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 10.15 | 14 |
| MIDNIHGT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE THING | KL. 10 | 16 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
15.000 MANNS Á AÐEINS 11 DÖGUM
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA - 3D | 5(950 kr) og 8 |
| ÆVINTÝRI TINNA - 2D | 5(700 kr) |
| THE THING | 8 og 10.15 |
| BORGRÍKI | 6, 8 og 10.15 |
| ÞÓR - 2D | 4(750 kr) - ISL TAL |
| KILLER ELITE | 10.15 |

SAMBÍÓIN
The Help
Myndin sem allir eru að tala um sem óvæntasta smell ársins
Byggð á metsölubókinni Húshjálpin eftir Kathryn Stockett
ÆVINTÝRI TINNA
90/100 - VARIETY
90/100 - ROTTEN TOMATOES
THE THREE MUSKETEERS
FRÁBÆR TÓNLIST MÖGNUÐ DANSATRIÐI
Footloose
Glænýtt ævintýri um bangsann sem allir elska
Bangsímon
ÞÓR
10.000 manns á aðeins 7 dögum

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA M/ Ensku Tali | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE HELP kl. (10:30 MömmuMorgnar) - 5 - 8 - 10:50 | | 2D | L |
| THE HELP Luxus VIP | kl. 6:20 - 9:20 | 2D | VIP |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 10 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 4 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HELP | kl. 6 - 9 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA M/ Ensku Tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| BORGRÍKI | kl. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA | kl. 3:10 - 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | L |
| HELP | kl. 6 - 9. | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS Forsýning | kl. 10:30 | 2D | L |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR ísl tali | kl. 3:10 - 5:40 | 3D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 - 10:30 | 3D | L |
| BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 4 | 2D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3:10 - 5:40 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE HELP | kl. 6 - 9 | 2D | 7 |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| CONTAGION | kl. 5:50 | 2D | 12 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 4 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA | kl. 5:30 - 8 | 3D | 7 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| BANGSÍMON m/ísl.tali | kl. 6 | 2D | L |
| BORGRÍKI m/ísl.tali | kl. 8 | 2D | 14 |
| KILLER ELITE | kl. 10 | 2D | 16 |

SAMbio.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó
ÆVINTÝRI TINNA — 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér — SÝND KL 5 — 700 KR Í 2D
FYRSTA ÍSLENSKA TEIKNIMYNDIN Í FULLRI LENGD OG 3-D — ÞÓR — ATH 750 KR. — SÝND KL 4
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
FÖSTUDAGUR: KÍNA OPNUN: SACRIFICE 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:30 ■ ICELAND VOLCANO 18:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:20 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ JODOROWSKY: SANTA SANGRE 20:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR! Ódýrara í bíó með aðgangskortum!
KÍNVERSKIR KVIKMYNDADAGAR
SANTA SANGRE



LEYNDARDÓMUR
EINHYRNINGSINS
ÆVINTÝRI
TINNA
★ LEYNDARDÓMUR EINHYRNINGSINS ★
Hver snertir mig?
Ekki er það vasaþjófur... Tinni!
Nei, fimmtán hundruð...
VILTU VINNA MIÐA?
SMS LEIKUR
FRUMSÝND UM ALLT LAND Í DAG!
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL TINNI Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/TINNI
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKA - KEFLAVÍK - SELFOSS
sena

# sport

sport@frettabladid.is



**BJÖRN BERGMANN** virðist vera afar eftirsóttur þessa dagana en hann var í gær orðaður við ensku úrvalsdeildarfélögin Fulham og Bolton. Björn hefur slegið í gegn hjá Lilleström í Noregi og frammistaða hans vekur athygli víða.



**STERKUR** Ólafur Gústafsson var góður í liði FH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meistararnir unnu í Mosó:

## FH mátti hafa fyrir sigrinum

**HANDBOLTI** FH sigraði í gær Aftureldingu, 29-26, í sjöttu umferð N-1 deildar karla í handknattleik, en leikurinn fór fram að Varmá í Mosfellsbæ. FH-ingar byrjuðu leikinn gríðarlega vel og náðu strax góðu forskoti. Heimamenn gáfust aldrei upp en þegar upp var staðið var munurinn of mikill.

„Þetta var virkilega erfiður sigur,“ sagði Kristján Arason, annar þjálfari FH, eftir leikinn í gær. „Við vissum að við værum að mæta virkilega baráttuglöðu liði sem væri erfitt að vinna bug á. Þetta var aldrei öruggt þrátt fyrir að hafa leitt allan leikinn.“

„Við misstum FH-ingana allt of langt frá okkur í byrjun. Það er allt of dýrt á móti svona góðu liði eins og FH,“ sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Aftureldingar, eftir tapið í gær. **- sáp**

# Meistararnir minntu rækilega á sig

**Íslandsmeistarar KR voru fyrstir til þess að leggja Stjörnuna í gær. Eftir hörmulegan fyrsta leikhluta snéru KR-ingar taflinu við og unnu góðan sigur. Stjarnan réð illa við að hafa Jovan Zdravevski meiddan og gat hann lítið beitt sér. Meistararnir sýndu í þessum leik að þeir verða með í baráttunni í allan vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Heimamenn sýndu frábær tilþrif í fyrsta leikhluta og leiddu með fjórtán stigum að honum loknum. Lykilmenn KR-inga voru komnir í villuvandræði og fátt sem benti til þess að gestirnir ættu eitthvert erindi í spræka heimamenn.

„Þetta leit rosalega vel út í byrjun en það kemur alltaf að því að andstæðingurinn stöðvar „runið“. Þeir gerðu það og á sama tíma missum við okkar besta mann útaf [Jovan Zdravevski] og það var sjokk fyrir okkur,“ sagði Teitur Örlygsson þjálfari Stjörnunnar.

Stjörnumenn skoruðu aðeins níu stig í öðrum leikhluta. Innkoma táninganna í liði KR, Martins Hermannssonar (17 ára) og Kristófers Acox (18 ára), hafði mikið að segja. Barátta þeirra og ákveðni smitaði út frá sér til liðsfélaganna og höfðu gestirnir eins stigs forystu í hálfleik.

„Við stigum upp og frábært að sjá bekkinn koma inn og spila þennan frábæra varnarleik stóran hluta annars leikhluta. Við héldum þeim í níu stigum og að gera það þegar fólk er ennþá ansi ferskt er þrekvirki,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, sem var þó fyrstur til að viðurkenna að miklu hefði munað um fjarveru Jovans í liði andstæðinganna.

Í síðari hálfleiknum héldu gestunum engin bönd og sigurinn var aldrei í hættu. Miklu munaði um framlag KR-inganna sem komu af bekknum og dreifðust stigin nokkuð bróðurlega á milli gestanna.

„Við spiluðum gríðarlega sterka vörn og þeir tóku alltaf erfið skot. Þetta voru þrír leikhlutar sem við áttum klárlega,“ sagði Hreggviður Magnússon í leikslok. Hann var ánægður með ungu strákana í liðinu.

„Á síðasta ári vorum við með marga reynda leikmenn og spiluðum mikið á þeim. Í ár eru margir yngri leikmenn að stíga upp eins og Martin og Kristó. Þeir eiga eftir að sýna góða takta í allan vetur. Ég hef mikla trú á þeim,“ sagði Hreggviður.

Stjörnumenn mega svo sannarlega hafa áhyggjur ef marka má viðsnúninginn sem varð á leik þeirra við það að missa Jovan. Teitur var óviss um hversu alvarleg meiðsli hans væru.

„Við vitum það ekki ennþá. Hann æfði ekkert síðustu daga en var ákveðinn í að spila í dag. Þetta er bara það mikill sársauki í ilinni á honum að hann gat ekki haldið áfram. Eins og hann leit vel út fyrstu mínúturnar,“ sagði Teitur.

Martin Hermannsson fann sig vel í leikstjórnandahlutverkinu hjá KR í gærkvöldi og geislaði af sjálfsöryggi þrátt fyrir ungan aldur.

„Þetta er strákur sem þekkir ekkert annað en að vera ábyrgur fyrir því að vinna körfuboltaleiki. Hann sér enga ástæðu til að breyta því eitthvað núna. Þar er uppeldinu að þakka, bæði heima fyrir og á æfingavellinum,“ sagði Hrafn en Martin er sonur Hermanns Haukssonar, fyrrum landsliðsmanns í körfubolta. **- ktd**



**GRIMMUR** Emil Þór Jóhannsson, leikmaður KR, sækir hér að Jovan Zdravevski sem gat lítið beitt sér vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Haukar unnu sex marka sigur, 34-28, á Val og hafa nú unnið fjóra leiki í röð í N1-deild karla:

## Okkar besti sóknarleikur það sem af er vetri

**HANDBOLTI** Haukar fögnuðu sínum fjórða sigri í röð í gær þegar þeir unnu sex marka sigur á Valsmönnum, 34-28, í 6. umferð N1-deildar karla í handbolta.

Haukar náðu fjögurra marka forskoti í fyrri hálfleik og Valsmenn náðu aldrei að vinna þann mun að fullu upp þó að þeim hafi tekist að minnka muninn í eitt mark undir lokin.

Valsmenn minnkuðu muninn í 29-28 þegar rúmar fjórar mínútur voru eftir en Haukar skoruðu fimm síðustu mörkin í leiknum.

„Mér fannst sóknarleikurinn vera mjög góður. Tjörvi var að stýra þessu vel og menn nýttu færin ágætlega. Þær áherslur sem við vorum með fyrir leikinn virkuðu vel,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, kátur eftir leikinn enda eru hans menn á fínni siglingu.



**STERKIR** Haukar voru öflugir í gær og fögnuðu sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er besti sóknarleikurinn sem við höfum spilað í vetur en við höfum spilað betur varnarlega. Við þurfum að fá þennan stöðugleika inn og spila bæði vel í vörn og sókn. Ég er ánægður með hvern sigur sem við fáum því þetta verður gríðarlega jafn vetur,“ sagði Aron.

„Við vorum í miklum vandræðum varnarlega. Ég var ánægður með að við komum aftur inn í leikinn og ég hefði viljað fá meira út úr leiknum í lokin,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, en viðurkenndi að staðan væri ekki góð enda hafa Valsmenn aðeins náð í eitt stig í síðustu fjórum leikjum.

„Við vorum skrefinu á eftir Haukunum í kvöld en við áttum að vinna fyrir norðan og áttum líka að taka tvö stig á móti Gróttu. Þetta er dýrt en við verðum bara að halda áfram. Það er samt einfalt mál að við þurfum að ná í punkta ef við ætlum að fara í úrslitakeppnina,“ sagði Óskar Bjarni. **- óój**




Fram lenti í óvæntu basli gegn Gróttu á Nesinu:

## Gróttumenn bitu frá sér

**HANDBOLTI** Fram vann í gær fimm marka sigur á Gróttu, 28-23, eftir að hafa verið á kafla sex mörkum undir í fyrri hálfleik.

„Við vorum slakir fyrstu tíu mínúturnar í leiknum en við náðum okkur á strik eftir það. Mér fannst við spila virkilega vel í 50 mínútur og þá sérstaklega í vörninni,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram.

Nýliðarnir voru þó sprækir í upphafi leiksins og þjálfari þeirra, Guðfinnur Kristmannsson, var ánægður með margt. „Góðu kaflarnir eru að lengjast hjá okkur en við erum sjálfum okkur verstir. Við gefum leikinn í raun frá okkur,“ sagði hann.



Sebastian Alexandersson átti frábæra innkomu í mark Framara og varði til að mynda fjögur víti. Hjá Gróttu átti Þorgrímur Ólafsson stórleik og skoraði mörg glæsileg mörk. **- esá**

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**Haukar - Valur 34-28**
Mörk Hauka (skot): Gylfi Gylfason 9/2 (10/2), Tjörvi Þorgeirsson 8 (13), Stefán Freyr Sigurmannsson 6 (10), Heimir Óli Heimisson 4 (4), Freyr Brynjarsson 4 (5), Nemanja Malovich 2 (6), Sigurður Guðjónsson 1 (1),
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 12 (32/3, 38%), Birkir Ívar Guðmundsson 3/1 (11/2, 27%),
Hraðaupphlaup: 5 (Gylfi 3, Tjörvi 1, Freyr 1).
Fiskuð víti: 1 ( Heimir 2)
Utan vallar: 10 mínútur.
Mörk Vals (skot): Sturla Ásgeirsson 9/4 (12/5), Anton Rúnarsson 8 (13), Orri Freyr Gíslason 5 (6), Atli Már Báruson 2 (2), Finnur Ingi Stefánsson 2 (4), Agnar Smári Jónsson 1 (2), Magnús Einarsson 1 (3), Gunnar Kristinn Þórsson (1), Einar Örn Guðmundsson (1),
Varin skot: Hlynur Morthens 7 (31/2, 23%), Ingvar K. Guðmundsson 3 (12, 25%).
Hraðaupphlaup: 2 (Sturla 1, Orri 1 )
Fiskuð víti: 2 (Sturla 1, Orri 1, Magnús Einarsson )
Utan vallar: 8 mínútur.

**Grótta - Fram 23-28**
Mörk Gróttu (skot): Þorgrímur Smári Ólafsson 9/1 (17/2), Benedikt Kristinsson 4 (7), Jóhann Jóhannsson 3 (8/1), Ólafur Ólafsson 2/1 (2/1), Friðgeir Elí Jónasson 2 (6/1), Árni Benedikt Árnason 2 (6/1), Davíð Örn Hlöðversson 1 (1).
Varin skot: Lárus Helgi Ólafsson 20/1 (45/4, 44%), Magnús Sigmundsson 1 (4/1, 25%),
Hraðaupphlaup: 6 (Benedikt 3, Þorgrímur 1, Jóhann 1, Árni 1 )
Fiskuð víti: 6 (Þorgrímur 2, Benedikt 1, Hjálmar 2, Ágúst 1)
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk Fram (skot): Einar Rafn Eiðsson 7/1 (12/1), Halldór Jóhann Sigfússon 6/3 (9/4), Ingimundur Ingimundarson 4 (6), Sigurður Eggertsson 4 (7), Róbert Aron Hostert 3 (11), Matthías Daðason 2 (2), Ægir Jónsson 2 (5), Garðar Sigurjónsson (1),
Varin skot: Sebastian Alexandersson 14/4 (28/5, 50%), Magnús Erlendsson 2 (11/1, 18%),
Hraðaupphlaup: 6 (Einar 2, Ingimundur 2, Matthías 2 )
Fiskuð víti: 2 (Einar 1, Ingimundur 1, Ægir 1, Sigfús 1 )
Utan vallar: 10 mínútur.

**Afturelding - FH 26-29**
Mörk Aftureldingar(skot): Jóhann Jóhannsson 6/1 (9/1), Böðvar Ásgeirsson 6 (17), Sverrir Hermannsson 5 (15), Þrándur Gíslason 3 (6), Hilmar Stefánsson 2 (2), Jón Andri Helgason 2 (3), Einar Héðinsson 1 (1), Daníel Jónsson 1 (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 18/1 (47/3, 38%),
Hraðaupphlaup: 6 (Jóhann 2, Hilmar 2, Böðvar 1, Daníel 1 )
Fiskuð víti: 1 ( Helgi 1)
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk FH (skot): Örn Ingi Bjarkason 9 (11), Ólafur Gústafsson 6 (10), Ari Magnús Þorgeirsson 4 (6), Andri Berg Haraldsson 4 (9/1), Atli Steinþórsson 2 (2), Baldvin Þorsteinsson 2/2 (3/2), Hjalti Þór Pálmason 1 (5), Þorkell Magnússon 1 (5),
Varin skot: Daníel F. Andrésson 21 (47/1, 45%),
Hraðaupphlaup: 7 (Ari 3, Ólafur 2, Örn 1 , Atli 1)
Fiskuð víti: 2 ( Ari, Atli )
Utan vallar: 4 mínútur.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **6** | **5** | **0** | **1** | **162-140** | **10** |
| Fram | 6 | 5 | 0 | 1 | 156-145 | 10 |
| **FH** | **6** | **4** | **1** | **1** | **166-150** | **9** |
| HK | 5 | 3 | 1 | 1 | 137-124 | 7 |
| **Valur** | **6** | **1** | **2** | **3** | **145-148** | **4** |
| Akureyri | 5 | 1 | 1 | 3 | 124-122 | 3 |
| **Afturelding** | **6** | **1** | **0** | **5** | **134-162** | **2** |
| Grótta | 6 | 0 | 1 | 5 | 134-191 | 1 |

### Iceland Express-deild karla

**Stjarnan - KR 76-84**
Stjarnan: Justin Shouse 22, Marvin Valdimarsson 15, Guðjón Lárusson 11, Keith Cothran 11/9 fráköst, Fannar Freyr Helgason 8, Jovan Zdravevski 7, Sigurjón Örn Lárusson 2.
KR: Edward Lee Horton Jr. 21, David Tairu 16/9 fráköst, Hreggviður Magnússon 13, Skarphéðinn Freyr Ingason 11, Martin Hermannsson 9, Jón Orri Kristjánsson 4, Finnur Atli Magnússon 4, Ólafur Ægisson 3, Kristófer Acox 2, Emil Jóhannsson 1.

**Njarðvík - Þór 75-90**
Njarðvík: Cameron Echols 21, Elvar Már Friðriksson 18, Travis Holmes 13/13 fráköst, Rúnar Ingi Erlingsson 8, Styrmir Gauti Fjeldsted 4, Maciej Stanislav Baginski 4, Oddur Birnir Pétursson 3, Hjörtur Hrafn Einarsson 2, Ólafur Helgi Jónsson 2.
Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 29, Michael Ringgold 14/11 frák., Guðmundur Jónsson 14/10 frák., Darri Hilmars. 13, Marko Latinovic 7, Grétar Erlends. 7, Þorsteinn Ragnars. 5, Emil Einars. 1.

**ÍR - Snæfell 85-80**
ÍR: Nemanja Sovic 26, Ellert Arnarson 17, Níels Dungal 14/14 frák., Williard Johnson 11., Eiríkur Önundarson 9, Kristinn Jónas. 6, Hjalti Friðriks. 2.
Snæfell: Quincy Hankins-Cole 21/9 frák., Jón Ólafur Jónsson 15/11 fráköst, Pálmi Sigurgeirsson 11, Marquis Hall 10/10 frák./9 stoðs., Ólafur Torfas. 8, Hafþór Gunnars. 8, Sveinn Daviðs. 7.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **4** | **3** | **1** | **359-350** | **6** |
| Stjarnan | 4 | 3 | 1 | 366-321 | 6 |
| **Þór Þorl.** | **4** | **3** | **1** | **360-340** | **6** |
| Grindavík | 3 | 3 | 0 | 268-229 | 6 |
| **ÍR** | **4** | **2** | **2** | **359-369** | **4** |
| Snæfell | 4 | 2 | 2 | 372-359 | 4 |
| **Njarðvík** | **4** | **2** | **2** | **348-329** | **4** |
| Keflavík | 3 | 2 | 1 | 277-244 | 4 |
| **Fjölnir** | **3** | **1** | **2** | **274-293** | **2** |
| Tindastóll | 3 | 0 | 3 | 258-289 | 0 |
| **Haukar** | **3** | **0** | **3** | **248-289** | **0** |
| Valur | 3 | 0 | 3 | 221-298 | 0 |

Einar Ingi Hrafnsson meðal nítján leikmanna sem voru valdir í landsliðið:

# Munum nýta hvern dag mjög vel

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta, valdi í gær nítján leikmenn í æfingahóp landsliðsins. Hópurinn kemur saman á mánudaginn og mun æfa saman til föstudags.

Þrjá mikilvæga leikmenn vantar í liðið – Ólafur Stefánsson er meiddur og þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson gefa ekki kost á sér af fjölskylduástæðum.

Liðið leikur æfingaleik gegn úrvalsliði N1-deildar karla föstudagskvöldið 4. október en annars verður bara æft. „Við munum nýta tímann til að fara yfir okkar leikaðferðir, bæði í vörn og sókn. Við munum prófa ný afbrigði og rifja upp það sem hefur gengið vel,“ sagði Guðmundur og bætti við að liðið myndi einnig leggja áherslu á að æfa varnarleikinn sem hefur þjónað landsliðinu svo vel allt frá Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.

Einn þeirra sem voru valdir í hópinn nú er línumaðurinn Einar Ingi Hrafnsson, sem hefur verið að spila glimrandi vel með danska liðinu Mors-Thy.

„Ég er virkilega ánægður með að fá tækifærið núna. Ég hef verið með á æfingum nokkrum sinnum áður og ég mun gera mitt allra besta,“ sagði Einar Ingi, en hann segir að dvölin í Danmörku hafi reynst honum sérstaklega vel.

„Þetta hefur verið vonum framar og er búið að ganga frábærlega. Þetta var virkilega gott skref á mínum ferli,“ bætti hann við. - esá



**EINAR INGI** Hér í leik með HK í N1-deildinni.

## Æfingahópurinn

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Haukum |
| Björgvin Páll Gústavsson | Magdeburg |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | Nötteröy |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Alexander Petersson | Fücshe Berlin |
| Arnór Atlason | AG Köbenhavn |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | H-Burgdorf |
| Einar Ingi Hrafnsson | Mors Thy |
| Ingimundur Ingimundarson | Fram |
| Kári Kristján Kristjánsson | Wetzlar |
| Oddur Gretarsson | Akureyri |
| Ólafur Guðmundsson | Nordsjælland |
| Róbert Gunnarsson | Rhein-Neckar Löwen |
| Rúnar Kárason | Bergische |
| Sigurbergur Sveinsson | RTV 1879 Basel |
| Snorri Steinn Guðjónsson | AG Köbenhavn |
| Sturla Ásgeirsson | Val |
| Vignir Svavarsson | Hannover-Burgdorf |
| Þórir Ólafsson | Targi Kielce |


# Málþing um aðalnámskrá leikskóla

Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga bjóða til málþings um nýja aðalnámskrá leikskóla.

**Haldin verða tvö málþing:**

Í Gullhömrum **í Reykjavík mánudaginn 7. nóvember 2011**

Á Hótel KEA **á Akureyri mánudaginn 14. nóvember 2011**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 08:30 | Húsið opnar |
| 08:50 | Tónlistaratriði |
| 09:00 | Setning, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra |
| 09:15-10:00 | Kynning á sameiginlegum hluta námskrárinnar, Sigurjón Mýrdal deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| 10:00-10:30 | Kaffihlé |
| 10:30-11:15 | Sérkenni aðalnámskrár leikskóla, grunnþættir og nýjungar, |
| | Anna M. Hreinsdóttir og Gunnhildur Sæmundsdóttir leikskólafulltrúar |
| 11:15-11:45 | Skólastefna sveitarfélaga , Björk Ólafsdóttir verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga |
| 11:45-12:00 | Sú var framtíðin, Haraldur F. Gíslason formaður Félags leikskólakennara |
| 12:00-13:00 | Hádegisverður |
| 13:00-15:00 | Skólanámskrárgerð með heimskaffiaðferðinni, stjórnandi Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri |
| 15:00-15:15 | Málþingsslit: Í Reykjavík: Guðríður Arnardóttir varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á Akureyri: Gunnar Gíslason fræðslustjóri Akureyri |

* Málþingsstjórar verða Björk Óttarsdóttir í Reykjavík og Helga María Þórarinsdóttir á Akureyri.

Allar nánari upplýsingar og skráningu er að finna á vef mennta og menningarmálaráðuneytis: www.menntamalaraduneyti.is

**Þátttökugjald er 3.500 kr.**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Félag leikskólakennara KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Félag stjórnenda leikskóla KENNARASAMBAND ÍSLANDS
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

> **Stöð 2 kl. 19.50**

## Spurningabomban

***Það verður líf og fjör hjá Loga Bergmanni í kvöld. Það eru tvö lið sem keppa í stórskemmtilegum spurningaleik þar sem allt er látið flakka. Að þessu sinni eru það stuðboltarnir Simmi og Jói sem mæta Önnu Svövu Knútsdóttur og Hugleiki Dagssyni.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HLÆR AÐ KLISJUM

# *Skyldur góðrar móður*



Ég sá mér til ánægju í fyrrakvöld að þættirnir The Middle eru aftur farnir að rúlla á skjánum. Þar er skopleg mynd dregin upp af hversdagslífi fimm manna fjölskyldu og eiga þættirnir talsvert skylt við raunveruleikann. Fyrir það fyrsta er alltaf drasl og þvottur út um allt hús, fötin sem þau ganga í þvæld og þvegin og mamman er með bauga undir augum. Hún er svolítið trekkt og tekur móðurhlutverkið alvarlega þrátt fyrir tímaskort. Sagan er sögð frá hennar bæjardyrum og einhvern veginn verður hún alltaf undir, pabbinn siglir nokkuð lygnan sjó. Í síðasta þætti voru keppnisleikir beggja unglinganna á sama tíma. Báðir foreldrarnir vildu fara á fótboltaleikinn sem var stórviðburður í bænum þar sem foreldrar leikmanna yrðu í sviðsljósinu og bollalögðu um hvernig þau gætu losnað undan víðavangshlaupi dótturinnar sem færi að mestu fram úr augsýn áhorfenda. Dóttirin gekk hins vegar út frá því sem gefnu að mamma myndi mæta á hennar fyrsta víðavangshlaup. Að sjálfsögðu, móðurleg skylda og allt það. Á endanum æxlaðist líka auðvitað allt á þann veginn að mamman missti af stórviðburðinum. Í sárabætur fékk hún þó staðfestingu á því að hún væri góð mamma og fór sátt í háttinn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Arabískar sönggyðjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.25 Otrabörnin** (30:41)
**17.50 Galdrakrakkar** (42:47) (Wizard of Waverly Place)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andri á flandri** (6:6) (Suðurnes og nágrenni) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Akureyri - Kópavogur) Spurningakeppni sveitarfélaga.
**21.20 Ástir og dans** (Love N' Dancing) Rómantísk mynd um heyrnarlausan sveifludansara sem verður meistari í greininni og leiða kennslukonu sem langar að sleppa fram af sér beislinu. Leikstjóri er Robert Iscove og meðal leikenda eru Amy Smart, Tom Malloy og Billy Zane. Bandarísk bíómynd frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.55 Undirheimar: Þróunin** (Underworld: Evolution) Ævintýramynd um vampírur og varúlfa, stríð á milli þeirra og ástir vampírudísar og varúlfs. Leikstjóri er Len Wiseman. Bandarísk bíómynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Undir hamrinum** (Kuckuckszeit) Þýsk sjónvarpsmynd frá 2007. Hjónin Claudia og Jens og börn þeirra tvö lifa þægilegu lífi í smábænum Barstedt. En svo lenda þau í kröggum, Jens veikist og Claudia reynir að bjarga fyrirtæki þeirra. Leikstjóri er Johannes Fabrick. (e)
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Bold and the Beautiful**
**08.50 Oprah**
**09.30 Doctors** (8:175)
**10.15 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4)
**11.05 Fairly Legal** (2:10)
**11.50 The Amazing Race** (10:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ghost Town**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Týnda kynslóðin** (11:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti.
**19.50 Spurningabomban** (5:9) Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir.
**20.45 The X Factor** (10:26) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða sönghópur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
**22.40 Observe and Report**
**00.05 Hannibal**
**02.15 The Wild Bunch**
**04.35 Me, Myself and Irene**

## SPORT *besta sætið*

**16.30 Enski deildarbikarinn: Wolves - Man. City**
**18.15 Spænski boltinn: Granada - Barcelona**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki.
**20.30 La Liga Report**
**21.00 F1: Föstudagur**
**21.30 UFC Live Events 124**
**05.25 Formúla 1 - Æfingar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Aston Villa - WBA**
**18.40 Newcastle - Wigan**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Newcastle - Liverpool, 1998**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Bolton - Sunderland**

## BÍÓ

**08.00 A Night at the Roxbury**
**10.00 Her Best Move**
**12.00 Gosi**
**14.00 A Night at the Roxbury**
**16.00 Her Best Move**
**18.00 Gosi**
**20.00 A Dog Year**
**22.00 Loverboy**
**00.00 Old School**
**02.00 Daddy's Little Girls**
**04.00 Loverboy**
**06.00 Twister**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (144:175)
**20.15 Chuck** (12:19)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Closer** (14:15)
**22.35 The Good Guys** (14:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Dan, og nútímalega lögreglumanninn, Jack. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.
**23.20 Breaking Bad** (1:13)
**00.10 Týnda kynslóðin** (11:40)
**00.40 Chuck** (12:19)
**01.25 The Doctors** (144:175)
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (7:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (7:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Being Erica** (10:12) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Parenthood** (10:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (21:50) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (47:50)
**20.00 Will & Grace - OPIÐ** (7:22) (e)
**20.25 According to Jim** (11:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.
**20.50 Mr. Sunshine** (11:13)
**21.15 HA?** (6:12)
**22.05 The Bachelorette** (11:12)
**23.35 Hæ Gosi** (5:8) (e)
**00.05 Tobba** (6:12) (e)
**00.35 30 Rock** (9:23) (e)
**01.00 Got To Dance** (9:21) (e)
**01.50 Got To Dance** (10:21) (e)
**02.15 Smash Cuts** (43:52)
**02.35 Judging Amy** (19:23) (e)
**03.20 Jimmy Kimmel** (e)
**04.05 Jimmy Kimmel** (e)
**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** CIMB Asia (1:4) **09.00** CIMB Asia (2:4) **12.00** PGA Tour - Highlights (38:45) **12.55** CIMB Asia (2:4) **15.55** Champions Tour - Highlights (21:25) **16.50** The Future is Now (1:1) **17.45** Ryder Cup Official Film 2010 **19.00** CIMB Asia (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

## N4

**18.15** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**10.50** Keeping Up Appearances **11.25** Fawlty Towers **11.55** ,Allo ,Allo! **12.20** ,Allo ,Allo! **12.45** Dalziel and Pascoe **13.35** Dalziel and Pascoe **14.25** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.50** Fawlty Towers **17.30** QI **18.00** QI **18.30** QI **19.00** QI **19.30** Live at the Apollo **20.15** Live at the Apollo **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** QI **23.55** Live at the Apollo **00.40** Live at the Apollo

## DR 1

**10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Søren Ryge - næsten direkte **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Kasper & Lise **14.15** Hubert **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2011 **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.20** På skudhold **22.00** Big Momma's House 2 **04.00** Noddy

## NRK 1

**10.15** Førkveld **11.00** Nyheter **11.05** Viten om **11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.45** The Killers live fra Royal Albert Hall

## svt1

**11.30** Från Lark Rise till Candleford **12.30** Friday night dinner **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** George Clooney I spel och kärlek **21.50** Rika vänner **23.20** Rapport **23.25** True Blood **00.25** Rapport **00.30** Starke man **01.00** Livet som hund **01.45** Rapport **01.50** Doobidoo

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# 2.190 kr. á mán.

## Innifalið 1.000 kr. inneign í heilt ár

### Android á frábæru verði

ZTE Blade er ótrúlega vel búinn Android sími sem spilar DivX og Xvid, með GPS, Wi-Fi, og skilar þér leikjum og myndböndum á frábærum skjá. 2GB minniskort fylgir.

### 2.190 kr. á mánuði í 12 mánuði

Símanum fylgir einnig 1.000 kr. inneign í 12 mánuði.
2.190 kr. útborgun. Greiðslugjald er 325 kr./mán.

Staðgreiðsluverð: 28.470 kr.

siminn.is

Síminn

Gildir á meðan birgðir endast. Einungis eitt tilboð á símanúmer.

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Lagið Club Tropicana með Wham kemur mér í bilaðan föstudagsfíling. Myndbandið er líka sérstaklega gott. Hæfir sérstaklega vel með skærlitum kokkteilum og lífgar upp á grá vetrarkvöld í Vesturbænum.“*

Ingimar Eydal kvikmyndagerðarmaður.

# Dansaði inn kirkjugólfið við tóna Beyoncé

„Ég var búin að kvíða fyrir því að þurfa að ganga inn kirkjugólfið ein með pabba og þetta létti óneitanlega andrúmsloftið og minnkaði stressið,“ segir Íris Arnlaugsdóttir stjórnmálafræðingur, sem dansaði inn kirkjugólfið um síðustu helgi við lagið Single Ladies með Beyoncé.

Íris og eiginmaður hennar, Óskar Þór Lárusson stoðtækjasmiður, voru sammála um að þau vildu ekki hafa brúðkaupið hefðbundið. Að dansa inn í kirkjuna með grímu fyrir andlitinu ásamt foreldrum sínum, vinkonum og börnum var því liður í að hafa athöfnina óformlega.

„Ég fann skemmtilegt myndband á YouTube af pari að dansa inn kirkjugólfið og langaði til að gera eitthvað svipað,“ segir Íris og bætir við að vinkonur hennar hafi átt stóran þátt í skipulagningunni. „Aðalatriðið var að fá fólk til að brosa og hafa gaman sem tókst vel.“

Það er óhætt að fullyrða að lagið Single Ladies, sem flestir eru vanari að heyra á skemmtistöðum borgarinnar, sé óhefðbundið brúðkaupslag. Það á sér hins vegar sögu hjá parinu og þá sérstaklega setning í viðlaginu: „If you liked it then you shoulda put a ring on it.“

„Eins og gengur og gerist var ég búin að setja smá pressu á Óskar varðandi trúlofun og giftingu. Í hvert sinn sem þetta lag hljómaði í partýum vorum við vinkonurnar vanar að stríða honum aðeins með þessu.“

Íris fékk svo annað af tveimur bónorðum í brúðkaupi vinahjóna sinna fyrir ári. „Óskar skellti sér á skeljarnar á dansgólfinu, einmitt þegar Single Ladies var spilað, og bað mín með servíettuhring. Það var mjög fyndið en ég fékk svo alvöru hring og bónorð stuttu síðar.“ **- áp**



**FAGNAÐARLÆTI** Hér sést Íris dansa inn kirkjugólfið með föður sínum við mikinn fögnuð brúðkaupsgesta.






**STEVE-O:** LÍFSNAUÐSYNLEGT AÐ HÆTTA AÐ DREKKA OG DÓPA

# Man lítið sem ekkert eftir síðustu heimsókn til Íslands

„Þetta var eiginlega aldrei spurning um hvað ég vildi, þetta var bara spurning upp á líf eða dauða,“ segir áhættuleikarinn og sprelligosinn Steve-O í samtali við Fréttablaðið.

Hann verður með sýningu í Háskólabíói hinn 9. nóvember næstkomandi en þessi furðulega samblanda af trúði og rokkstjörnu er hætt öllu óhollu líferni, svo sem áfengis- og eiturlyfjaneyslu. Hann er meira að segja orðinn grænmetisæta. Steve-O lofar engu að síður góðri sýningu sem sé þó meira í ætt við uppistand.

Steve-O hefur áður heimsótt Ísland, hann kom hingað fyrir tíu árum ásamt öðrum góðum félögum úr Jackass-liðinu og troðfyllti Háskólabíó nokkrum sinnum. Margir Íslendingar muna eftir þeirri heimsókn en hið sama verður ekki sagt um Steve-O. „Ég man mjög lítið eftir þessu, nánast ekki neitt fyrir utan að ég leitaði mjög lengi að eiturlyfjum og fann þau fyrir rest,“ segir Steve-O, sem var staddur í borginni Stoke-on-Trent í Englandi og var að reyna að bóka sig inn á hótel. „Það gengur eitthvað erfiðlega, þau segjast ekki vera með pöntunina mína. Ég er að reyna að ferðast einn en það gengur illa, ég held að ég þurfi alltaf að vera með barnapíu á ferðalögunum mínum,“ segir Steve-O um leið og talið berst aftur að fyrri Íslandsheimsókninni, sem virðist vera í töluverðri móðu. Hann rámar þó örlítið í þátttöku sína í stefnumótaþættinum Djúpu lauginni sem vakti mikla athygli á sínum tíma. Steve-O viðurkennir að sú frammistaða hafi ekki skilað honum neinum árangri með hinu kyninu.

Steve-O segir að hlutverk sitt sem skemmtikraftur hafi ekkert breyst þótt hann hafi hætt að drekka og dópa. „En að gera heimskulega hluti þegar maður var fullur eða uppdópaður var ekkert mál og það er því mikil áskorun fyrir mig að sýna að það var aldrei áfengið eða eiturlyfin sem keyrði mig áfram,“ segir Steve-O.

Áhættuleikarinn varð fyrir miklu áfalli á þessu ári þegar besti vinur hans, Ryan Dunn, lést í bílslysi. Hann tók það mjög nærri sér og segist enn þann dag í dag eiga erfitt með að meðtaka þá staðreynd að Dunn sé ekki lengur á meðal þeirra. „Ég trúi því varla ennþá að hann sé farinn. En ég veit að hann hefði viljað að við héldum áfram að gera það sem við gerum í dag, þannig höldum við minningu hans á lofti,“ segir Steve-O og kveður, væntanlega til að reyna koma sér inn á hótelið í Stoke sem fyrst. **freyrgigja@frettabladid.is**



**LEITAÐI AÐ EITURLYFJUM** Steve-O man lítið eftir síðustu heimsókn sinni til Íslands, annað en að hann kom fram í sjónvarpsþætti og leitaði mikið að eiturlyfjum. Sem hann fann fyrir rest. Hann hætti hins vegar öllu slíku fyrir þremur árum og er nú orðinn grænmetisæta. NORDICPHOTOS/GETTY

# The Doors rukkaði Stefán Mána

„Þetta er fyndið. Hefði ég verið með lag með Skítamóral hefði ég ekki þurft að borga neitt,“ segir rithöfundurinn Stefán Máni Sigþórsson.

Skipið, eftir Stefán Mána, kemur út í Ástralíu eftir áramót. Unnið er að útgáfunni þessa dagana, en þegar búið var að þýða bókina og fara yfir hana kom í ljós að Stefán þyrfti að punga út höfundarréttargjöldum ef bókin ætti að koma út. Vitnað er í texta úr laginu When the Music's Over með hljómsveitinni The Doors í enda bókarinnar og samkvæmt áströlskum lögum þarf að greiða fyrir það.

„Ég hef aldrei heyrt um þetta áður,“ segir Stefán og bætir við að gjöldin miðist við hversu vinsæl hljómsveitin er. Það má því gera ráð fyrir að hann hefði þurft að punga út sæmilegri upphæð fyrir að vitna í hljómsveit á borð við The Doors. Stefán gat valið milli þess að borga gjaldið sjálfur eða endurskrifa línurnar. Hann valdi seinni kostinn. „Ég skrifaði bara í kringum þetta,“ segir hann. „En mér fannst það ekki skemmtilegt, þetta er flottara eins og þetta er.“ **- afb**



**SKIPIÐ Í ÁSTRALÍU** Babb kom í bátinn þegar búið var að þýða Skipið eftir Stefán Mána á ensku fyrir ástralskan markað.


LEIKHÚSPERLA UM ÁSTIR, DRAUMA OG VONIR
ANTON TSJEKHOV
KIRSUBERJAGARÐURINN
Í LEIKSTJÓRN HILMIS SNÆS GUÐNASONAR
Frumsýnt í kvöld kl. 20 UPPSELT
fim. 3/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 4/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 9/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 10/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 11/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 16/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 18/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 19/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 23/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 27/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 1/12 kl. 20 örfá sæti
sun. 4/12 kl. 20 UPPSELT
happ
Pantaðu ljúffenga leikhúsmáltíð frá Happi hjá miðasölu Borgarleikhússins
ODDI
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þjóðleikhúsið til Moskvu

Leikhópur frá Þjóðleikhúsinu fer til Moskvu nú um helgina til að sýna barnaleikritið Sindra silfurfisk eftir Áslaugu Jónsdóttur. Verkið verður sýnt á barnaleikhúshátíð þar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem farið er með verkið út því boð á þessa hátíð barst eftir tvær leikferðir til Svíþjóðar. Hins vegar er þetta í fyrsta sinn sem Þjóðleikhúsið sýnir í Rússlandi. **Tinna Gunnlaugsdóttir** þjóðleikhússtjóri og Þórhallur Sigurðsson leikstjóri munu halda erindi og sitja fyrir svörum á hátíðinni auk þess sem höfundurinn Áslaug mun fjalla um sín verk.



### Einvígisbeiðni ekki svarað

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu koma út tvær bækur fyrir jólin sem tengjast beint einvígi Spasskís og Fischers 1972. Önnur er eftir metsöluhöfundinn **Arnald Indriðason** en hin eftir Óttar Martin Norðfjörð. Óttari fannst þetta náttúrlega skondin tilviljun enda ekki á hvers manns færi að leggja upp í einvígi við Arnald Indriðason. Honum fannst það skemmtileg tilhugsun að þeir Arnaldur myndu etja kappi í skák. Hins vegar hefur fyrirspurnum Óttars til Forlagsins ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og má því gera ráð fyrir að umrætt einvígi verði ekki háð.



- þeb, fgg

### Mest lesið vísir

1. Furðuljós sáust á lofti á nokkrum stöðum
2. Fæddi barn í miðjum listagjörningi í New York
3. Sérsveitin handtók þrjá menn með mikið af kókaíni í sumarbústað
4. Hótaði að skjóta þingmann í hnakkann
5. Dani fékk hálfan milljarð í lottóvinning




